FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

*Margir í fjárnámi í sumar*

Nám Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




NYLON Í VIÐTALI Í OK!

*Er spáð góðu gengi í Bretlandi*

Kærastarnir skildingsríkir

FÓLK 28




SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. júní 2006 — 164. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Lengsti afmælisdagur ársins

Stundum segist Lárus H. Bjarnason hafa fæðst þegar bjartast er yfir veröldinni á norðurhveli jarðar, en hann er fimmtugur í dag.



TÍMAMÓT 22

### Fjölmiðlar af einni rót

„Frá upphafi fjölmiðlamálsins svokallaða var mér ljóst að það snerist ekki að nokkru einasta leyti um eignarhald á fjölmiðlum,“ segir Ólafur Hannibalsson. „Það sem málið snerist um var að valdastéttin í landinu taldi sér ógnað með fjörlegri og ágengari fjölmiðlun en hér hafði tíðkast...“

Í DAG 20

### How do you like Iceland?



Í leikriti Benónýs Ægissonar er rýnt í íslenska þjóðarsál og ímyndir. Áhorfendur fá að kynnast meintum Íslandsvinum og Ingólfi Arnarsyni á alveg nýjan hátt.

MENNING 26

### Sinisa Kekic semur við Þrótt

Sinisa Valdimar Kekic hefur skrifað undir samning við 1. deildarfélagið Þrótt út árið 2007. Þróttur borgaði Grindvíkingum uppsett kaupverð fyrir Kekic, fimm milljónir íslenskra króna, sem kveðst fara stoltur frá Grindavík.



ÍÞRÓTTIR 24

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART Í BORGINNI** - Í dag verður hæg norðlæg átt og yfirleitt bjartviðri um sunnan og vestanvert landið. Hætt við lítilsháttar vætu allra austast. Hiti 7-18 stig, hlýjast til landsins suðvestan til.

VEÐUR 4

# Ólöglegar aðgerðir tefja millilandaflug

**Komi til aðgerða starfsfólks í Leifsstöð, en það er óánægt með kjör sín, verða tafir á flugi næsta sunnudag. Samtök atvinnulífsins segja aðgerðirnar ólöglegar.**

**LEIFSSTÖÐ** Starfsfólk hjá öllum deildum innan IGS, sem sér um þjónustustörf í flugstöð Leifs Eiríkssonar, ætlar að leggja niður störf milli klukkan fimm og átta næsta sunnudagsmorgun. Meðal þeirra sem taka þátt eru afgreiðslufólk í innritun, starfsmenn í eldhúsi og hlaðmenn, en tilgangurinn er að mótmæla bágum kjörum, slæmri aðstöðu og miklu álagi.

Miklar annir eru í flugstöðinni á þessum tíma og er hætt við að flugferðum verði frestað eða aflýst ef þátttaka í mótmælunum verður mikil. „Við erum að skoða málið,“ sagði Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS, en vildi ekki tjá sig um hvernig fyrirtækið ætlaði að bregðast við mótmælunum.

Samkvæmt starfsmanni fyrirtækisins er fólk orðið langþreytt á að reyna að fá kjör sín bætt eftir hefðbundnum leiðum og sér ekki annað fært í stöðunni en að leggja niður störf í þrjá tíma á sunnudagsinn. Fólk sé á lúsarlaunum undir miklu álagi og kjarasamningar hafi ekki breyst í tíu ár.

Í samtali við Ragnar Árnason, hjá Samtökum atvinnulífsins, sagði hann að klárlega væri um ólöglegar aðgerðir að ræða og litu samtökin þær alvarlegum augum. „Ef trúnaðarmenn stéttarfélaga taka þátt í boðun ólögmætrar vinnustöðvunar þá er stéttarfélagið sjálft ábyrgt og getur verið skaðabótaskylt. Við líðum ekki svona vinnubrögð og ef meiri háttar tjón hlýst af þessum aðgerðum verður skoðað hvort stéttarfélagið eða starfsmenn sjálfir séu bótaskyldir.“ Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, segir að verkalýðsfélagið styðji ekki mótmælin og líti á þau sem ólöglegt verkfall.

Fjölmiðlafulltrúi Icelandair sagði að fyrirtækið vonaðist til þess að úr þessum málum leystist áður en til vinnustöðvunar kæmi, en vildi að öðru leyti ekkert segja um málið. -sþs



**VILHJÁLMUR OG LAXINN** Laxveiði hófst um land allt í gærmorgun og lét Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sig ekki vanta og renndi fyrir laxi í Elliðaánum. Tókst honum að landa einni fjögurra punda hrygnu um hálftíu-leytið. Sérfræðingar Veiðimálastofnunar segjast bjartsýnir á góða laxveiði í sumar hvarvetna um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugverkasjóður Íslands:

## Baugur fjárfestir í tónlist

**VIÐSKIPTI** Baugur Group leggur á annað hundrað milljóna króna í nýjan sjóð þar sem samið hefur verið við ellefu íslenska tónlistarmenn um afnot af hugverkum þeirra. Þeirra á meðal eru Stefán Hilmarsson, Ragnhildur Gísladóttir og Jakob Magnússon.

Skrifað verður undir samninginn um stofnun Hugverkasjóðs Íslands í byrjun næstu viku, en sjóðurinn tekur jafnframt yfir samning Bubba Morthens við Sjóvá sem gengið var frá í fyrra.

Listamennirnir fá eingreiðslu úr sjóðnum í samræmi við höfundartekjur þeirra síðustu ár, en fá svo aftur yfirráð yfir hugverkum sínum þegar upphæðin sem þeir fengu greidda hefur skilað sér aftur í sjóðinn. - óká / Sjá Markaðinn

Fundur fulltrúa ASÍ:

## Svartsýni á fundi ASÍ

**KJARAMÁL** Helstu formenn landssambanda og stærstu aðildarfélaga ASÍ funduðu í gærkvöldi þar sem farið var yfir stöðu kjaramála í heild sinni. „Viðbrögð stjórnvalda gagnvart tillögum í skattamálum, vaxtabótum og barnabótum voru rædd,“ sagði Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, að loknum fundi.

Halldór segir að klukkan sé farin að tifa hjá stjórnvöldum. „Það þyrfti að koma myndarlegt framlag af hálfu stjórnvalda í skattapakkann til þess að kjarasamningar gangi upp, og það er ekki komið.“ Halldór segir að hljóðið sé þungt í mönnum, ekki síst vegna þess að ýmsar vísbendingar gefi mönnum lítið tilefni til bjartsýni um að samkomulag náist við ríkisstjórnina. „Við vitum ekkert hvenær frekari viðbragða er að vænta frá stjórnvöldum, boltinn er hjá ríkisstjórninni,“ segir Halldór. Á fundinum voru þess utan ræddar tillögur ASÍ og Samtaka atvinnulífsins um styrkingu vinnumarkaðarins sem kynntar voru stjórnvöldum í gær. - æþe / Sjá síðu 6






**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG


MARKAÐURINN

Hlutabréf Baugs rýrna um milljarða

Spænski boltinn á lausu

Samráðsfundur leiðtoga Bandaríkjanna og Evrópusambandsins í Vín í dag:

# Búist við miklum mótmælum

**AUSTURRÍKI, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti er kominn til Vínarborgar þar sem hann ætlar í dag að eiga fund með leiðtogum Evrópusambandsins. Í Vínarborg hefur verið gripið til viðamikilla öryggisráðstafana í tilefni fundarins, lögreglumenn taka sér stöðu á nánast hverju götuhorni og þyrlur fljúga stöðugt yfir miðborginni.

Umdeildar aðgerðir Bandaríkjanna í Írak og víðar varpa hins vegar dökkum skugga yfir fundinn. Ímynd Bandaríkjanna hefur beðið verulegan hnekki í Evrópu.

Þótt ekki þyki líklegt að Bush hafi mikið að segja á fundinum um mál af þessu tagi, þá eru þetta þau mál sem milljónum Evrópubúa finnst skipta öllu máli að krefja hann svara um. Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis sem nú gegnir formennskunni í ESB, hyggst ítreka hvatningu til Bush um að loka fangabúðunum við Guantanamo á Kúbu.

Sjálfur hyggst Bush hins vegar leggja mesta áherslu á að ræða kjarnorkuáform Írana. Einnig eru á dagskrá fundarins bragðdaufari mál á borð við kröfur um afnám styrkja til landbúnaðar og leit að úrræðum til þess að draga úr því hve Vesturlönd eru háð innflutningi á olíu og gasi. - gb




**GEGN BUSH** Mótmælendur hyggjast láta í sér heyra í Vínarborg í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## SPURNING DAGSINS

*Jóhannes, er útlenski þorskurinn betri en sá íslenski?*

„Er þetta ekki bara íslenskur þorskur sem hefur farið til útlanda?“

Verslanir Bónuss hófu nýverið að flytja inn og selja, þorsk frá Svíþjóð. Salan hefur gengið vel að sögn Bónusmanna. Jóhannes þekkir vel til hjá Bónusverslununum.

Dæmdur fyrir líkamsárás og ólögmæta frelsissskerðingu:

# Misþyrmdi mágkonu sinni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á höfuðborgarsvæðinu var dæmdur af Héraðsdómi Reykjaness í þriggja mánaða fangelsi og til greiðslu miskabóta og málskostnaðar upp á 450 þúsund krónur. Fangelsisdómurinn er skilorðsbundinn til tveggja ára.

Manninum var gefið að sök að hafa veist að mágkonu sinni í febrúar 2004, þar sem hún var stödd í námunda við dvalarstað hans. Hann dró hana inn til sín og hélt henni nauðugri í að minnsta kosti hálfa klukkustund. Meðan á frelsissviptinguni stóð reif hann af henni gleraugun, sló og sparkaði í hana, hrinti henni, reif í vinstri fót hennar og dró hana þannig eftir gólfinu. Hann reif af henni sokka og skó og sigaði á hana hundi. Konan hlaut talsverða áverka við misþyrmingarnar.




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Skilorðsbatt fangelsisdóminn til tveggja ára.

Maðurinn neitaði sök. Dómurinn taldi framburð konunnar mjög trúverðugan en að sama skapi framburð mannsins af atvikum fjarstæðukenndan og mjög ótrúverðugan. Framburður konunnar var því lagður til grundvallar úrlausn málsins, en með framburði hennar sem fékk stoð í framburði og vottorði læknis þótti, þrátt fyrir neitun mannsins, að fram væri komin lögfull sönnun fyrir athæfi mannsins. **- jss**

Dæmdur fyrir fíkniefnasmygl:

# Fjársekt og tvö ár í fangelsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi og sekt upp rúma milljón fyrir smygl á tæpum fimm kílóum af fíkniefnum.

Fíkniefnin voru flutt til landsins í bíl með Norrænu í desember í fyrra. Bílnum var ekið til Reykjavíkur þar sem maðurinn tók við honum og fjarlægði fíkniefnin úr drifskafti sem fest hafði verið við bílinn. Fíkniefnin fundust við leit tveim dögum síðar.

Héraðsdómi þótti sannað að maðurinn hefði staðið að innflutningnum í ágóðaskyni og fíkniefnin verið ætluð til sölu. **- sdg**

Færeyski togarinn á Eskifirði:

# Grunur um fiskveiðibrot

**LÖGREGLUMÁL** Rökstuddur grunur er um að færeyski togarinn Sancy, sem varðskipið Óðinn færði til hafnar á Eskifirði á mánudag, hafi gerst sekur um fiskveiðibrot að sögn Ingerar L. Jónsdóttur, sýslumanns á Eskifirði. Nokkur afli fannst í skipinu en það var ekki staðið að veiðum.

„Það er verið að vinna upplýsingar úr siglingatölvu af sérfræðingum í Reykjavík sem berast væntanlega á miðvikudag,“ sagði Inger.

Skipstjórinn var yfirheyrður í gær og verða fleiri úr áhöfninni yfirheyrðir í dag. Að sögn Ingerar hefur skipstjóri ekki gefið fullnægjandi skýringar á því af hverju skipið var statt innan íslenskrar efnahagslögsögu. Krafa um farbann áhafnarmeðlima meðan á rannsókn stendur var lögð fram hjá Héraðsdómi Austurlands í gærkvöld. **- sdg**

Charles Taylor:

# Dreginn fyrir dómstól í Haag

**SIERRA LEONE, AP** Charles Taylor, fyrrverandi forseti og stríðsherra í Líberíu, var í gær fluttur frá Sierra Leone til Belgíu, áleiðis til alþjóðlega sakamáladómstólinn í Haag í Hollandi þar sem hann mun svara til saka fyrir að hafa stutt með ráðum og dáð blóðuga baráttu uppreisnarmanna í Sierra Leone.



**CHARLES TAYLOR** Var fluttur frá Sierra Leone til Belgíu í gær.

Dómstóll í Sierra Leone fór fram á það við Alþjóðasakamáladómstólinn að hýsa réttarhöldin, þótt þau verði í umsjón dómara frá Sierra Leone. Óttast var að færu réttarhöldin fram í Afríku gætu þau ýtt undir ólgu heima fyrir. **- gb**

# Bilunin gæti kostað Alcan milljarða

**Fjárhagslegt tjón Alcan vegna rafmagnsbilunar í kerskála þrjú í álverinu í Straumsvík gæti numið milljörðum króna. Landsvirkjun tapar töluverðu vegna taps á raforkusölu. Mikið tjón en yfirstíganlegt, segir upplýsingafulltrúi Alcan.**

**ÁLVER** Tjónið sem varð í Álverinu í Straumsvík vegna bilunar í spennum í aðveitustöð álversins gæti numið milljörðum króna. Loka þurfti 160 kerjum vegna rafmagnsbilunar en ekki er vitað hvað olli biluninni. Bilunin kom upp í kerskála þrjú í fyrrakvöld og var framleiðsla stöðvuð í kerjunum í kjölfarið.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, segir mikið verk enn óunnið en viðbúið er að mat á tjóni geti tekið þrjá til fjóra mánuði. „Það þarf að fara nákvæmlega yfir kerin til þess að leggja mat á tjónið.“

Búist er við því að framleiðslutap Alcan vegna bilunarinnar verði um tuttugu þúsund tonn, en miðað við heimsmarkaðsverð á áli nemur það tæpum fjórum milljörðum króna. „Tjónið gæti numið milljörðum króna en það er ótímabært á þessari stundu að tjá sig um það hversu mikið framleiðslutapið verður. Þó viðbúið sé að framleiðslutapið nemi tuttugu þúsund tonnum þá er ekki hægt að sjá það nákvæmlega fyrir á þessu stigi hversu mikið tapið verður, þegar upp er staðið.“



**HRANNAR PÉTURSSON** Segir enn óljóst hversu miklu tjóni Alcan varð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKEMMDIR Í KERJUM** Mörg þeirra kerja sem notuð voru í kerskála þrjú eru ónýt og er útlit fyrir að endurnýja þurfi stóran hluta þeirra. Búist er við því að viðgerðarvinna taki fjóra mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir tap Landsvirkjunar vegna taps á raforkusölu vera umtalsvert, en söluverðið til Alcan hangir meðal annars saman við heimsmarkaðsverð á áli. „Það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvaða áhrif þetta hefur en engin spurning er að talsvert sölutap verður vegna raforkusölu,“ sagði Þorsteinn en lagði um leið á það áherslu að ekki væri enn komið í ljós hversu mikill skaðinn yrði. „Hafa ber í huga að fleiri en Landsvirkjun selja raforku til álversins. Ekki má heldur gleyma að full framleiðsla er enn í stærstum hluta þess en á þessu stigi er lítið hægt að meta afleiðingar bilunarinnar fyrir Landsvirkjun.“

Alcan Inc., fjölþjóðafyrirtækið sem álver Alcan í Straumsvík tilheyrir, sendi í gær frá sér fréttatilkynningu þar sem segir að líklega taki það fjóra mánuði að hefja framleiðslu að nýju í kerskála þrjú. Framleiðslutap Alcan í Straumsvík gæti numið tuttugu þúsund tonnum vegna bilunarinnar en það er innan við eitt prósent af heildarframleiðslu Alcan á ársgrundvelli.

Ekki er ljóst ennþá hvort Alcan sé tryggt fyrir öllum hluta þess tjóns sem fyrirtækið varð fyrir en að sögn Hrannars standa vonir til þess að svo sé. „Við vonum það besta en það er ennþá ómögulegt að meta það,“ sagði Hrannar.

**magnush@frettabladid.is**



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra vonast til að varnarmálum ljúki áður en herinn fer úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Geir og Jones á Þingvöllum:

# Skipta sér ekki af viðræðum

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra og James L. Jones, yfirhershöfðingi hjá Atlantshafsbandalaginu, funduðu í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum í gær en þar ræddu þeir meðal annars um varnarmál Íslands. Eftir fundinn sagði Jones hershöfðingi að bandalagið myndi ekki skipta sér af viðræðum Íslands og Bandaríkjanna nema önnur hvor þjóðin óskaði þess.

Næsti fundur Íslendinga og Bandaríkjamanna í varnarviðræðunum er 7. júlí og segir Geir Haarde að málið þurfi helst að klárast áður en Bandaríkjaher fer héðan í haust. **- sgj**

Bilun í álverinu í Straumsvík:

# Óveruleg áhrif á vöruskipti

**VIÐSKIPTI** Framleiðslugeta álversins í Straumsvík vegna bilunar í kjölfar rafmagnsleysis um helgina skerðist um fjórutíu prósent samkvæmt mati Kaupþings banka.

„Talið er að framleiðslutapið gæti hlaupið á allt að tuttugu þúsund tonnum af áli, en ef sú tala er sett í samhengi við heimsmarkaðsverð á áli gæti framleiðslutapið hlaupið á tæpum fjórum milljörðum króna,“ segir greiningardeild bankans og telur áhrif á vöruskipti við útlönd því ekki veigamikil. Álútflutningur var tuttugu prósent af heildarvöruútflutningi landsins í fyrra. **- óká**


**BÍLL DAGSINS**

**VOLKSWAGEN POLO**

Nýskr 12.05 - Beinskiptur - Ekinn 7 þús km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


Bandaríkjaher finnur tvo týnda hermenn aflífaða í Írak:

# Sagðir hafa verið afhöfðaðir

**ÍRAK, AP** Bandaríska herliðið í Írak fann í gær lík hermannanna tveggja sem lentu í höndum uppreisnarmanna fyrir helgi. Að sögn talsmanns íraska varnarmálaráðuneytisins voru mennirnir pyntaðir og „líflátnir á villimannslegan hátt“.

William Caldwell hershöfðingi greindi frá því að bandarískir hermenn hefðu fundið líkin á mánudagskvöld í grennd við bæinn Youssifiyah, en þar týndust þeir á föstudaginn.

Vegna gruns um að sprengjum hefði verið komið fyrir í líkunum tafðist það fram á gærdaginn að koma þeim í líkhús.

Al-Kaída liðar í Írak lýstu yfir ábyrgð á drápunum. Í yfirlýsingu sem birt var á Netinu var eftirmaður Abu Musam al-Zarqawis sagður hafa „slátrað“ hermönnunum. Af orðalaginu mátti ráða að þeir hefðu verið afhöfðaðir.



**FUNDNIR LÁTNIR** Abdul-Aziz Mohammed, hershöfðingi og talsmaður íraska varnarmálaráðuneytisins, tilkynnir um fund líkanna í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Með blessun Guðs almáttugs fullnægði Abu Hamza al-Muhajer dómi dómstóls Íslams,“ segir í yfirlýsingunni, en að því er Bandaríkjaher segist hafa fengið staðfest er al-Muhajer egypskur samherji al-Zarqawis, einnig þekktur undir nafninu Abu Ayyub al-Masri. Al-Zarqawi var drepinn í loftárás þann 7. júní síðastliðinn. **- aa**

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32658 05/2006

## Góður bíll - og grillið fylgir.

Sumarið er góður tími til að gleðja vini og fjölskyldu. Þess vegna fylgir öllum seldum Corolla einstaklega veglegur grillpakki að verðmæti 130 þús. krónur: Gæða Permasteel grill frá Byko, grillábreiða, 10 kg gaskútur, hágæða grilltangasett og 10 manna grillveisla frá Nóatúni. Allt þetta færðu samansett og sent heim til þín. Það gerist varla betra. Fagnaðu nýrri Corollu með grillveislu.

**Corolla er einn** vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

**Á endanum velur þú Corolla.**
Verð frá 1.909.000 kr.



**Grillpakki að verðmæti 130 þús. krónur:**
**Gæða Permasteel grill frá Byko, grill-ábreiða, 10 kg gaskútur, hágæða grilltangasett og 10 manna grillveisla frá Nóatúni.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 421-4888 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 |

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,65 | 75,01 |
| Sterlingspund | 137,48 | 138,14 |
| Evra | 93,77 | 94,29 |
| Dönsk króna | 12,57 | 12,65 |
| Norsk króna | 11,88 | 11,95 |
| Sænsk króna | 10,159 | 10,219 |
| Japanskt jen | 0,6481 | 0,6519 |
| SDR | 109,92 | 110,58 |

*Gengisvísitala krónunnar*

130,30

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leiga hækkar þrátt fyrir hjöðnun á almennum fasteignamarkaði:

# Eftirspurn umfram framboð

**HÚSNÆÐISMÁL** „Eftirspurn er talsvert umfram framboð eins og staðan er í dag og ekkert sem bendir til að það breytist á næstunni,“ segir Böðvar Reynisson, starfsmaður Leigulistans. Leiguverð hefur hækkað undanfarið á sama tíma og söluverð fasteigna hefur staðið í stað eða lækkað lítillega.

Finna má tveggja til þriggja herbergja eignir til leigu miðsvæðis í Reykjavík á allt að 150 þúsund krónur á mánuði þó algengara leiguverð sé um og yfir hundrað þúsund krónur. Fyrir utan stöku herbergi og íbúðir utan höfuðborgarsvæðisins er vart hægt að leigja íbúð undir 70 til 80 þúsund krónur á mánuði og við þá upphæð bætast iðulega tryggingar.



**MIKIL EFTIRSPURN** Leiga hefur hækkað undanfarið, segir Böðvar Reynisson hjá Leigulistanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Böðvar segir ekki marga hafa þol til að leigja íbúðir á meira en hundrað þúsund krónur en ódýrari eignir fari jafnan samdægurs. „Leiguverð hækkaði lengi vel hlutfallslega minna en almennt fasteignaverð og það skýrir að hluta hækkunina nú. Eftirspurnin er mikil og ég fæ ekki séð að hún fari minnkandi þó verð hækki enn meira. Hins vegar er ljóst að erfiðara verður fyrir fólk að leigja í framtíðinni ef ekki kemur til einhvers konar hærra mótframlag en nú fæst.“ Samkvæmt upplýsingum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur beiðnum um húsaleigubætur fjölgað talsvert. Nutu rúmlega 3.900 heimili húsaleigubóta í byrjun árs en hafði fjölgað í 4.600 heimili í lok apríl. - aöe

Hálendiskort á fimmtudag:

## Sprengisandur áfram lokaður

**FÆRÐ** Vegagerðin mun gefa út nýtt hálendiskort á fimmtudag. Þá verður búið að opna Dómadalsleið, frá Búrfelli í Landmannalaugar, og veginn frá Landmannalaugum yfir í Eldgjá.

Leiðin frá Skaftártungum yfir í Eldgjá hefur verið opin í um tvær vikur og einnig er búið að opna í Laka.

Á fimmtudag verður þokkalega fært í Öskju fyrir góða bíla og frá Herðubreiðarlindum yfir í Grímsvötn.

Sprengisandur verður lokaður út mánuðinn hið minnsta og Skagafjarðarleið og Eyjafjarðarleið verða lokaðar enn lengur. - sh

Smásöluvísitala fyrir maí:

## Einkaneyslan minnkar

**VÍSITALA** Enn jókst velta dagvöru bæði á föstu og hlaupandi verðlagi í maímánuði miðað við árið á undan.

Þegar leiðrétt hefur verið vegna dagatalsáhrifa, er tólf mánaða aukning á föstu verði svipuð og í síðasta mánuði eða 4,4 prósent í dagvöruverslun og 5,6 prósent í áfengisverslun. Þetta gefur til kynna, að sögn Hákons Heimis Sigurðssonar hjá Viðskiptaháskólanum við Bifröst, að vöxtur einkaneyslu sé að minnka. - æþe



**STRÍÐSMINNISMERKI Í S-KÓREU** S-Kórea samdi í gær við Japan um varnarsamstarf gegn N-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Viðbrögð Bandaríkjamanna:

## Gangsetja eldflaugakerfið

**JAPAN, AP** Bandaríski herinn hefur gangsett eldflaugakerfi sitt vegna gruns um að N-Kóreumenn ætli að gera tilraun með langdræga eldflaug. Samkvæmt bandarískum fjölmiðlum íhugar herinn að skjóta niður tilraunaskot N-Kóreumanna. Einnig setti bandaríski herinn á svið gríðarmikla „stríðsleiki“ á eyjunni Gvam í Kyrrahafinu í gær. Í fyrsta sinn síðan í seinni heimsstyrjöldinni mættust þar þrjú flugmóðurskip, um þrjátíu herskip, 280 flugvélar og 22 þúsund hermenn til að taka þátt í fimm daga allsherjar heræfingu.

Tilgangurinn er að þjálfa samstarf milli landgönguliða, flug- og sjóhers til að geta brugðist við hættum með hraði í þessum heimshluta. - kóþ

# Verðlag hæst en kaupmáttur með því mesta

**Samkvæmt nýjum útreikningum hagstofu Evrópusambandsins er verðlag langhæst á Íslandi af öllum löndum Evrópu. Þrátt fyrir það njóta Íslendingar fimmta mesta kaupmáttar allra þjóða álfunnar. Norðurlönd eru sem fyrr áberandi ofarlega.**

**EFNAHAGSMÁL** Verðlag er hvergi hærra í Evrópu en hér á landi, en Íslendingar eru þrátt fyrir það ein þeirra Evrópuþjóða sem njóta mests kaupmáttar. Þetta kemur fram í nýju tölfræðiefni frá Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.

Verðlag á Íslandi var á árinu 2005 51 prósentustigi yfir meðalverðlagi í hinum 25 aðildarríkjum Evrópusambandsins, samkvæmt árlegri könnun Eurostat og eins og vitnað er til á vef norsku hagstofunnar, SSB. Þar er tekið fram að fátt komi á óvart í niðurstöðunum að þessu sinni: Ísland og Noregur tróna efst á listanum yfir dýrustu lönd álfunnar, með Sviss og Danmörku skammt undan. „Þegar röðun þessara landa breytist innbyrðis milli ára eru það oft gengisbreytingar sem valda því.“

Sú gengisfelling sem orðið hefur á krónunni gagnvart evru á þessu ári hefur því væntanlega fært Ísland af toppi dýrtíðarlistans.

Löndin sem raða sér efst á verðlagslistann eru líka í efstu sætum á listanum yfir mesta kaupmáttinn. Það sýnir að hátt verðlag og há laun haldast oft í hendur.

Á Íslandi mælast 26 prósentum hærri þjóðartekjur á mann, að teknu tilliti til kaupmáttar, en að meðaltali í ESB-ríkjunum 25. Samkvæmt útreikningum Eurostat eru aðeins fjórar þjóðir í álfunni ríkari að meðaltali en Íslendingar: Lúxemborgarar tróna þar langefstir, með nærri tvisvar og hálfu sinni meiri tekjur á mann, með tilliti til kaupmáttarjöfnuðar, en meðal-ESB-borgarinn hefur. Norðmenn eru næstríkastir, en Írar eru í þriðja sæti á undan Svisslendingum. Danir eru næstir á eftir Íslendingum í sjötta sæti en Svíar koma nokkru neðar, í því ellefta, og Finnar í því tólfta.

Fyrrverandi Austantjaldslöndin raða sér í neðstu sætin.

Sá fyrirvari er settur á niðurstöðurnar að þær eru byggðar á misvel staðfestum tölfræðigögnum, en endanleg niðurstaða verður birt í skýrslu Eurostat í desember.

audunn@frettabladid.is



**DÝRAST Á ÍSLANDI** Verðlag á neytendavörum og þjónustu var hvergi hærra í Evrópu en hér á síðasta ári, samkvæmt samanburði Eurostat.

**RÍKUSTU LÖND EVRÓPU**

**Kaupmáttarjafnaðar þjóðartekjur á mann sem hlutfall af meðaltali í ESB (=100).**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Lúxemborg | 248 | 6. Danmörk | 124 | 11. Svíþjóð | 115 | ... | |
| 2. Noregur | 165 | 7. Holland | 123 | 12. Finnland | 112 | 31. Búlgaría | 32 |
| 3. Írland | 137 | 8. Austurríki | 123 | 13. Þýskaland | 110 | 32. Tyrkland | 31 |
| 4. Sviss | 128 | 9. Belgía | 118 | 14. Frakkland | 109 | 33. Makedónía | 26 |
| 5. Ísland | 126 | 10. Bretland | 115 | 15. Ítalía | 103 | | |

**DÝRUSTU LÖND EVRÓPU**

**Verðlag sem hlutfall af meðaltali í ESB (=100)**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Ísland | 151 | 5. Írland | 123 | 9. Lúxemborg | 107 | 32. Rúmenía | 53 |
| 2. Noregur | 144 | 6. Finnland | 122 | 10. Holland | 105 | 33. Búlgaría | 43 |
| 3. Sviss | 137 | 7. Svíþjóð | 121 | ... | | | |
| 4. Danmörk | 136 | 8. Frakkland | 109 | 31. Litháen | 55 | | |



**ÞORSTEINN PÉTURSSON LÖGREGLUMAÐUR** Hlýtur verðlaunin fyrir mikinn dugnað á sviði forvarnarmála.

Viðurkenning fyrir forvarnir:

## Þorsteinn fær verðlaunin í ár

**FORVARNIR** Íslensku forvarnaverðlaunin voru veitt í fyrsta skipti í dag, en verðlaunin eru samstarfsverkefni Landsbjargar, Sjóvá, Landspítala - háskólasjúkrahúss og Lýðheilsustöðvar. Fyrstur til að hljóta verðlaunin er Þorsteinn Pétursson, forvarna- og fræðslufulltrúi lögreglunnar á Akureyri, en hann þykir hafa sýnt af sér mikinn dugnað í forvarnarstarfi sínu á Akureyri.

Fyrir hönd félagasamtaka tók Kiwanisumdæmið Ísland - Færeyjar við verðlaununum og í flokki fyrirtækja hlaut Sæbjörgin – slysavarnaskóli sjómanna forvarnarverðlaunin í ár. - sþs

### BANDARÍKIN

**Rather frá CBS** Dan Rather, einn kunnasti sjónvarpsfréttamaður Bandaríkjanna, hefur nú sagt endanlega skilið við CBS-stöðina eftir 44 ár. Hann var látinn hætta fréttalestri í fyrra vegna deilu um frétt sem var um feril George W. Bush forseta í hernum, en hún reyndist reist á vafasömum heimildum. Rather er 74 ára en segist ekki sestur í helgan stein.


afrit.is

- Afritun á hvers konar gögnum
- Einfalt viðmót og uppsetning
- Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- Ókeypis aðgangur í 30 daga
- Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- Vöktun allan sólarhringinn
- Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr

afrit.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SUÐURLAND AÐ KOMA INN**

Það er dyggð að skipta bróðurlega á milli. Og nú gerist það að sólarglætan sækir í meira mæli til Suður- og Vesturlands en Austurlandið verður þess í stað í dálitlli vætu. En það er fleira sem gerist og það er að hlýjast verður að líkindum til landsins suðvestan til. Þetta þýðir að svæði eins og Borgarfjörður og uppsveitir Suðurlands ættu að fá allt að 18 stiga hita gangi allt eftir.

**HORFUR FYRIR HÖFUÐBORGINA**

Hæg norðlæg átt. Léttskýjað. Hiti 11-15 stig í dag.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C | heiðskírt | London | 17°C skúrir | Alicante | 28°C heiðskírt |
| Billund | 16°C | skúrir | París | 21°C léttskýjað | Mallorca | 24°C léttskýjað |
| Osló | 12°C | skúrir | Frankfurt | 20°C alskýjað | Algarve | 30°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 20°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 25°C skúrir | Krít | 25¨C heiðskírt |
| Gautaborg | 16°C | alskýjað | Berlín | 25°C skúrir | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Síminn
SMS & MMS
5 KR*
ALLAR HELGAR Í SUMAR
HJÖRTUN SLÁ HRAÐAR
UM HELGAR!
SMS OG MMS Á 5 KR.
SONY ERICSSON W810i
35.980 kr.
Æðislegur tónlistarsími
með frábærri myndavél
fyrir sumarfílinginn.
SONY ERICSSON Z530i
17.980 kr.
Þessi uppfyllir allar þarfir
þínar í sumar – með spilara,
tölvutengingu og myndavél.
SONY ERICSSON Z300i
10.980 kr.
Lítill og krúttlegur skjaldböku-
sími sem þjónar þér vel á
sumarferðalögunum.
Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.
ENNEMM / SÍA / NM22229
* Eingöngu innan kerfis Símans



## KJÖRKASSINN

*Finnst þér rétt að fresta byggingu tónlistarhúss til að minnka ríkisútgjöld?*

| | |
|---|---|
| Já | 77,4% |
| Nei | 22,6% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ætlarðu í tjaldútilegu í sumar?*

Segðu þína skoðun á Visi.is — vísir

Starfsmenn Landsbankans gefa blóð:

# Hvetja fyrirtæki til að gefa

**BLÓÐBANKINN** Meðlimir starfsmannafélags Landsbankans tóku sig til í gær og gáfu blóð í stórum stíl, en bíll Blóðbankans stóð á bílastæði við hlið bankans í allan gærdag. Um hádegi í gær voru fjörutíu manns búnir að gefa blóð og bjóst Ásdís Hannesdóttir, sem situr í stjórn starfsmannafélagsins, við að annar eins fjöldi kæmi áður en deginum lyki.

„Við vildum láta gott af okkur leiða og söfnuðum því saman starfsfólki til að gefa blóð. Blóðbankann vantar alltaf blóð,“ sagði Ásdís. „Við höfum ekki gert þetta áður en við komum til með að gera þetta oft í framtíðinni, þetta gengur svo vel. Við viljum líka með þessu ýta við öðrum bönkum og fyrirtækjum því þetta er svo lítið mál. Önnur fyrirtæki eiga hiklaust að gera þetta.“

Til þess að hægt sé að anna eftirspurn þurfa um sjötíu manns að gefa blóð á hverjum degi. Bíll Blóðbankans fer reglulega í söfnunarferðir um nágrannabyggðir Reykjavíkur, auk þess að heimsækja skóla og stóra vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu til að afla nýrra blóðgjafa. Flestir heilsuhraustir á aldrinum 18-60 ára geta gerst blóðgjafar og reglulegir blóðgjafar geta gefið blóð til 65 ára aldurs. **- sþs**



**ÁSGEIR GÍSLASON OG ÁSDÍS HANNESDÓTTIR FYRIR UTAN BLÓÐBANKABÍLINN** Sitja í stjórn starfsmannafélags Landsbankans sem mun að þeirra sögn gefa blóð oft í framtíðinni.

Smásöluvísitala fyrir maí:

# Sala á áfengi jókst milli ára

**SMÁSÖLUVÍSITALA** Velta í dagvöruverslun var 4,7 prósentum meiri í maí síðastliðnum samanborið við sama mánuð í fyrra miðað við fast verðlag. Á hlaupandi verðlagi var hækkunin 13,8 prósent á milli ára. Sala á áfengi jókst um 8,1 prósent milli maímánaða 2005 og 2006 á föstu verðlagi en 9,8 prósent á hlaupandi verðlagi. Í útreikningum smásöluvísitölunnar sem reiknuð var af Rannsóknarsetri verslunarinnar við Viðskiptaháskólann á Bifröst kemur fram að nokkuð hægi á vexti veltu en ekki mjög hratt og gæti það verið vísbending um að vöxtur einkaneyslunnar sé að minnka. **-hs**

Dópsalar dæmdir á Akureyri:

# Hugðust selja rúmt hálft kíló

**DÓMSMÁL** Tveir rúmlega tvítugir menn hafa í Héraðsdómi Akureyrar verið dæmdir í hálfs og eins árs fangelsi fyrir fíkniefnabrot.

Annar maðurinn er dæmdur fyrir að hafa selt um þrjátíu grömm af hassi á Akureyri síðasta vetur og hinn um fimmtíu grömm. Þá eru þeir báðir dæmdir fyrir að hafa í vörslum sínum 25 grömm af amfetamíni, 32 e-pillur og tæplega hálft kíló af hassi og öðrum kannabisefnum sem talið er að þeir hafi ætlað að selja.

Þá voru þeir báðir ákærðir fyrir að hafa haft í vörslum sínum og falið 131 e-pillu og hundrað grömm af hassi sem þeir hugðust selja, en annar maðurinn var sýknaður af vörslu e-pillanna í þeim ákærulið og hlaut styttri dóm. Báðir hafa oft komið við sögu lögreglu. **- sh**

Loftárás Ísraela á Gaza:

# Reiði vegna dauða barna

**ÍSRAEL, AP** Flugskeytaárás sem Ísraelsher gerði á Gaza í gær varð tveimur börnum og einum unglingi að bana og stefndi í að gera að engu vonir um að friðarumleitanir kæmust aftur í gang.

Ísraelsk herþota skaut flugskeyti að bíl í flóttamannabúðunum Jebaliya á Gaza, en skotið geigaði og í stað hinna herskáu liðsmanna Al-Aqsa-píslarvottanna sem í bílnum voru dóu fimm ára gamall drengur og sjö ára systir hans. Sextán ára stúlka lést líka úr sárum sínum og níu aðrir særðust. Árásin vakti mikla reiði meðal íbúa búðanna. **- aa**

# Íslensk lög gildi um fyrirtæki

**Aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands segir að mörg erlend fyrirtæki hér á landi starfi á afar gráu svæði. ASÍ og Samtök atvinnulífsins kynntu í gær tillögur til að sporna við þessari þróun.**

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins kynntu í gær sameiginlega fyrir stjórnvöldum, tillögur til þess fallnar að styrkja vinnumarkaðinn hér á landi. Tillögurnar lúta að því að eftirlit verði gert skilvirkara og markvissara með erlendum fyrirtækjum og starfsfólki þess.

„Þetta eru sameiginlegar tillögur ASÍ og SA og hluti af viðræðunum sem við höfum verið í undanfarið í tengslum við endurskoðun kjarasamninganna,“ segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ. „Tillögurnar eru ætlaðar til að tryggja að þau erlendu atvinnufyrirtæki sem hingað koma með starfsemi, lúti íslenskum lögum og reglum og þeirra starfsmenn njóti þeirra réttinda sem þeim ber.“

Halldór segir eftirlit hafa verið mjög ábótavant með erlendum fyrirtækjum hér á landi að undanförnu. Vegna reynsluleysis hafi stjórnvöld hér á landi, oft og tíðum, verið of sein að aðhafast í málum sem hafi orðið til þess að fyrirtæki hafa yfirgefið landið án þess að mál hafi verið til lykta leidd. „Hér verða að vera til staðar nauðsynleg viðurlög og að þeim sé beitt í þeim tilvikum þegar við á. Það verður að leggja áherslu á skjóta og skilvirka meðferð mála svo að svindlararnir hagnist ekki á seinaganginum eins og hefur verið.“

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, fagnar þessu tímamótasamkomulagi, eins og hann kallar það. „Með þessum aðgerðum er verið að styrkja vinnumarkaðinn og um leið auka ábyrgð notendafyrirtækja á leigðu vinnuafli,“ segir Kristján. „Við vonum að hið opinbera vakni til lífsins við þetta, því verkalýðshreyfingin hefur nánast ein verið að standa vaktina á þessu sviði.“ Hann segist eiga von á jákvæðum viðbrögðum frá stjórnvöldum því að þau eigi mikilla hagsmuna að gæta. „Peningar hafa verið að streyma úr landi því að menn sem hafa verið með vinnuafl frá erlendum þjónustufyrirtækjum hafa ekki talið sig skulda neinum neitt.“

Viðbragða er að vænta frá stjórnvöldum síðar í dag.

**aegir@frettabladid.is**



**KRISTJÁN GUNNARSSON** Formaður Starfsgreinasambandsins.



**HALLDÓR GRÖNVOLD** Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.




**KRÖFUGANGA** ASÍ og SA segja mikilvægt að starfsfólk erlendra fyrirtækja njóti þeirra réttinda sem þeim ber.

## Helstu tillögur ASÍ og SA

- Starfsemi verði skráð á einum stað. Þeir sem hafa með höndum starfsemi hér á landi skrái starfsemi sína og starfsmenn á einum stað.
- Erlend fyrirtæki verði skráð í fyrirtækjaskrá. Fyrirtækjaskrá fái einnig sjálfkrafa upplýsingar um fyrirtæki sem Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun er kunnugt um að starfi hér á landi. Sérstaklega verði kannað hvort erlend fyrirtæki sem hér veita þjónustu hafi heimild til þeirrar starfsemi í heimalandinu.
- Skráning starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja. Tilkynna þarf allar mannabreytingar. Vinnumálastofnun getur krafist skriflegrar staðfestingar á ráðningarkjörum og skal afhenda stéttarfélagi afrit af ráðningarsamningi útlendings óski stéttarfélagið eftir því, ef grunur liggur fyrir um brot á gildandi kjarasamningi.
- Eftirlit yfirvalda á vinnustöðum og viðurlög við brotum. Komið verður á virku eftirliti Vinnumálastofnunar og skattayfirvalda á vinnustöðum. Ef brotið er með alvarlegum hætti gegn kjarasamningi verði heimilt að beita viðurlögum. Áhersla er lögð á skjóta og skilvirka málsmeðferð.
- Upplýsingagjöf til fyrirtækja og erlends launafólks. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld útbúi sameiginlegt kynningarefni um íslenskan vinnumarkað og réttindi og skyldur fyrirtækja og launafólks.
- Persónuskilríki á vinnustöðum. Gefin verði út sérstök persónuskilríki til að auðvelda eftirlit með vinnumarkaði sem vinnufólki verður skyldað að ganga með á vinnustöðum.
- Lögbrot í atvinnustarfsemi. Flest fyrirtæki fylgja lögum og getur það skekkt samkeppnisstöðu þeirra ef hér fá að þrífast fyrirtæki sem fara á svig við lög. Gera verður sérstakt átak gegn svartri atvinnustarfsemi, duldum launagreiðslum og brotum á reglum um virðisaukaskatt.

Íslenska menntakonan verður til




Fyrir 100 árum þurfti leyfi hjá danska kónginum ef stúlka ætlaði í MR. Í dag eru fleiri stelpur við nám en strákar (þær eru að taka yfir skólana!).

Frábær bók um grýtta leið kvenna til menntunar á Íslandi.

Valborg Sigurðardóttir fyrrum skólastjóri Fósturskóla Íslands rekur sögu menntunar kvenna á einfaldan og læsilegan hátt.

Glæsileg útskriftargjöf

„Bókin er einstök heimild um menntunarsögu íslenkra kvenna og ekki spillir að Valborg hefur sjálf lifað þá sögu sem hún segir.“
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

„Áhugaverð og skemmtileg bók fyrir alla háskólanema.“
Droplaug Margrét Jónsdóttir MA í mannfræði frá H. Í.

„Bók Valborgar er vönduð og glæsileg í alla staði og prýdd fjölmörgum athyglisverðum og skemmtilegum myndum.“
Inga Dóra Sigfúsdóttir *Þjóðmálum*

BÓKAFÉLAGIÐ

Sjávarútvegsráðherra um samkomulag ESB-ráðherra um styrki til sjávarútvegs:

# Ósanngjörn samkeppni

**SJÁVARÚTVEGUR** „Óumdeilanlegt er að slíkir styrkir eins og ESB hyggst veita til sjávarútvegsfyrirtækja innan sambandsins skekkja alla samkeppnisstöðu gagnvart okkur,“ segir Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra.

Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandslandanna hafa náð samkomulagi um að veita sem nemur 360 milljörðum króna til styrktar sjálfbærum veiðum og tengdri starfsemi á næstu sjö árum eða sem nemur um fimmtíu milljörðum króna árlega.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir ólíku saman að jafna, aðstæðum sjávarútvegsfyrirtækja hér og erlendis, en sjávarútvegsráðherra bendir á að fyrst og fremst sé verið að veita umrædda styrki til hagræðingar til langframa í sjávarútvegi Evrópusambandsríkjanna. „Við höfum sjálf þurft að hagræða innan okkar sjávarútvegs eftir öðrum leiðum og ekki haft bolmagn til styrkja á borð við það sem Evrópusambandið hyggst veita en það liggur fyrir að þetta hefur áhrif og er ekki sanngjarnt í samkeppnislegu tilliti.“ **- aöe**



**HAGRÆÐING** Ráðherra segir styrkveitingar ESB snúast um hagræðingu en Íslendingar hafi farið aðrar leiðir enda ekki haft bolmagn til styrkveitinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Það getur komið fyrir alla að fá bréf frá Intrum. Nú er enn auðveldara að fá allar upplýsingar um mál í innheimtu.

Á greiðendavef Intrum ekkigeraekkineitt.is færðu allar upplýsingar um mál og stöðu þeirra, innborganir og margt fleira. Á vefnum er líka auðvelt að óska eftir nánari upplýsingum eða semja um greiðslur.

**En mundu, hvað sem þú gerir - ekki gera ekki neitt**

# EKKI GERA EKKI NEITT.IS

**Aðgangsorðið bíður þín í netbankanum þínum**

Intrum notar birtingakerfi bankanna fyrir rafræn skjöl til að birta aðgangsorð að greiðendavefnum. Sama kerfi birtir reikningaupplýsingar og launaseðla fjölmargra fyrirtækja þannig að hámarksöryggis er ávallt gætt við dreifingu aðgangsupplýsinganna.

intrum justitia

www.ekkigeraekkineitt.is

RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna leggur til góð ráð um hvernig megi ná betri tökum á fjármálunum.



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvaða dagur var haldinn hátíðlegur á mánudaginn?

2 Frá hvaða landi er markvörður Grindvíkinga í Landsbankadeild karla?

3 Hvaða Rolling Stones meðlimur hefur skráð sig í áfengismeðferð?

SVÖR Á SÍÐU 30

Reykjavíkurborg og Bauhaus undirrita samning:

# Fagnar komu Bauhaus

**UNDIRRITUN** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri undirritaði í gær samning við þýsku byggingavöruverslunarkeðjuna Bauhaus um kaup fyrirtækisins á lóð við Úlfarsfell. Við undirritunina bauð Vilhjálmur fyritækið velkomið til Reykjavíkur og sagðist vona að samstarfið yrði gagnlegt fyrir báða aðila. Hann fagnaði því að Bauhaus hafi ákveðið að reisa hér verslun þar sem fyrirtækið væri þekkt fyrir lág verð og góðar vörur.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Vilhjálmur gera ráð fyrir að samkeppni á byggingavörumarkaðnum myndi aukast með tilkomu verslunarinnar. „Við Sjálfstæðismenn lýstum strax yfir stuðningi okkar við það að þeir fengju hér úthlutaða lóð undir þessa starfsemi. Nú er það að gerast og hefjast framkvæmdir innan ekki mjög langs tíma.“

Aðspurður um gagnrýni BYKO á úthlutun lóðarinnar sagði Vilhjálmur að gagnrýnin hafi ekki byggst á því að verið væri að úthluta erlendu fyrirtæki lóð heldur hafi hún beinst að fyrverandi meirihluta og vinnubrögðum hans. Vilhjálmur sagði að Byko hafi á sínum tíma óskað eftir lóðinni en verið neitað vegna þess að nýta átti hana í annað.

Bauhaus rekur nú 190 verslanir í tólf löndum. Verslunin hér á landi verður tuttugu þúsund fermetrar, sú stærsta sinnar tegundar. **-gþg**



**VIÐ UNDIRRITUNINA Í GÆR Í HÖFÐA** Fulltrúar Bauhaus ásamt Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tölvupóstum Jónínu eytt:

# Öll gögn verið birt nú þegar

**FRÉTTABLAÐIÐ** Tölvupóstum Jónínu Benediktsdóttir, sem Fréttablaðið hafði undir höndum, hefur verið eytt. Tvær ástæður liggja þar að baki að sögn Sigurjóns M. Egilssonar, fréttaritstjóra Fréttablaðsins. „Í fyrsta lagi var búið að birta öll þau gögn upp úr tölvupóstunum sem við ætluðum okkur og þær upplýsingar er hægt að nálgast í viðkomandi fréttum. Það stóð aldrei til að nota upplýsingar sem ekki höfðu komið fram áður en lögbannið tók gildi.

Í öðru lagi vildum við eyða allri óvissu um hvað yrði um tölvupóstinn í framtíðinni.“ ■


15% júní
afsláttur til 27. júní
Fataskápar fyrir fötin þín,
tilsniðnir eftir máli án aukakostnaðar.
INNVAL www.innval.is
Hamraborg 1 kópavogi s: 554 4011







Beint leiguflug LOFTLEIÐIR ICELANDIC

Dekurferð á skíði
- Selva og Madonna di Campiglio

Fyrsta brottför 13. janúar
Beint leiguflug alla laugardaga!

Ítalía
Beint morgunflug til Verona alla föstudaga frá 13. janúar.

Sem fyrr bjóðum við vinsælustu og öruggustu skíðasvæði Ítalíu. Komdu með í sólríkar skíðabrekkur og framúrskarandi hótel og njóttu lífsins til fulls. Frábærir fararstjórar sjá til þess að ferðin verður ógleymanleg. **Gerðu vel við þig í vetur!**









**Huggulegt og hagkvæmt Hótel Palù í Madonna**
65.880 kr.
Verð á mann með morgunmat í 7 nætur, brottför 13. janúar.

**Frábært í Selva Hótel Somont**
103.980 kr.
Verð á mann með hálfu fæði í 7 nætur, brottför 13. janúar.

Innifalið: Flug, ferðir til og frá flugvelli erlendis, gisting og íslensk fararstjórn.

VISA MasterCard Ferðaávísun
Nánari upplýsingar um ferðir ásamt lýsinum á hótelum er að finna á www.urvalutsyn.is
www.urvalutsyn.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 33227 06/2006

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




**JÓN GARÐAR ÖGMUNDSSON** Veitingamaðurinn á McDonald's segir erfitt að gera rekstraráætlanir vegna óvissu um tollaútboð.

# Tollútboðin hækka verð

## Skortur á kjúklingabringum og osti fyrir veitingahús er fyrirsjáanlegur. Veitingamenn eiga erfitt með að gera áætlanir vegna útboðanna.

**NEYTENDUR** Fyrirsjáanlegt er að skortur verði í landinu á osti og kjúklingabringum fyrir veitingahús þó að tollútboð á innflutningi á kjöti og ostum hafi nýlega farið fram. Veitingamenn verða að flytja vörurnar inn á ofurtollum þar sem varan fæst ekki hér á landi. Í báðum tilfellum er um vöru að ræða sem innlendir framleiðendur geta ekki framleitt þar sem tæknin er svo dýr og markaðurinn lítill.



**JÓHANNES GUNNARSSON** Framkvæmdstjóri Neytendasamtakanna.

„Við höfum mikinn áhuga á að fá þetta keypt hérlendis eins og allar aðrar vörur en varan verður að uppfylla ákveðin skilyrði og það hefur ekki verið hægt,“ segja veitingamennirnir Jón Garðar Ögmundsson hjá McDonald's og Skúli Gunnar Sigfússon hjá Subway, og benda á að þeir geti ekki gert rekstraráætlun nema til hálfs árs í senn þar sem þeir viti ekki hvernig árlegt tollútboð fari.

„Við höfum áhuga á að flytja inn þessa vöru með hóflegum og eðlilegum álögum. Við gerum okkur grein fyrir því að við fáum ekki vöruna án tolla en tollum verður að stilla í hóf. Eins og kerfið er í dag þá þurfum við ýmist ábyrgðir eða að fyrirframgreiða tollinn. Það getur hlaupið á tugum milljóna króna og er gríðarleg fjárbinding í grunnhráefni fyrir framleiðsluna,“ segja þeir.

Sigurður Þ. Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, tekur undir gagnrýni veitingamannanna og skilur ekki hvers vegna ekki megi bæta við kvótann. Offramleiðsla sé á landbúnaðarvörum um alla Evrópu.

„Á sama tíma og markaðurinn hér heima kallar á kjötvörur er fáránlegt að við skulum ekki opna fyrir innflutning. Meginkrafa okkar er að sjálfsögðu sú að verslunin verði gefin frjáls og kvótar felldir niður,“ segir hann og telur fáránlegt að mjólkuriðnaðurinn reki Mjólkursamsöluna og Osta- og smjörsöluna hlið við hlið. „Það mætti spara hundruð milljóna með því að hafa eina stöð í stað tveggja. Þá er ljóst að íslenskir neytendur hafa ferðast og vanist neysluvenjum annarra þjóða. Það er fáránlegt að verslunin fái ekki að bjóða þá vöru sem neytendur vilja fá.“

Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, er alfarið mótfallinn útboðum því þau hleypi verðinu upp. „Það á að gefa innflutning landbúnaðarvara frjálsan. Tollyfirvöld geta þá lagt toll á ef þau svo kjósa.“ **ghs@frettabladid.is**



**OSTUR Á OFURTOLLI** Veitingamenn verða að flytja inn ost á ofurtollum til að geta uppfyllt gæðakröfur ef þeir fá ekki úthlutað í tollútboði landbúnaðarráðuneytisins. Hér má sjá mynd af innlendum osti.

# Verð aðeins 999 kr



DONNA design
**Kanvasjakki**
khakigrænn, brúnn
st. 38-48
100% bómull
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 6.999,-

DONNA design
**Bolur**
margir litir
st. S-XL
100% bómull
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999,-

DONNA design
**Kanvaspils**
khakigrænt, brúnt
st. 38-48
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 3.499,-

DONNA design
**Buxur**
khakigrænar, brúnar
st. 38-48
100% bómull
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 4.499,-

pepper+corn
**Peysa**
margir litir,
st. S-XL
65% polyester
35% bómull
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999,-

pepper+corn
**Flíspeysa**
margir litir,
100% polyester
st. S-XL
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999,-

pepper+corn
**Buxur**
st. S-XL
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999,-

pepper+corn
**Flísbuxur**
st. S-XL
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.699,-




**Sandalar**
margir litir
st. 36-41
999 kr




**Espadrillur**
margir litir
st. 36-41
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 2.999,-




**Mokkasínur**
svartar, hvítar, brons
st. 36-41
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999,-




**Espadrillur**
margir litir
st. 36-41
TILBOÐ 999 kr
Verð áður1.999,-

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



**ÁFRAM TÓGÓ** Þessi fótboltaáhugamaður og áhangandi landsliðs Tógós var í miklu stuði á leik Tógós og Sviss í heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Eigendur þráðlausra nettenginga þurfa að læsa þeim:

# Gætu lent í stórvandræðum

**INTERNET** Þeir sem eru með þráðlausa nettengingu heima hjá sér og læsa henni ekki fyrir óboðnum aðilum geta lent í miklum vandræðum ef einhver óprúttinn notar tengingu þeirra til að ná í ólöglegt efni, til dæmis barnaklám. Utan frá sé erfitt að sjá hver náði í efnið og því gæti sá sem er skráður fyrir tengingunni þurft að sanna að hann hafi ekki brotið af sér finnist ekki sá sem stóð fyrir lögbrotinu. Þetta segir Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá Ríkislögreglustjóra, og beinir þeim tilmælum til fólks að læsa sínum þráðlausu tengingum svo aðrir komist ekki inn á þær.

Fyrir nokkrum mánuðum komst maður á þrítugsaldri yfir lykilorð að fjórum heimabankareikningum og notaði þau til að stela rúmum tveimur milljónum frá eigendum þeirra. Að sögn Baldvins Einarssonar, fulltrúa lögreglunnar í Reykjavík, notaði hann ólæstar þráðlausar tengingar annarra til að fremja glæpinn. Ekki hefur fallið dómur í málinu en ljóst er að eigendur tenginganna sem notaðar voru hafa lent í talsverðum óþægindum. Þau símafyrirtæki sem bjóða upp á þráðlausa beina senda þá nú læsta til notenda, en stutt er síðan þeir voru seldir ólæstir. - sþs



**FARTÖLVA Á ÞRÁÐLAUSU NETI** Óheiðarlegir menn geta notað opnar þráðlausar nettengingar annarra til að fremja afbrot. Myndin tengist ekki efni greinarinnar.

Erill hjá lögreglu á Akranesi:

## Sá seki í haldi

**LÖGREGLAN** Lögreglan á Akranesi handtók á sunnudagskvöld ökumann á fertugsaldri undir áhrifum lyfja og tvo farþega sem höfðu ólögleg lyf í fórum sínum. Þeir voru látnir gista fangageymslur. Næsta morgun var tilkynnt um innbrot í sjúkrahúsið á staðnum og reyndist sá seki einn þremenninganna sem voru í haldi lögreglu.

Við yfirheyrslur játaði hann að hafa stolið þaðan smáræði af lyfjum og greiðslukortum, og upplýsti um leið um nokkurra daga gamalt innbrot í Hafnarfirði sem lögreglan þar rannsakaði. Lögreglan á Akranesi handtók svo nokkra menn til viðbótar eftir að greiðslukortin sem stolið var á sjúkrahúsinu voru notuð í bænum. - sh

Lýst eftir vitnum á Selfossi:

## Lögregla leitar árásarmanns

**LÖGREGLA** Lögreglan á Selfossi hefur frá mánudegi lýst eftir vitnum að líkamsárás og tilraun til nauðgunar sem gerð var á Selfossi aðfaranótt 4. júní. Konan sem kærði árásina segir að karlmaður hafi elt hana á leið frá skemmtistaðnum Pakkhúsinu að heimili hennar við Álftarima um hálf fjögur að nóttu, ráðist á hana og reynt að nauðga henni.

Maðurinn er grannur, sterkbyggður, um 180 sentimetrar á hæð með stór augu og dökkbrúnt hár. Hann talaði lélega ensku og er þjóðerni óþekkt.

Lögreglan biður þá sem kannast við lýsinguna að hafa samband í síma 480 1010. - sh



**SJÚKRABÍLAR** Ánægja ríkir með þjónustu neyðarlínunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Könnun IMG Gallup:

## Jákvæðni í garð 112 mikil

**NEYÐARLÍNAN** Landsmenn eru mjög jákvæðir í garð 112 samkvæmt rannsókn sem IMG Gallup gerði nýlega. Jákvæðni í garð neyðarnúmersins mældist hærri en hjá öllum þeim fyrirtækjum og þjónustuaðilum sem Gallup spurði um á seinasta ári, eða 4,7 á kvarðanum 1-5. Rannsóknin leiðir einnig í ljós að æ fleiri landsmenn vita hvaða númer á að hringja í þegar neyð ber að, en að þessu sinni svöruðu 99,4 prósent úrtaksins spurningunni rétt. Í samsvarandi könnun árið 2001 þekktu 98 prósent neyðarnúmerið. Meirihluti þeirra sem höfðu þurft að hringja í 112 var ánægðir með úrlausnina. - sþs

### HVALVEIÐAR

**Geta ekki veitt** Malí og Mongólía voru meðal þeirra þjóða sem samþykktu tillögu Japana um að leyfa sjálfbærar veiðar á hval. Malí og Mongólía geta ekki með nokkru móti stundað hvalveiðar þar sem bæði löndin eru landlukt. Engin útgerðarfyrirtæki starfa því í Malí eða Mongólíu.



**Á FULLU Í GATNAGERÐ** Samkvæmt samgönguáætlun er ráðgert að eyða um 27 milljörðum króna í vegaframkvæmdir á næstu tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eðlilegt er að fresta stórframkvæmdum

**Frestun margra stórframkvæmda væri eðlileg viðbrögð atvinnulífsins við þenslunni, að mati hagfræðings. Iðnaðarmenn séu orðnir dýrir og því sé augljóst í stöðunni að fresta þeim framkvæmdum sem ekki eru komnar af stað.**

**STJÓRNMÁL** Eðlileg viðbrögð markaðarins við þenslunni væru að dregið yrði úr framkvæmdum, að mati Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings. Sigurður segir að kostnaður við iðnaðarmenn sé orðinn svo hár að ef framkvæmdir sem eru í bígerð eigi að vera arðbærar, ætti að fresta þeim fram yfir þenslutímann.



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

„Það á að vera bremsa á framkvæmdir að vinnumarkaðurinn er að springa, það er dýrt og erfitt að fá iðnaðarmenn. Sveitarfélög og einkaaðilar ættu vegna eigin hagsmuna að draga úr framkvæmdum," segir Sigurður. Hann segir eðlileg viðbrögð einkaaðila að fresta stórum framkvæmdum á þenslutímum, en stjórnmálamönnum sé oft mikið í mun að klára framkvæmdirnar.

„Fyrst ætti að fresta þeim framkvæmdum sem eru óhagkvæmar," segir Þórólfur Matthíasson hagfræðingur. „Það þarf að skapa pláss í hagkerfinu fyrir þessar framkvæmdir."

Þórólfur hefur haft miklar efasemdir varðandi byggingu Kárahnjúkavirkjunar. „Það hefði mátt athuga að byggja hana á tveimur árum lengri tíma, en hefði það verið gert hefði hún líklega ekki orðið arðbær, og það setur stórt spurningamerki við alla þá framkvæmd."

Þórólfur segir að það hafi staðið til að beita verkefnafjármögnun við bygginguna, en fallið hafi verið frá því, þar sem menn óttuðust að orkuverð yrði í kjölfarið ekki samkeppnishæft á alþjóðamarkaði. Nú liggi hins vegar fyrir hversu lágt orkuverðið er og að virkjunin verði jafnvel ekki arðbær.

Í Fréttablaðinu í fyrradag kom fram að hvorki borgarstjóri Reykjavíkur, né bæjarstjóri Kópavogs hafa tekið ákvarðanir um frestun stórframkvæmda á borð við byggingu tónlistarhúss eða óperuhúss. Það sama kemur fram hjá samgönguráðuneyti, en ekki liggur þar fyrir ákvörðun um að fresta þeim verkefnum sem framundan eru.

**HELSTU RÍKISÚTGJÖLD TIL EINSTAKRA VERKEFNA Á ÍSLANDI Í NÁNUSTU FRAMTÍÐ**

- **Kárahnjúkavirkjun** 95 milljarðar
- **Hátæknisjúkrahús** 18 milljarðar
- **Tónlistarhús í Reykjavík** 11 milljarðar
- **Sundabraut** 8 milljarðar
- **Héðinsfjarðargöng** 5,7 milljarðar
- **Varðskip og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna** 3 milljarðar
- **Óperuhús í Kópavogi** 2 milljarðar
- **Ýmis vegagerð** 20 milljarðar 2007-8 og 7 milljarðar í sérverkefni.

Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar-TR, sem hefur yfirumsjón með byggingu tónlistarhúss á Austurbakka, segir að framkvæmdir muni standa hæst í árslok 2007 og því óþarfi að hafa áhyggjur af þensluáhrifum framkvæmdanna á næstunni. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins frá því í apríl voru flestir, eða 44,1 prósent aðspurða í Reykjavík, fylgjandi því að fresta byggingu tónlistarhúss vegna stöðu efnahagsmála í landinu.

steindor@frettabladid.is

Aðgerðir ítölsku lögreglunnar:

## Mafíuforingjar handteknir

**RÓM, AP** Ítalska lögreglan handtók í gær 45 manns á Sikiley í víðamiklum aðgerðum gegn ítölsku mafíunni. Meðal hinna handteknu eru háttsettir forkólfar í mafíunni, sem allir eru taldir hafa tengst mafíuforingjanum Bernardo Provenzano, en hann var handteki nn fyrr á árinu.

Lögreglan segir handtökurnar ná inn í allra innstu raðir Mafíunnar á Sikiley og raska starfsemi hennar verulega, en kveðst þó fram að hún hafi þó engan veginn verið upprætt með þessum aðgerðum. - gb

Lögreglan í Reykjavík:

## Tveir gripnir við innbrot

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík handtók aðfaranótt þriðjudags tvo góðkunningja sína á tvítugsaldri við innbrot í fyrirtæki í austurbænum. Leita þurfti að öðrum manninum sem faldi sig í húsinu.

Í fyrradag var brotist inn í bifreið í vesturbænum, rúða brotin og golfsetti stolið. Einnig var brotist inn í fyrirtæki í austurbænum og þremur ljósmyndaprenturum stolið. Þá var brotist inn í bílskúr í austurbænum og einhverju lítilræði stolið. Þau mál eru óupplýst. - sh

Nýbreytni hjá Mjólku:

## Framleiðsla á sýrðum rjóma

**LANDBÚNAÐUR** Mjólka ehf. hefur hafið framleiðslu á sýrðum rjóma í 180 gr. umbúðum og mun hann fást í fjórum fituflokkum, 5, 10, 18 og 32 prósent. Þetta er fyrsta nýja afurðin sem kemur frá Mjólku síðan framleiðsla fetaosts hófst í desember. Fyrirtækið hefur nú náð liðlega helmingi markaðshlutdeildar í sölu á fetaosti í smásölu.




**SÝRÐUR RJÓMI** Nýjasta afurð Mjólku ehf.

Nú er rúmt ár síðan Mjólka hóf framleiðslu á mjólkurvörum án ríkisstyrkja og utan hins hefðbundna landbúnaðarkerfis. Undanfarið hefur fyrirtækið leitast við að auka umsvif sín og hefur gert samning um tvöföldun á því mjólkurmagni sem það fær til framleiðslu sinnar. - sgj

### LÖGREGLUMÁL

**Valt langt inn á tún** Ungur maður velti bíl sínum á Eyrarbakkavegi á ellefta tímanum í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar á Selfossi var maðurinn fluttur á Heilsugæsluna á Selfossi en var ekki talinn alvarlega slasaður. Billinn valt langt inn á tún og er ónýtur.





# Ísland er landið

## – njóttu þess á 4x4 Mitsubishi

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6631

**Útivistartilboð** – Fjórhjóladrifsbílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Í tilefni af því fylgir **200.000 kr.** úttekt hjá Ellingsen hverjum Outlander og Pajero Sport. Fylltu skottið af skemmtilegu dóti frá Ellingsen og njóttu sumarsins á nýjum öflugum 4X4 jeppa.



**200.000 kr. úttekt**

**Með hverjum Outlander og Pajero Sport hjá Ellingsen.**

Gildir til 4. ágúst 2006
eða á meðan birgðir endast.

Ellingsen

**Pajero Sport 4X4** Alvörujeppi á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

**Verð 3.590.000 kr.**



**Outlander 4X4** Flottur sportjeppi sem sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Mitsubishi Outlander er bíll fyrir kröfuharða ökumenn og óblíða náttúru.

**Verð 2.590.000 kr.**



Mitsubishi Pajero Dakar – 35" breyttur.

**Mitsubishi Pajero 4X4** Sigursælasti bíll frá upphafi í Paris-Dakar rallinu. Pajero er tilbúinn í allt sem þú leggur á hann – og það er öruggt að það fer vel um þig á meðan.

**Verð 4.990.000 kr.**



**Nýr!** **L-200 4X4** Stórglæsilegur pallbíll sem er tilbúinn í hvaða átök sem er, í vinnu og frístundum.

**Verð 2.960.000 kr.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HEKLA®





Nota merki af kristal í stað kross eða hálfmána:

# Ísrael í Rauða krossinn

**GENF, AP** Ísraelsríki fær að öllum líkindum brátt formlega aðild að Rauða krossinum eftir að hafa barist fyrir því í sex áratugi. Deilt hefur verið um það hvaða merki Ísraelar noti, en þeir hafa hvorki viljað nota krossinn né hálfmánann og vildu lengi vel nota rauða Davíðsstjörnu, sem þó fékkst ekki samþykkt.

Lausnin, sem virðist ætla að verða ofan á, er að þeir fái að nota þriðja merkið, sem kallað hefur verið Rauði kristallinn. Þessi niðurstaða var samþykkt á Allsherjarþingi Rauða krossins og Rauða hálfmánans í desember, en verður einnig að fá samþykki tveggja daga alþjóðaráðstefnu samtakanna, sem nú stendur yfir í Genf. **- gb**



**RAUÐI KRISTALLINN** Nýja merkið sem Ísraelar fá að nota. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ER NAUÐSYNLEGT AÐ SKJÓTA ÞÁ?** Friðunarþjóðir ætla að fjölga meðlimum Alþjóðahvalveiðiráðsins og berjast um almenningsálitið.

# Hvalastríð í uppsiglingu

**Viðbrögð friðunarþjóða við táknrænum sigri hvalveiðiþjóða eru síst friðsamleg. Þær leggja nú allt kapp á að fjölga meðlimum hvalveiðiráðsins.**

**SANKTI KITTS** Sendifulltrúar friðunarþjóða lýstu því yfir að þeir ætli sér að bregðast við Sankti Kitts-yfirlýsingunni um afléttingu hvalveiðibannsins með því að safna liði nýrra samherja í alþjóðasamfélaginu. Fyrrum austantjaldslöndin og nokkur Afríkuríki eru þar efst á lista.

Ónafngreindur sendifulltrúi sagði að nú þegar hefðu friðunarþjóðir tryggt sér samstöðu þriggja austantjaldsríkja. Japanar munu sömuleiðis leggja kapp á að stækka hóp sinna fylgismanna því sem stendur eru þeir ekki með nægan meirihluta til að breyta Sankti Kitts-yfirlýsingunni úr því að vera einungis táknræn yfir í að hafa raunverulega þýðingu. Til þess þarf þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða.

Helen Clark, forsætisráðherra Nýja-Sjálands, varð fyrir miklum vonbrigðum með samþykkt yfirlýsingarinnar og kallaði hana „harðlínuskjal“ hvalveiðþjóða og að nú væri „ekki hægt að reikna með að hvölum yrði óhætt í framtíðinni.“ Umhverfismálaráðherra Ástralíu gerði aftur á móti lítið úr yfirlýsingunni og sagði hana vera „tannlaust svekkelsisplagg“ hvalveiðiþjóða, sem engu máli skipti. Hins vegar fagnaði hann tækifærinu til að „heyja orustu meðal almennings“ um framtíð Alþjóðahvalveiðiráðsins og spáði því að „reiði heimsins“ auðveldaði honum baráttuna.

Athygli vakti að Norðurlönd voru klofin í afstöðu sinni. Ísland og Noregur greiddu atkvæði með Sankti Kitts-yfirlýsingunni ásamt með Danmörku sem þó var hikandi í afstöðu sinni. Svíar greiddu atkvæði gegn yfirlýsingunni og Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, kallaði hana „sorglega“ og að hann „hughreysti sig“ við að þrjá fjórðu hluta atkvæða þyrfti til að hvalveiðar í atvinnuskyni hæfust að nýju.

Japanar voru vígreifir eftir samþykktina og Joji Morishita, talsmaður japönsku sendinefndarinnar, sagði að Japan ætlaði ekki að „hefna sín“ á friðunarþjóðum, en Japanar setja markið hátt og funduðu strax í gær um hvernig ætti að koma Alþjóðahvalveiðiráðinu „aftur í eðlilegt horf,“ en með því er átt við að ráðið einbeiti sér að eftirliti með hvalveiðum en ekki eiginlegri hvalavernd.

**klemens@frettabladid.is**






Norrænir fjármálaráðherrar:

# Eru mjög bjartsýnir

**NORÐURLÖND** Norrænu fjármálaráðherrarnir ákváðu á fundi í Asker í Noregi í gær að koma á norrænu samstarfi við fjármálamiðstöðvar sem standa utan þjóðríkja, einnig þekktar sem „skattaparadísir“. Samningarnir felast í skiptum á upplýsingum á skattasviðinu og rúmlega þrjátíu „skattaparadísir“ hafa gefið bindandi yfirlýsingu um að taka þátt í slíkri dreifingu upplýsinga.

Fjármálaráðherrarnir voru ánægðir með þann hagvöxt sem orðið hefur á Norðurlöndum undanfarin ár og segjast bjartsýnir á framtíðina. Þeir ræddu einnig nýtingu efnahagsaðgerða í tengslum við umhverfisstefnu og segja Norðurlöndin í fremstu röð á því sviði. **- sgj**

Guðmundur Páll Jónsson:

# Aðstoðarmaður ráðherra

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Páll Jónsson, bæjarfulltrúi og fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi, verður aðstoðarmaður Magnúsar Stefánssonar nýskipaðs félagsmálaráðherra.



**GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON**

Guðmundur Páll er Akurnesingur og lauk námi frá Samvinnuskólanum á Bifröst. Lengst af hefur Guðmundur Páll starfað hjá Haraldi Böðvarssyni hf. og HB Granda frá 1986. Í fyrra var hann ráðinn bæjastjóri á Akranesi en hann hefur verið í bæjarstjórn þar frá því 1994, fyrir Framsóknarflokkinn. - mh

Eitt þekktasta málverk heims skiptir um eigendur:

# Klimt-verk fyrir tíu milljarða

**BANDARÍKIN, AP** Gullbryddað málverkið „Adele Bloch-Bauer I“, sem austurríski málarinn Gustav Klimt málaði árið 1907 og er eitt þekktasta málverk heims, hefur nú skipt um eigendur fyrir metfé.

Fyrr á árinu komst bandarísk-austurrískur gerðardómur að þeirri niðurstöðu að málverkið og fjögur önnur verk Klimts væru réttmæt eign Marie Altmann, frænku Adele Bloch-Bauer, en hún býr í Los Angeles í Kaliforníu. Er sá dómur byggður m.a. á austurrískum lögum frá árinu 1998, sem gerði austurrískum söfnum skylt að skila til réttmætra eigenda listaverkum sem nasistar gerðu upptæk á sínum tíma. Marie Altmann varð vitni að því er málverkin fimm voru fjarlægð af heimili frænku hennar og frænda, sem voru gyðingar, árið 1938.



**FRÁ VÍNARBORG TIL NEW YORK** „Adele Bloch-Bauer I“ eftir Gustaf Klimt. NORDICPHOTOS/AFP

Málverkið hefur síðustu áratugina verið til sýnis í Belvederehöll í Vínarborg. Nýi eigandinn er listasafn í New York, sem snyrtivöru-auðkýfingurinn Ronald S. Lauder átti þátt í að stofna. Að sögn heimildarmanna New York Times var verkið selt á 135 milljónir dala, andvirði 10,1 milljarðs króna. „Þetta er okkar Mona Lisa. Þetta var tækifæri sem aðeins gefst einu sinni á lífsleiðinni,“ var haft eftir Lauder. - aa



**HEIÐURSVÖRÐUR DROTTNINGAR** Það var mikið um dýrðir í Lundúnaborg á sunnudag þegar haldið var upp á áttræðisafmæli Elísabetar annarrar, drottningar breska samveldisins. NORDICPHOTOS/AFP



**RÚNAR HELGI VIGNISSON** Tekur við verðlaununum við hátíðlega athöfn. Til vinstri er Páll Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar, og til hægri er Gunnar Einarsson bæjarstjóri.

Bæjarlistamaður Garðabæjar:

# Rúnar Helgi hlýtur titilinn

**GARÐABÆR** Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og þýðandi, hefur verið valinn bæjarlistamaður Garðabæjar árið 2006. Gunnar Einarsson bæjarstjóri afhenti Rúnari starfsstyrk listamanna árið 2006 við hátíðlega athöfn á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Rúnar hefur skrifað skáldsögur, smásögur og greinar frá árinu 1981, en fyrr á þessu ári hlaut hann Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir þýðingu sína á bókinni Barndómi eftir nóbelsverðlaunahöfundinn J.M. Coetzee. Bæjarstjórn Garðabæjar velur bæjarlistamann í samráði við menningar- og safnanefnd bæjarins. - sþs

Samningum rift:

# Hætt við sölu á Landsflugi

**SAMGÖNGUR** Ekkert verður af sölu Landsflugs til Flugfélags Vestmannaeyja en samningar höfðu náðst um söluna í lok maí.

Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri Landsflugs, segir að félagið hafi hætt við söluna vegna þess að þeir sem hafi ætlað að kaupa hafi ekki virt kaupsamninginn. Félagið hafði sagt upp ellefu flugmönnum en uppsagnirnar hafa nú verið dregnar til baka.

Valgeir Arnórsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Vestmannaeyja, segir að samningnum hafi verið rift eftir að þeir hafi greitt útborgun og ástæðan sögð tafir á fjármögnun. Valgeir segir að tilgangur kaupanna hafi verið að bæta samgöngur, meðal annars við Eyjar.

Aðeins þessi tvö flugfélög sinna flugsamgöngum við Vestmannaeyjar. - gbg

## INDÓNESÍA

**Flóð í suðurhéruðum** 36 hafa farist í flóðum í suðurhéruðum Indónesíu undanfarna daga. Þrotlaus rigning hefur einnig skemmt uppskeru og hús norðar í landinu.

## ÍRAK

**Japanska herliðið fer heim** Japönsk stjórnvöld lýstu því yfir í gær að sex hundruð japanskir hermenn, sem verið hafa í Írak í rúmlega tvö ár, verði kallaðir heim. Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, hét þó frekari stuðningi við Írak.





ENNEMM / SÍA / NM21469

KB LÍFEYRIR
... þú átt það inni!

Þegar þú þarft ekki lengur að mæta til vinnu eftir langa starfsævi viltu njóta lífsins. Búðu þig undir spennandi starfslok með því að ávaxta skyldu- og viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn hjá KB banka í KB Lífeyri.

Yfir 70 þúsund einstaklingar eru með lífeyrissparnað sinn í KB Lífeyri og þeir sem eru einnig í viðskiptum við KB banka njóta enn betri kjara í bankaþjónustu.

Kynntu þér þá kosti sem í boði eru í næsta útibú KB banka, hringdu í ráðgjafa í síma 444 7000 eða farðu á kblifeyrir.is

KB BANKI

KB Lífeyrir samanstendur af Frjálsa lífeyrissjóðnum, Vista og Lífeyrisauka.

# LÆGRA

*á viðarvörn og útimálningu!*

5.989
11.402




Vnr.86647583-8083
**Málning**
KÓPAL STEINTEX, hvítt, hrímhvítt, marmarahvítt og antikhvítt, 10 ltr.



**Pensill fylgir með hverri seldri viðarvörn eða útimálningu**

3.490
5.179




Vnr.86363050-350
**Pallaolía**
KJÖRVARI 12 pallaolía glær, græn, brún, fura rauðviður eða rauð fura, 5 ltr.

2.999
4.515




Vnr.86332540-9040
**Viðarvörn**
KJÖRVARI 14, gegnsæ viðarvörn, 4 ltr., allir litir.




Vnr. 85551083/1183
**Útimálning** 4.990 7.289
BYKO útimálning, gljástig 6, 10 ltr., ljósir litir.



Vnr.0058254
**Fura** 103 kr/lm. 141
Fura, alheflað 22x95 mm, A-gagnvarið.

Vnr.0059382
**Fura** 147 kr/lm. 197
Fura, alheflað 34x45 mm, A-gagnvarið.

Vnr.0059954
**Fura** 365 kr/lm. 511
Fura, alheflað 95x95 mm, A-gagnvarið.

SÚPER VERÐ *í BYKO!*



Vnr.0291442
**Girðingaeiningar** 2.990 4.075
VERBENA ELEGANS, 800/960x1800 mm.

| Breiddin-Verslun opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4200 | Timburverslun-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4100 | Lagnadeild-Breidd opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 515 4040
| LM BYKO opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4020 | Akranes opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 433 4100 | Akureyri, Glerártorg opið virka daga: 8-18:30 laug: 10-17 - Sími: 460 4800 | Akureyri, Furuvöllum opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 Sími: 460 4860

# A VERÐ




**3.490** ~~5.883~~

Pinotex

Vnr.89410150-2650

**Viðarvörn**

PINOTEX CLASSIC gegnsæ viðarvörn, allir litir, 5 ltr.

**2.990** ~~4.804~~

Pinotex

Vnr.89436375-94

**Pallaolía**

PINOTEX pallaolía, glær, græn, brún eða pine, 5 ltr.



Vnr.0291439

**Hlið** **2.290** ~~2.873~~

VERBENA ELEGANS, hlið 800x900 mm.



Vnr.0291335

**Girðingaeiningar**

SALIX 1500/ 700x900 mm lárétt.

**3.650** ~~4.556~~



**7.590** ~~9.497~~

Vnr.0291332

**Girðingaeiningar**

SALIX 1800x1500 mm lóðrétt.

| Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 555 4411
| Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 480 4600

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

„ORÐRÉTT“

*Framtíðin ráðin?*

**„Ísland er að breytast í orkuparadís fyrir stórfyrirtæki.“**

FRAMTÍÐARLANDIÐ, FÉLAG ÁHUGAFÓLKS UM FRAMTÍÐ ÍSLANDS. FRÉTTABLAÐIÐ, 20. JÚNÍ.



*Enda guðlegar verur*

**„Kvenfrelsishreyfingin er frá guði komin.“**

SÉRA AUÐUR EIR VILHJÁLMSDÓTTIR. MORGUNBLAÐIÐ, 20. JÚNÍ.

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA

# Heldur með Englendingum

„Efst á baugi er það að ég er að eignast barn og er að bíða eftir því. Maður er bara í rólegheitum að horfa á boltann og bíða eftir hríðum,“ segir Þórunn Lárusdóttir leikkona en hún á að eiga um miðjan júlí. „Svo er systir mín að gifta sig um næstu helgi þannig að það er nóg að gera,“ en Þórunn er að hjálpa til við undirbúninginn og undirbýr ræðuhöld fyrir brúðkaupið. Aðspurð með hverjum hún haldi á heimsmeistaramótinu segir Þórunn að hún haldi með Englendingum en þeir kepptu einmitt í gær. „Ég verð með partí, grillveislu, og það verður það örugglega fram til 9. júlí,“ en þá lýkur heimsmeistaramótinu.

„Ég mæli með því að eignast barn á þessum tíma, það er frábært, það er alltaf nóg að gera í sjónvarpinu og maður bara horfir á boltann alla daga og þarf ekkert að bíða,“ segir Þórunn og hlær. Þegar Þórunn er spurð að því hvenær hún ætli að snúa aftur í leikhúsið segist hún ætla að taka sér dágott frí, og vera í fríi til áramóta. Þórunn vinnur í Þjóðleikhúsinu og í vetur lék hún í Eldhús eftir máli. „Við fórum einmitt til Kaupmannahafnar og það gekk rosa vel. Ég var reyndar mjög þreytt eftir ferðina en ég sé ekki eftir því að hafa farið með, þetta var alveg æðislegt, að fá að stíga á Kongelige,“ segir Þórunn. Verkið var flutt á íslensku en til hliðar textavél með dönskum texta fyrir Danina og Þórunn segir að bæði Íslendingar og Danir hafi mætt. „Núna er aðalmálið að koma krílinu í heiminn og vinnan fær að sitja á hakanum í fyrsta skipti í langan tíma,“ segir Þórunn og hlær. „Ég ætla að reyna að halda því þannig.“



## SJÓNARHÓLL
**AUKIÐ SJÁLFSTÆÐI KATALÓNÍU**



GUÐRÚN HALLA TULINIUS

## *Óska þeim til hamingju*

„Ég óska Katalóníubúum til hamingju með þessa kosningu, þeir hafa lengi stefnt að þessu,“ segir Guðrún Halla Tulinius, spænskukennari og þýðandi, aðspurð um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar í Katalóníu, en Katalóníubúar samþykktu á dögunum aukna sjálfsstjórn héraðsins. Hægrimenn á Spáni eru hins vegar afar ósáttir við niðurstöðuna og halda því fram að þetta sé upphafið að endalokum Spánar.

„Nei ég held nú að það séu óþarfa áhyggjur að segja að Spánn sé við það að leysast upp, Katalóníubúar vilja eflaust vera áfram borgarar Spánar, en bara ekki í alveg jafn miklum mæli og hingað til. Þeir vilja fyrst og fremst minnka völd miðstjórnarinnar í Madríd. En sjálfsmynd þjóðarinnar er þeim mikið hjartans mál og til dæmis eru krakkar sem maður hittir á götum úti farnir að tala mun verri spænsku en þeir gerðu fyrir nokkrum árum. Þeir eru ekki tvítyngdir á sama hátt og áður. Katalónskan er greinilega orðin þeirra fyrsta mál, á kostnað spænskunnar.“


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ




**TILGANGURINN HELGAR MEÐALIÐ** Strákarnir á Stöð 2, Auddi, Sveppi og Pétur, hafa lagt sitt af mörkum til góðra málefna. Þeir leyfðu krökkum að kasta í sig rjómatertum á Lækjartorgi í fyrra. Um leið söfnuðu þeir fé til styrktar langveikum börnum.

# Sá sem gefur fær til baka

**Það hefur löngum þótt dyggð að gefa, sérstaklega þeim sem minna mega sín. Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að einstaklingar og fyrirtæki gefi myndarlegar upphæðir til ýmissa málefna. Í Biblíunni segir að sæla sé að gefa en þiggja. Blaðamaður kannaði hvað væri til í því og talaði við gefanda, þiggjanda og leitaði eftir kristilegri afsöðu til þess að gefa.**

Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður í Krossinum, segir hina nýju kynslóð á Íslandi skilja að það sé ákveðið lögmál falið í því að gefa. „Þeir sem gefa munu ekki sjá sjóði sína tóma, þetta er lögmál sem margir auðugir menn þekkja mjög vel. Í Biblíunni segir að sæla sé að gefa en þiggja og það eru orð að sönnu. Það kallar á blessun þegar menn miðla af auði sínum og þennan leyndardóm hafa margir fundið. Guð elskaði heiminn svo mikið að hann gaf son sinn eingetinn og er skaparinn að mörgu leyti fyrirmynd gjafmildinnar.“



**BÖRN AÐ LEIK** Gjafir til styrktar málefnum barna hafa verið vinsælar undanfarið, segir Gunnar í Krossinum.

Þegar Gunnar er spurður að því hvernig honum lítist á þau málefni sem menn eru að gefa í segir hann að það hafi verið í tísku að gefa börnum undanfarin ár. „Barnadeildir sjúkrahúsa hafa fengið veglegar gjafir og er það vel en mér finnst styrkir til menningar og lista hafa gengið of langt, sérstaklega á meðan sumir hópar í þjóðfélaginu búa við skort.“ Hér nefnir Gunnar meðal annars húsnæðisvanda eldra fólks sem ekki sé vanþörf á að koma í lag.

### Drottinn blessar glaðan gjafara

Kristinn P. Birgisson, skrifstofustjóri Samhjálpar, segir gjafir skipta mjög miklu máli fyrir starfsemina.

„Við rekum kaffistofu og fáum mikið af matvælum og fjárstuðningi,“ segir Kristinn og nefnir sem dæmi að Samhjálp hafi fengið um 23 þúsund gesti á síðasta ári en stærstur hluti aðstoðarinnar hafi verið fjármagnaður með gjöfum. „Það er gott að gefa ef það er gert með réttu hugarfari því drottinn blessar glaðan gjafara en sá sem gefur með ólund nýtur ekki blessunar.“ Kristinn segir að upphæðirnar sem gefnar eru skipti ekki endilega máli. „Það eitt að kaupa happdrættismiða getur orðið einhverjum til blessunar. Við fáum oft litlar upphæðir inn á bankareikning okkar og sumir styrkja okkur reglulega og það skiptir miklu máli fyrir starfsemina. Það hefur líka komið fyrir að fólk komi með afganga eftir veislur sem er vel þegið en það er hugurinn að baki gjöfinni sem hlýjar meira en verðmætið að baki henni.“



**JÓHANNES JÓNSSON Í BÓNUS** Segir það gefa góða tilfinningu að gefa og gjafir skili sér ríkulega til gefandans á ný.



**GUNNAR ÞORSTEINSSON Í KROSSINUM** Ný kynslóð Íslendinga skilur að ákveðið lögmál er falið í að gefa.

### Hef gefið og fengið ríkulega

Jóhannes Jónsson, sem kenndur hefur verið við Bónus, segir verslunina snemma hafa byrjað að styrkja góð málefni og beint sjónum sínum að þeim sem áttu undir högg að sækja í þjóðfélaginu. „Við fengum strax góðar undirtektir við þetta framtak okkar og höfum því haldið áfram að styrkja ýmis málefni. Það gefur manni góða tilfinningu að gefa eitthvað sem kemur öðrum til góða og það eykur einnig sjálfstraustið. Því hefur verið haldið fram að sá sem gefi ekkert fái ekkert en við höfum gefið og fengið ríkulega.“

Þrátt fyrir að margar gjafir Bónusfjölskyldunnar hafi fengið umfjöllun í fjölmiðlum segist Jóhannes einnig hafa stutt einstaklinga og málefni svo lítið beri á. „Auðvitað er ákveðin auglýsing fólgin í því þegar fyrirtækið lætur eitthvað af hendi rakna en það er ekki aðalatriðið heldur að sem flestir njóti gjafanna og það er mitt leiðarljós.“ Jóhannes segist ekki sjá eftir krónu sem hann hefur notað í að styrkja góð málefni og hyggst halda því áfram.

**hugrun@frettabladid.is**


Skötu selur
SKÖTUSELUR roð- og brjósklaus
Frábær frosin afurð - frábært verð
ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
1198 KR.
600g
Ferskt krydd
BASILÍKA/BLÓÐBERG
259 KR.
BAKKINN
Lífræn ræktun
Sjávarréttaspjót á grillið
Frábært úr frystinum!
FISKI GRILLSPJÓT
1198 KR.
kílóverð
bonus.is
Sólin skín í Bónus!
XXL FRESCHETTA
399 KR.
760/800g
XXL pitsa
760-800g
Sjáðu verðið!
JÚMBÓKASSI PAMPERS
1299 KR.
BLEIUR
Júmbókassi - 4 tegundir
LIME OG SÍTRÓNUTOPPUR
1.5 lítri
1.5 LÍTRI TOPPUR
99 KR.
HNAKKA-LÆRIS- OG BÓGSSNEIÐAR
879 kg KR.
BÓNUSGRILL SVÍNAKJÖT
Svínahnakkasneiðar
Svínalærissneiðar
Svínabógssneiðar
Svínakótelettur
20% afsláttur við kassann
GRILL SVÍNAKÓTELETTUR
879 kg KR.
MERKT VERÐ 1099 KR.
Frábært úr frystinum!
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki
Danskar kjúklingabringur!
40% afsláttur við kassann
VILLI LAMBASNEIÐAR
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
Lambasneiðar Villigrill
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
Kílóverð
Nýtt í Bónus!
Írskar svínalundir
www.bonus.is
BÓNUS
ERAN/Landlist

## Svona erum við

> Forstöðumenn ráðuneyta og ríkisstofnana í apríl 2004




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ALCAN ÁLFRAMLEIÐANDINN

# Stækkun þýddi 460.000 tonn af áli

Mikið hefur verið rætt um álverið í Straumsvík undanfarið og mögulega stækkun á því. Álverið er löngu orðið rótgróið kennileiti í útjaðri höfuðborgarsvæðisins, en nýverið olli bilun vegna rafmagnsleysis talsverðu tjóni hjá Alcan.

**Hvað er Alcan á Íslandi?**
Alcan á Íslandi hf. er hluti af Alcan Inc., fjölþjóðlegu fyrirtæki, sem telst annar stærsti álframleiðandi í heimi. Íslenski armur þess rekur ellefta stærsta álverið innan samsteypunnar, álverið í Straumsvík. Framleiðslugetan er um 180 þúsund tonn og starfsmennirnir eru um 470, nær helmingurinn Hafnfirðingar, en næststærsti hópurinn er búsettur í Reykjavík.

**Hvað mun stækkun álversins í Straumsvík hafa í för með sér?** Mikil umræða hefur átt sér stað um stækkun álversins og allt virðist stefna í atkvæðagreiðslu bæjarbúa um málið. Alcan segjast ekki ætla að loka álverinu, þó ekkert verði af stækkuninni, en hvetja þó eindregið til hennar. Ef verksmiðjan verður stækkuð mun sjónrænna áhrifa verða vart í íbúðahverfum næst álverinu og þá helst vegna tveggja nýrra kerskála, skautsmiðju og nýs hafnargeymis undir súrál. Stækkun mundi fela í sér í sér 280 þúsund tonna framleiðsluaukningu á ári og kaupa þyrfti því meiri orku en nú fæst frá Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur.

Rannveig Rist er forstjóri Alcan á Íslandi.



## SPURT & SVARAÐ

GRÍMAN

### Leikhúsfólk verðlaunað



VILBORG ÁRNÝ VALGARÐSDÓTTIR

Uppskeruhátíð leiklistarfólks, Gríman, var haldin síðastliðið föstudagskvöld í Borgarleikhúsinu í fjórða sinn. Gríman er verðlaunahátíð þar sem aðstandendur leiksýninga vetrarins eru verðlaunaðir. Vilborg Árný Valgarðsdóttir, gjaldkeri stjórnar Leiklistarsambands Íslands, er til svara.

**Hvað er Gríman?**
Gríman er uppskeruhátíð leiklistarsambands Íslands. Gríman er haldin árlega til skiptis í Borgarleikhúsinu eða Þjóðleikhúsinu, allir eru velkomnir en hátíðin hefur líka verið sýnd í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

**Hver er saga Grímunnar?**
Gríman var fyrst haldin árið 2003, eftir stuttan undirbúning, en hún hefur verið að þróast síðan þá. Flokkunum hefur til dæmis fjölgað úr fimmtán í átján frá því að hún var fyrst haldin.

**Hvert er markmið Grímunnar?**
Markmiðið er að vekja athygli á því sem vel er gert í leikhúsinu og leikárinu á undan.

# Stytting ferðatíma milli lands og Eyja skiptir sköpum

**Starfshópur samgönguráðherra leggur til að skoðað verði betur að byggja ferjuhöfn í Bakkafjöru. Óánægja gætir um kostnað vegna jarðganga milli lands og eyja. Hafnarstæðið í Bakkafjöru verður rannsakað til hlítar.**



**FRÁ VESTMANNAEYJUM** Herjólfur fer tvisvar á dag á milli lands og eyja. Yfir sumarmánuðina annar skipið ekki eftirspurn. Með nýrri ferjuhöfn í Bakkafjöru ætti að vera auðveldara að fjölga ferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FRÉTTASKÝRING

**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is

Hugmyndir um úrbætur á samgöngum milli lands og Vestmannaeyja hafa um árabil verið umdeildar. Þótt þær séu settar fram með það fyrir augum að bæta samgöngurnar, þá hefur ekki ríkt einhugur um það meðal heimamanna í Vestmannaeyjum, og embættismanna íslenskra stjórnvalda, hvernig farsælast sé að bæta þær.

Starfshópur, sem samgönguráðherra skipaði í maí 2004 til þess að fjalla um samgöngur milli lands og Vestmannaeyja, skilaði af sér niðurstöðum vegna athugana á samgönguúrbótum í vikunni og lagði til „að skoðuð verði nánar sú lausn að byggja ferjuhöfn í Bakkafjöru.“

**Ferjuhöfn í Bakkafjöru stórbætir samgöngur**
Áætlaður ferðatími milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja styttist umtalsvert verði hugmyndirnar um ferjuhöfn í Bakkafjöru að veruleika. Miðað við núverandi aðstæður tekur ferðalagið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja þrjár og hálfa klukkustund, ef farið er með Herjólfi til Þorlákshafnar og þaðan svo keyrt til Reykjavíkur. Siglingin tekur tvo klukkutíma og 45 mínútur en keyrslan um 45 mínútur.

Áhugi hefur verið fyrir því lengi að stytta ferðatímann. Með ferjusiglingu til og frá Bakkafjöru myndi ferðatíminn styttast um eina klukkustund og fimmtán mínútur, ef hraðskreiðari ferja kæmi til eins og hugmyndir starfshópsins gera ráð fyrir.

**Hugmynd um jarðgöng slegin út af borðinu**
Starfshópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að jarðgangagerð til Vestmannaeyja yrði vandkvæðum bundin „vegna erfiðra jarðfræðilegra aðstæðna,“ eins og segir orðrétt í tilkynningu samgönguráðuneytisins. Kostnaðurinn við gangagerðina, samkvæmt niðurstöðum starfshópsins, er talinn geta hlaupið á bilinu fjórutíu til sjötíu milljarða króna.

Þær rannsóknir sem fyrir liggja um forsendur jarðganga, sem starfshópurinn hafði til grundvallar, hafa því ekki gefið tilefni til þess að draga nákvæmari ályktun en svo að þrjátíu milljörðum geti munað á því hver raunverulegur kostnaður við göngin geti verið. Af þessu má ráða, að enn frekari rannsóknir á jarðgangnagerð milli lands og eyja eigi eftir að fara fram. Nema þrjátíu milljarða króna skekkja teljist nægileg forsenda til þess að slá hugmyndina um jarðgöng út af borðinu.

**Togstreita ólíkra sjónarmiða**
Mann- og atvinnulíf í Vestmannaeyjum er háð því að samgöngurnar til og frá eyjum séu skilvirkar og fullnægi flutningsþörfinni. Um árabil hefur verið tekist á um það hvort samgöngur skuli styrktar í meira mæli með opinberu fé. Lítill áhugi hefur verið fyrir þess háttar breytingum af hálfu stjórnvalda og segir meðal annars í niðurstöðum starfshópsins „að þar sem fluginu sé sinnt á markaðsforsendum séu ekki efni til að beita opinberum ráðstöfunum til að lækka fargjöld eða efna til útboðs samkvæmt reglum EES.“

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, Elliði Vignisson, fagnar niðurstöðum nefndarinnar hvað Bakkafjöru varðar og metur þetta svo að nú fari Eyjamenn að sjá framtíðarmöguleika í samgöngum komast í verk. Hann hefur hins vegar þungar áhyggjur af stöðu flugmála og telur viðhorf gagnvart flugsamgöngum sem birtist í álitsgerð starfshópsins ekki samsvara veruleikanum sem Vestmannaeyingar búa við. „Flugi til Vestmannaeyja er ekki sinnt á markaðslegum forsendum og langt því að það sé í því horfi sem íbúar í Vestmannaeyjum þurfa á að halda. Vestmannaeyjar hafa alla burði til vaxtar en Akkilesarhællinn eru samgöngur,“ segir Elliði og bendir á að mikilvægt sé að endurskoða stoðir flugs til og frá Vestmannaeyjum. „Þeir sem koma að flugrekstri fara fram á það að fá styrki upp á tugi milljóna til þess að geta sinnt flugi í takt við okkar óskir. Það er því ljóst að ef flugið á að vera í því horfi sem við viljum, þá þurfa að koma til opinberir styrkir. Samkvæmt því stendur flugið ekki á markaðslegum grunni.“

**Byggt verði á rannsóknum**
Starfshópurinn leggur til að rannsóknir verði gerðar á aðstæðum vegna siglinga milli Bakka og Vestmannaeyja. Áhersla verður lögð á að klára frumrannsóknir vegna uppbyggingar hafnar í Bakkafjöru auk þess sem unnið verður að þarfagreiningu á nýrri ferju sem sigla myndi á milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru. Þessar athuganir miða að því að kanna til hlítar flutningsþörfina, áður en endanlegar ákvarðanir um úrbætur á samgöngum verða teknar.




Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, kynnir á næstunni skýrslu starfshópsins fyrir ríkisstjórninni, sem tekur tillögur hópsins til umræðu í framhaldinu.

Fyrir liggur einnig að gera þarf ítarlegar rannsóknir á því hvaða áhrif ferjuhöfn í Bakkafjöru myndi hafa á þróun byggðar í Vestmannaeyjum en útlit er fyrir að möguleikar opnist fyrir meiri samvinnu sveitarfélaga á Suðurlandi með höfninni, þar sem atvinnusvæðið styrkist með breytingunum og möguleikar aukast í ferðaþjónustu.



**ELLIÐI VIGNISSON** Segir vanhugsað að draga þá ályktun að flug til og frá Vestmannaeyjum sé á markaðslegum grunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ELLIÐI



**STURLA BÖÐVARSSON** Samgönguráðherra kynnir tillögur starfshóps um úrbætur á samgöngum fyrir ríkisstjórn á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Staða og framtíð EES-samningsins**

**Hótel Saga, Reykjavík – Miðvikudaginn 28. júní, kl. 8.30**

**Evrópunefnd forsætisráðherra heldur ráðstefnu um stöðu og framtíð EES-samningsins á Hótel Sögu, miðvikudaginn 28. júní, kl. 8.30.**

**Dagskrá:**

**08.30-08.45 Skráning.**

**I. Setning ráðstefnunnar.**
08.45-09.00 Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra og formaður Evrópunefndar.

**II. Staða EES-samningsins.**
09.00-09.40 William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA.
09.40-10.10 Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri hjá EFTA.

*10.10-10.30 Kaffihlé.*

**III. EES-samningurinn í nútíð og framtíð.**
10.30-11.00 Prince Nikolaus of Liechtenstein, sendiherra Liechtenstein hjá Evrópusambandinu.
11.00-11.30 Guttorm Vik, sendiherra Noregs á Íslandi.

**IV. Tvíhliða samningar Sviss og Evrópusambandsins og samanburður við EES-samninginn.**
11.30-12.00 Bernhard Marfurt, sendiherra Sviss hjá Evrópusambandinu.

**V. Ráðstefnuslit.**
12.00-12.15 Össur Skarphéðinsson, alþingismaður.

**12.15 Hádegisverður.**

Ráðstefnustjóri verður Össur Skarphéðinsson, alþingismaður. Öll erindi á ráðstefnunni verða flutt á ensku.

Þáttökugjald er 2.000 kr. og greiðist við innganginn. Innifalið í þátttökugjaldi eru ráðstefnugögn, kaffi og hádegisverður. Ráðstefnan er öllum opin en áhugasamir eru beðnir um að skrá þátttöku í síma 545 8520 eða með tölvupósti á netfangið skraning@for.stjr.is fyrir 27. júní.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.432 **+1,34%** **Fjöldi viðskipta:** 180 **Velta:** 4.125 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | 4,09% |
| **Össur** | 2,40% |
| **Dagsbrún** | 1,43% |

**MESTA LÆKKUN**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,00 +0,48% ... Alfesca 3,46 +0,00%... Atorka 5,80 +0,87% ... Bakkavör 44,40 +0,23% ... Dagsbrún 5,69 +1,43% ... FL Group 17,60 +1,15% ... Flaga 3,81 +0,00% ... Glitnir 17,30 +1,17% ... KB banki 734,00 +1,10% ... Landsbankinn 20,30 +1,00% ... Marel 68,60 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,20 +1,33% ... Straumur-Burðarás 17,80 +4,09% ... Össur 106,50 +2,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fleiri skoða þriðju kynslóðina

Fjarskiptafélag í eigu fjárfestingafélagsins Novator ætlar að hefja tilraunarekstur á þriðja kynslóðar farsímakerfi hér á landi í ágúst. Tíðnisvið fyrir tæknina hefur legið á lausu í sex ár án þess að nokkurt fjarskiptafélag hafi nýtt sér það.

Þeir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone, fagna því að nýtt fjarskiptafyrirtæki sé í bígerð en neita staðhæfingum Tómasar Ottós Hanssonar, framkvæmdastjóra hjá Novator, að fyrirtækin hafi ekki leitað eftir því að nýta tæknina. Lög um þriðju kynslóðar farsíma hafi ekki tekið gildi fyrr en síðastliðið haust. Þá eru þeir sammála um að lögin um dreifingu farsímanets sem þessa séu mikil kvöð og geri það að verkum að uppbyggings netsins geti numið allt að tveimur milljörðum króna.



Síminn kannaði grundvöll fyrir innleiðingu þriðju kynslóð í farsímatækni hér á landi í fyrra og réðst í ákveðna forkönnun á tækjabúnaði hjá þremur birgjum. Og Vodafone hefur átt í viðræðum við Póst- og fjarskiptastofnun um tilraunaleyfi fyrir prófanir með kerfi fyrir þriðju kynslóð í farsímakerfi og leitað til erlendra aðila um kaup á tækjabúnaði.

„Það er mjög líklegt að við sækjum um tilraunaleyfi fljótlega,“ segir Árni Pétur Jónsson. **- jab**

# Stóraukin velta frá fyrri spá

Dagsbrún, sem er eigandi 365 prentmiðla, hefur endurskoðað áætlanir um veltu og rekstrarhagnað fyrir afskriftir (EBITDA) á árinu. Stjórnendur félagsins reikna með að velta félagsins verði um 55-57 milljarðar króna og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir verði 6,8-7,0 milljarðar.

Fyrri áætlanir hljóðuðu upp á að velta félagsins myndi verða á bilinu 21,5-22,5 milljarðar króna á árinu og EBITDA-hagnaður yrði 3,8-4,1 milljarður.

Endurskoðunin kemur til vegna kaupa Dagsbrúnar á Kögun, Securitas, Senu og Wyndeham Press. **- eþa**



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK

# Lítill vöxtur á framleiðni

Dregið hefur hratt úr framleiðnivexti vinnuafls hér á landi segir í Morgunkornum Glitnis. Framleiðnivöxtur var kominn undir tvö prósent í byrjun þessa árs en mældist rúmlega átta prósent árið 2004.

Greiningardeild Glitnis telur um afturför að ræða þar sem hagkerfið þarfnist framleiðnivaxtar, en hið íslenska vinnuafl sé fullnýtt; atvinnuþátttaka mikil, atvinnuleysi í lágmarki og vinnudagurinn langur.

Þá kemur fram að á sama tíma hafi laun hækkað um rúm sjö prósent. Ljóst sé að framleiðnivöxtur styðji ekki þær launahækkanir sem nú sjást á vinnumarkaði. **- jsk**

# Tólf hundruð missa vinnuna

Leikfangaframleiðandinn Lego hefur tekið ákvörðun um að útvista mestan hluta af framleiðslu sinni til rafeinda-framleiðslufyrirtækisins Flextronics. Verður breytingunum framfylgt í stökkum á næstu þremur árum. Við flutningana munu allt að tólf hundruð manns missa vinnuna, níu hundruð í Billund og þrjú hundruð í Bandaríkjunum.



Verksmiðjustarfsemi Lego í Bandaríkjunum verður flutt til verksmiðju Flextronics í Mexíkó og starfsemin í Billund til verksmiðja fyrirtækisins í Austur-Evrópu.

Í Billund munu einungis þrjú hundruð af tólf hundruð starfsmönnum halda störfum sínum. Þar verður áfram framleiðsla á tæknilegustu vörum fyrirtækisins, Lego Technic og Bionichle. **- hhs**





**Isuzu** hefur fyrir löngu sannað öryggi og endingu á íslenskum vegum. Nú kynnum við nýjan og stórglæsilegan Isuzu D-MAX pallbíl. Hann er þjáll og lipur í akstri, en jafnframt rammbyggður og traustur félagi og á alveg ótrúlega góðu verði.

**Isuzu D-MAX** hefur fengið alveg nýtt útlit og er staðalbúnaður eins og hann gerist bestur, þar má nefna loftkælingu, ABS hemlakerfi, álfelgur, brettakanta o.fl. Isuzu er með 3.0 lítra dísilvél með túrbínu og millikæli og skilar 130 hestöflum.

***Isuzu D-MAX er farkostur fjölskyldunnar, vinsæll vinnufélagi og verðið ráða allir við!***



**Verð á Isuzu D-MAX Crew Cab**

| Sjálfskiptur | Beinskiptur |
|---|---|
| 2.590.000 kr. | 2.490.000 kr. |

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960 |
|---|---|---|---|---|---|---|

WOLF Garten
*Handsláttuvélar*



Bumbubaninn víðfrægi

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Alþjóðahvalveiðiráðið:

## St. Kitts og Nevis-eyja yfirlýsingin

Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins stendur nú á Sankti Kitts og Nevis-eyjum. Fundurinn hefur samþykkt yfirlýsingu með eins atkvæðis meirihluta þar sem því er lýst yfir að ekki sé lengur þörf á allsherjar hvalveiðibanni.

Þetta hafa þótt nokkur tíðindi. En kjarni málsins er hins vegar sá að samþykktin er með öllu gildislaus að þjóðarétti. Hvalveiðibanninu verður ekki aflétt nema með stórauknum meirihluta í ráðinu. Að því leyti situr allt í sama farinu.

Alþjóðahvalveiðiráðið hefur verið óstarfhæft í meira en tvo áratugi. Ástæðan er sú að meirihluti aðildarríkjanna hefur hafnað vísindalegum aðferðum við ákvarðanir um nýtingu hvalastofna.

Það er umhugsunarefni að forystuþjóðir í þekkingarheimi nútímans eins og Bandaríkin og Bretland skuli hafa forystu fyrir ákvörðunum á alþjóðavettvangi um nýtingu náttúruauðlinda þar sem blásið er á öll vísindaleg rök.

Veruleikinn er sá að það er pólitískt ódýrt fyrir þessar þjóðir að kaupa sér frið á heimavígstöðvum gagnvart öfgasamtökum af ýmsu tagi með þessum hætti. Það er helsta ástæðan fyrir því að hvalveiðisáttmálinn hefur verið fótum troðinn svo lengi sem raun ber vitni.

Þrátt fyrir þá samþykkt sem nú hefur verið gerð eru engar líkur á að í náinni framtíð fáist aukinn meirihluti til þess að gera raunverulegar breytingar á samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sú staðreynd blasir við.

Með nokkrum rökum má segja að hvalveiðar einar og sér skipti okkur ekki miklu efnahagslega. En málið er ekki svo einfalt. Á okkur hvílir sú skylda að tryggja jafnvægi í nýtingu auðlinda sjávar. Við hvorki megum né getum vikið okkur undan þeirri ábyrgð. Sú ábyrgð fylgir fullveldisréttinum.

Jafnframt er mikilvægt að draga lærdóm af þróun mál innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Um nokkurn tíma hefur gætt vaxandi tilhneigingar til þess að draga ákvarðanir um almenna fiskveiðistjórnun inn í alþjóðlegan farveg.

Utanríkisþjónustan hefur varist vel slíkum kröfum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í ljósi hvalveiðireynslunnar er afar brýnt að verja sjálfsákvörðunarréttinn um nýtingu auðlinda og rétt svæðisbundinna ríkjasamtaka á því sviði.

Við höfum jafnan hafnað þeirri tvöfeldni Bandaríkjanna að leyfa takmarkaðan sjálfsþurftarbúskap í þessum efnum með verslunarbanni. Nýtingu náttúruauðlinda á að stjórna á vísindalegum forsendum en ekki með viðskiptahöftum.

Að sumu leyti má segja að við höfum litið framhjá þessa grundvallarafstöðu okkar þegar ákveðið var að vernda rjúpnastofninn með viðskiptabanni. Við þurfum því að finna aðrar leiðir í þeim efnum til þess að veikja ekki mikilvæga eigin röksemdarfærslu í alþjóðasamfélaginu.

Þó að samþykktin frá St. Kitts og Nevis eyjum hafi kætt margt hjartað verða hvalveiðimálin áfram snúin. Eftir sem áður verður nauðsynlegt að fara þar fram með gætni en fastmótuð grundvallarmarkmið.

Mikilvægast er þó að vinna með sýnilegum hætti að framgangi málsins á alþjóðavettvangi. Þess mætti til að mynda freista að gera Norður Atlantshafs hvalveiðiráðið virkara í alþjóðlegri umræðu.

Ekki verður annað ráðið en sjávarútvegsráðherra hafi glöggt mat á þessari stöðu og tefli hvern leik af skynsemi. Sú skák er að vísu orðin löng. En aðalatriðið er að gefa ekki taflið.


**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**NÝTT** 3. vikna hraðnámskeið **4. júlí**
**NÝTT** 6. vikna hraðnámskeið **20. júlí**
... **Akureyri** 3. vikna hraðnámskeið **26. júní** (nokkur sæti laus)
**Skráning á sumarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400



HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjölskyldubönd

Framsóknarmenn hafa verið að raða í nefndir Reykjavíkurborgar eins og aðrir flokkar í borgarstjórn. Hinn gamalreyndi stjórnmálamaður, Alfreð Þorsteinsson, er hættur í pólitík og situr því ekki í neinni nefnd. Hins vegar hefur Lilja Dögg Alfreðsdóttir, dóttir Alfreðs, tekið sæti í menntaráði fyrir Framsóknarflokkinn. Lilja starfar í Seðlabanka Íslands, sem staðgengill framkvæmdastjóra, en var áður í utanríkisráðuneytinu. En þetta eru ekki einu fjölskyldutengslin í nefndum Reykjavíkurborgar því bróðir Björns Inga Hrafnssonar, Jakob Hrafnsson, er varaformaður umhverfisráðs. Jakob er auðvitað á fullu í pólitíkinni ásamt bróður sínum. Það er líka sambýliskona Jakobs, Sigríður Heiðar, sem er varamaður Framsóknarflokksins í menningar- og ferðamálaráði.



### Betri bisness

Tómas Ottó Hansson, framkvæmdastjóri Novator, hefur verið í eldlínu fjölmiðla vegna áforma um stofnun nýs farsímafyrirtækis. Tómas útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hóf störf í Seðlabanka Íslands að loknu námi. Tómas var öflugur nemandi. Laun hans hjá Seðlabankanum voru samt aðeins brot af því sem fyrrum skólafélagar hans, sem voru kannski lakari námsmenn en réðu sig til fjármálafyrirtækjanna, höfðu. Gerði Tómas grín að þessu á sínum tíma. Fór samt svo að hann snéri baki við fræðimennskunni, réð sig til Íslandsbanka-FBA og gekk síðar til liðs við Björgólf Thor Björgólfsson í Novator.

### Á réttum stað

Þegar myndir Landhelgisgæslunnar frá varðskipinu Óðni voru sendar fjölmiðlum, í tengslum við töku færeyska togarans, ráku margir upp stór augu. Á bak við Georg Lárusson forstjóra mátti sjá fjölmiðlamanninn fjölhæfa Jón Ársæl Þórðarson. Héldu margir að þarna hefði Jón Ársæll verið heppinn, að fylgja Óðni sína hinstu för til Hull og lenda í þessu ævintýri. Hins vegar er Jón Ársæll ekki í hlutverki fjölmiðlamanns um borð, að taka upp sína vinsælu þætti Sjálfstætt fólk, heldur sem maki. Kona hans, listakonan Steinunn Þórarinsdóttir, mun afhjúpa nýtt listaverk í Hull við hátíðlega athöfn. Fékk Jón Ársæll bara að fylgja með – án myndatökumanns. Því miður.



bjorgvin@frettabladid.is

## Fjölmiðlar af einni rót

Í DAG
EINMIÐLUN OG FJÖLMIÐLUN



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Kannski eru fjölmiðlalög orðin óþörf nú þegar „baugsmiðlarnir“ hafa hægt og rólega, bakdyramegin og innan frá, ummyndast í „björnstíðindi“.*

Frá upphafi fjölmiðlamálsins svokallaða var mér ljóst að það snerist ekki að nokkru einasta leyti um eignarhald á fjölmiðlum. Prósentutölur í því efni skiptu engu máli til eða frá. Það sem málið snerist um var að valdastéttin í landinu taldi sér ógnað með fjörlegri og ágengari fjölmiðlun en hér hafði tíðkast frá því að flokksblöðin liðu undir lok, sællar minningar. Enda töluðu málpípur valdsherranna aldrei um eignarhaldið í ræðum sínum, heldur veifuðu DV og fordæmdu efnistök og töluðu um „daglega misnotkun baugsmiðlanna“ á tjáningarfrelsinu án þess að nefna nokkurn tíma dæmi.

Hvar halda menn að eigendur svokallaðra baugsmiðla væru nú staddir án eignaraðildar að fjölmiðlum? Líklega á svipuðum stað og þótti við hæfi fyrir stjórnendur Hafskips á sínum tíma. Landsfeðrunum hefur alltaf þótt nauðsyn á því öðru hvoru að kenna fésýslumönnum þessa lands lexíu. Sérstaklega ef þeir hafa verið svo kristilega uppaldir að standa fast á því að gjalda eingöngu keisaranum það sem keisarans er og guði það sem guðs er – og láta undir höfuð leggjast að greiða í flokkssjóð.

Það blað sem ég er að skrifa í vildi þó engin fjölmiðlalög. Mín afstaða var sú að fjölmiðlalög væru tímabær, ef þau næðu yfir alla fjölmiðla, ríkisfjölmiðlana líka, og innihéldu ákvæði sem sérstaklega vernduðu tjáningarfrelsi fjölmiðlunga og gerðu glögg skil milli ritstjórnar, hagsmuna auglýsenda, og eigenda. Atburðir að undanförnu hafa sýnt fram á nauðsyn þess. Ekki verður annað séð en að á þessu blaði hafi blaðamenn, sem hafa kunnað glögg skil á mismun fréttaskrifa og dálkum þar sem þeir viðra skoðanir sínar undir fullu nafni, verið lítillækkaðir og hraktir brott úr starfi, beinlínis vegna rökstuddra skoðana sinna.

Styrmir og Matthías hafa margsinnis lýst því hvernig þótti við hæfi við upphaf ritstjórnardaga þeirra að frammámenn Sjálfstæðisflokksins, sérstaklega ráðherrar, hringdu í „ritstjórana“ og gæfu línu um leiðara morgundagsins og hefðu jafnvel afskipti af fréttaskrifum. Þeir vöndu þá smám saman af því, að eigin sögn. Síðan, segja þeir, hefur Morgunblaðið tekið afstöðu til málefna en ekki flokka. Ekki vílaði þó Morgunblaðið fyrir sér nýverið að mynda ríkisstjórn (GeirFinnsstjórn) í Reykjavíkurbréfi og skipta um stjórnarmenn í Framsóknarflokknum. Var það sjálfstæð afstaða morgunblaðsritstjórans, sem stýrði þar penna? Eða „lína“ frá frammámönnum flokksins? Ekki liggja þræðir frá S-hópnum þangað inn.

Enn áréttar moggi þetta „sjálfstæði“ sitt í „staksteinum“ föstudaginn 16. júní: „Ætli sú hugsun finnist ekki í kolli stjórnmálamanna að dagblöð á Íslandi nú um stundir taki afstöðu til málefna en ekki flokka.“

Það hefur nefnilega hvarflað að einhverjum mönnum að allir fjölmiðlar á Íslandi væru komnir undir einsleita stjórn, sem ætti rætur að rekja, merkilegt nokk, til Sjálfstæðisflokksins og Morgunblaðsins!

Og þessir „einhverjir“ eru ekki bara einhverjir öfgamenn sem dirfast að standa ögn til vinstri við Reagan og Bush og Hannes Hólmstein. Í staksteinum Morgunblaðsins 3. febrúar 2006 er grobbað af eftirfarandi: „Þorsteinn Pálsson hefur verið ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins. Hver er hann? Hann er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann steig sín fyrstu spor á ritstjórn Morgunblaðsins. Hann er meira að segja einn af fyrrverandi höfundum þessa dálks!

Ari Edwald hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri 365 miðla. Hver er hann? Hann á að baki langan feril í Sjálfstæðisflokknum. Hann er fyrrverandi aðstoðarmaður Þorsteins Pálssonar frá ráðherratíð hans.

Björgvin Guðmundsson hefur verið ráðinn ritstjóri DV. Hann er fyrrverandi formaður Heimdallar. Hann er meira að segja fyrrverandi blaðamaður á Morgunblaðinu.

Árvakur h.f. hefur eignast helming í Blaðinu. Ásgeir Sverrisson hefur verið ráðinn ritstjóri Blaðsins. Hver er hann? Hann hefur starfað í áratugi á Morgunblaðinu. Nánasti samstarfsmaður hans um árabil á því blaði var Björn Bjarnason, núverandi dómsmálaráðherra.“

Kannski er orðið meira við hæfi að kalla íslenska fjölmiðla upp til hópa „björnstíðindi“.

Davíð Oddsson hikaði ekki við að stofna heilsu sinni í voða til að þröngva fjölmiðlalögum gegnum ríkisstjórnarflokkana, mynda gjá milli þings og þjóðar, brjóta stjórnarskrána og ógna forsetaembættinu. Svo mikils þótti honum við þurfa til að samvöxnu tvíburarnir í ríkisstjórninni næðu tangarhaldi á fjölmiðlum með lögboði. Allt var það til einskis og enn bíða fjölmiðlalög meðferðar á Alþingi. Kannski eru þau orðin óþörf nú, þegar „baugsmiðlarnir“ hafa hægt og rólega, bakdyramegin og innan frá, ummyndast í „björnstíðindi“, eða „blátíðindi“ og fjölmiðlungum kunngert með áþreifanlegum dæmum, að víki þeir út af línunni bíða þeirra sömu örlög og rússneskra kollega þeirra undir handfastri stjórn Pútíns?


MARKAÐURINN

**Mest lesna viðskiptablaðið**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## HEILLAÐUR AF HERBÍLUM

Þórir Rúnarsson segir Volvo Valp mjög þægilegan í akstri og henta vel sem ferðabíl.

BÍLAR 2

## NÁTTÚRUPERLAN Í HEYDAL

Í Mjóafirði í Djúpi er bærinn Heydalur. Ábúendur á bænum reka þar myndarlega ferðaþjónustu.

FERÐIR 5





## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR NÁM ]

**Sektir** fyrir að tala í farsíma á meðan ekið er hafa hækkað í flestum Evrópulöndum síðustu mánuði og víða hafa þær verið tvöfaldaðar samkvæmt frétt á heimasíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Dýrast er að vera tekinn við að tala í farsíma í Portúgal en þar er sektin 56.500 krónur. Sums staðar er ekki nóg að leggja bílnum til þess að tala í símann því að lögreglan sektar alla þá sem tala í símann á meðan þeir sitja undir stýri, hvort sem bíllinn er á ferð eða ekki.



**Mímir-símenntun** býður upp á leiklistarnámskeið í sumar fyrir börn á aldrinum sex til tólf ára. Á námskeiðunum er lögð áhersla á ímyndunarafl, einbeitingu og þor auk útiveru. Næsta námskeið hefst 26. júní og lýkur 30. júní og námskeiðsgjald er 15.200 krónur.

**Hróarskelduhátíðin** verður haldin dagana 29. júní til 2. júlí næstkomandi. Þeir Íslendingar sem þegar hafa tryggt sér miða eiga eflaust eftir að skemmta sér vel en aðrir verða að bíða eftir næstu hátíð þar sem uppselt er á hátíðina í ár.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 21. júní, 172. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.54 | 13.29 | 24.05 |
| Akureyri | 1.24 | 13.14 | 1.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




„Allt nám eykur sjálfsöryggi og bætir lífsgæði," segir Steinunn H. Hafstað, fjarnámsstjóri Fjölbrautaskólans við Ármúla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjöldi í fjarnámi

***Margir nýta sumarvikurnar til að auka þekkingu sína. Það sannar aðsóknin að fjarnámi við Fjölbrautaskólann við Ármúla.***

„Þetta er fimmta sumarið sem við bjóðum upp á fjarnám við skólann að sumri til og ég held við höfum aldrei verið með fleiri nemendur en nú. Hátt í 800 manns hafa staðfest þátttöku sína," segir Steinunn H. Hafstað fjarnámsstjóri. „Áfangarnir eru þó með færra móti, eða fimmtíu talsins og fjölmennustu greinarnar eru enska og íslenska. Eins er sagan dálítið vinsæl. Við erum með þrjá áfanga í henni," heldur hún áfram. En hvaða fólk sækir skólann að sumri til?

„Það er fólk sem er að flýta fyrir sér í námi og styrkja stöðu sína í einstökum greinum, til dæmis ef það vantar viðbót til þess að komast inn í einstakar deildir háskóla. Ýmsir vilja líka bæta hæfni sína á vinnustað. Svo eru hér nemendur sem hafa fallið í einum áfanga eða tveimur í einhverjum af framhaldsskólum landsins og nýta sumarið til að taka þá upp en þyrftu kannski annars að fresta námi um eitt ár. Síðan er fólk sem stökk úr skóla fyrir einhverjum árum að byggja brú og hefja nám að nýju."

Heilbrigðisskólinn er ein af skrautfjöðrum FÁ og nokkrir áfangar í honum eru kenndir yfir sumarið.

Steinunn segir um þrjátíu kennara að störfum en þar sem um fjarkennslu er að ræða geta þeir stundað sína vinnu hvar sem er í heiminum ef þeir hafa aðgang að nettengdri tölvu. Því er hún spurð hvort starfsfólk skólans sjái aldrei sumarnemana. „Ekki fyrr en þeir koma í prófin. Lokaprófið er það eina sem þeir geta ekki tekið gegnum tölvu. "

Það eina sem Steinunn segir neikvætt við fjarnám að sumrinu er kostnaðurinn. „Þetta er dálítið dýrt. En einstaka verkalýðsfélag veitir fólki styrki ef það er á vinnumarkaðnum. Allt nám eykur sjálfsöryggi og bætir lífsgæði," segir hún og leggur áherslu á að fólk sé aldrei of gamalt til að hefja nám sé viljinn fyrir hendi.

*gun@frettabladid.is*


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



*MS drykkjarvörur í útileguna*

*MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.*

# Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.


3ja ára


6 ára


9 ára


12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Gott er að muna eftir** barnadóti í bílinn fyrir ferðalagið. Bækur til að lesa, litabækur, límmiðar og blað eða skemmtilegt spil getur gert bílferðina mun ánægjulegri. Fyrir börn og foreldra.













ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066










Þórir við einn trukkinn sem er falur. Húsið er vel manngengt og í því eru allar lagnir fyrir olíumiðstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Heillaður af herbílum

***Þórir Rúnarsson segir Volvo Valp mjög þægilegan í akstri og henta vel sem ferðabíl.***

Volvo Valp c 303 er sex hjóla hertrukkur með 3ja lítra vél, 36“ hjólbörðum og leyfða heildarþyngd upp á rúm fjögur tonn. Þórir hefur í félagi við annan mann flutt inn fimm notaða bíla af þessari tegund. „Við fengum símhringingu frá Hamborg og vorum spurðir hvernig okkur litist á þetta. Eftir að hafa fengið senda mynd af bílunum ákváðum við að slá til,“ segir Þórir.

„Bílarnir voru notaðir sem sjúkraflutningabílar og eru með stórt hús, enda mikið notaðir sem ferðabílar víða um Evrópu. Það kom mér mjög á óvart hvað þeir eru liprir og gott að keyra þá. Þeir eru með læsingar á öllum hásingum og niðurgírun úti við hjól, þannig að það er mjög hátt undir hásingarnar. Hámarkshraðinn er samt ekki nema 70 eða 80 þannig að það er eins gott að vera ekki með mjög slasaða sjúklinga,“ segir Þórir á léttu nótunum.

Bílarnir voru skráðir níu manna við komuna til landsins og eru með öryggisbelti í samræmi við það. Þórir segir að vel hafi gengið að flytja fyrstu tvo bílana til landsins en eftir það hafi komið babb í bátinn. „Þá gróf einhver upp þýska reglugerð frá sjötta áratugnum um að bannað væri að flytja hergögn úr landi. Eftir bréfasamskipti við þýska varnarmálaráðuneytið fengum við þó leyfi.“



Sænska orðið valp þýðir hvolpur. Hvernig ætli hundurinn sé þá?

Þórir segir að bílarnir séu allir ætlaðir til endursölu. Tveir séu seldir nú þegar og báðir komnir á 38“ dekk, enda smella þau beint undir. Sjálfur keyrir Þórir um á Hummer-jeppa og er með annan slíkan í breytingu í bílskúrnum. Hvað er það eiginlega við herbíla sem heillar svona mikið? „Ég veit ekki, þetta er bara einhver della í manni. Sumir safna frímerkjum. Ég hef aldrei verið fyrir straumlínulagaða bíla. Þetta er hálfgerð veiki en sem betur fer eru fleiri sýktir,“ segir Þórir hlæjandi.

*einareli@frettabladid.is*

# Fornir og fræknir hittast á landsmóti um helgina

***Fornbílaklúbburinn heldur landsmót sitt á tjaldstæðinu á Selfossi á laugardaginn.***

Mikið verður um dýrðir á Selfossi nú á laugardag þegar samankomnir verða margir af elstu bílum landsins. Þá er ekki bara átt við þá bíla sem lengi hafa verið í landinu heldur líka þá sem hafa verið fluttir inn gamlir á síðustu misserum.

„Þetta er samkoma á vegum Fornbílaklúbbsins en öllum er boðið að taka þátt. Það verður mikið húllumhæ,“ segir Guðmundur Þór Ármannsson, einn af driffjöðrunum í klúbbnum. Hann kveðst búinn að hringja í fullt af strákum. „Krúsararnir ætla að mæta og vonandi einhverjir af Kvartmílufélögunum gömlu,“ segir hann kátur.

Guðmundur spáir góðu veðri og vonast því til að geta verið meira utandyra en innan. „Annars var mesta fjör hjá okkur í fyrra þó að rigning væri því Bílaklúbbur Akureyrar var með svo stórt tjald að það rúmaði mikinn fjölda.“ Hann segir fólk ætla að koma sér fyrir á föstudagskvöldið en aðalhátíðin sé á laugardag. Þetta verði fjölskylduvæn skemmtun með hoppukastölum og leiktækjum fyrir börnin.



Fallegir fornbílar munu verða áberandi á Selfossi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Við keyrum sjálfsagt eitthvað um en í hitteðfyrra var veðrið svo gott að við fórum bara seint á rúntinn því það var svo mikill fjöldi fólks að skoða bílana allan daginn,“ segir Guðmundur Þór og hlakkar greinilega til helgarinnar. *- gun*


Innbrot í bíla eru mjög algeng.

# Forðumst innbrot

***Innbrot í bíla eru töluvert algeng og það er full ástæða til þess að vera á varðbergi gegn bíræfnum þjófum. Hér eru nokkur atriði sem lögreglan bendir bílaeigendum á.***

Varast ber að skilja varning eftir í bílnum því jafnvel tóm íþróttataska getur virst verðmæt og þar af leiðandi freistað óprúttinna aðila. Innbrotsþjófur sér ekki hvort lokuð skjalataska í bílnum sé tóm eða full af verðmætum, og að öllum líkindum sjá þeir fyrir sér að í töskunni séu peningar eða önnur verðmæti. Falinn varningur gefur vísbendingar um verðmæti og fyrsti staður sem þjófar leita í er hanskahólfið.

Verkfæri eru einnig mjög góð söluvara og því er ástæða til að taka verðmætustu verkfærin úr bílnum þegar hann er yfirgefinn.

Límmiðar og annað sem gefur til kynna dýr hljómflutningstæki eykur hættuna á innbrotum og því ætti enginn að auglýsa hljómflutningstækin í bílnum með límmiðum. Mörg innbrot í bíla eru upplýst vegna þess fólk í nágrenni gerir lögreglu viðvart um grunsamlegar mannaferðir. Það ætti því að forðast að leggja bílum á fáförnum og dimmum stöðum sem gefa þjófum gott næði til þess að athafna sig.

*- vör*

## Munum eftir frostleginum

Þó svo að sumarið sé gengið í garð og hitinn fari ekki lengur undir frostmark þá er frostlögur í bílinn samt sem áður jafn nauðsynlegur. Kælikerfi bílhreyfilsins gegnir mikilvægu hlutverki og áður en haldið er af stað í ferðalag er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að nægur kælivökvi sé á kerfinu. Kælivökvi í slíkum kerfum er vatn og frostlögur og þó svo að ekki sé hætta á því að neitt frjósi á sumrin þá ver frostlögurinn kælikerfið gegn ryði.



# Öruggur sportjepplingur

***SX4 er nýr sportjepplingur frá Suzuki.***

Útlit bílsins er kröftugt, veghæðin 19 cm og fjöðrunin er sniðin fyrir fjölbreyttar aðstæður.

Hönnun SX4 gefur ökumanni og farþegum mikið rými, hátt aðgengi og góða yfirsýn. Intelligent AWD drifbúnaður SX4 gefur möguleika á framdrifi, sjálfvirku sítengdu fjórhjóladrifi og læstu fjórhjóladrifi. Í SX4 sameinast eiginleikar fólksbíls og fjórhjóladrifseiginleikar jeppa.

Staðalbúnaður í SX4 er meðal annars tölvustýrð loftkæling, sex árekstrapúðar, 3-punkta belti við öll sæti, þokuljós í framstuðurum, ABS-hemlar með EBD-átaksdreifingu, lykillaust aðgengi og ræsing og útvarp með geislaspilara, sex hátölurum og fjarstýringu í stýri.


Suzuki SX4 sameinar eiginleika fólksbíls og jeppa.



## Chrysler afturkallar vegna eldhættu

Bílaframleiðandinn Daimler Chrysler glímir nú við óvenjulegt vandamál. Fyrirtækið hefur nýlega þurft að afturkalla 111.000 Jeep Grand Cherokee bíla í Bandaríkjunum eftir að í ljós kom að rafmagnshitarar í farþegasætum geta ofhitnað og valdið eldhættu.

Galla þennan er að finna í árgerðum 2003 og 2004 af jeppunum og segja talsmenn fyrirtækisins að þegar megi rekja eldsupptök í 32 bifreiðum til gallans. Fyrirtækið mun því skipta sætishiturunum út, bifreiðaeigendum að kostnaðarlausu.


Nú er sumar
ÁLFELGUR OG DEKK!



Samsettur gangur á þrusuverði
99.900 kr. ~~(151.530 kr.)~~
Chaparral 265/75R16 dekk og 16x8 Carryboy álfelgur.




ÁLFELGUR margar stærðir

Dick Cepek álfelgur á tilboði frá 13.700 kr./stk.





Samsettir dekkja- og felgugangar á flestar gerðir japanskra jeppa og pallbíla með 15% afslætti

STRAPPAR

Strappar í ýmsum lengdum, 1 eða 2 saman í pakka.
**1 pakki - 350 kr.**
**5 pakkar - 1.000 kr.**

LJÓS á tilboðsverði

KC ljósakastarar - 100W, 6" punktljós með rafkerfi.
**8.500 kr. settið.**

ÁLBOX

Álbox í ýmsum stærðum fyrir ferðalagið.

06-0014 KC

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



allt
heimili
Alla fimmtudaga

# Tucson efstur í flokki smærri sportjeppa

***Hyundai Tucson bar nýlega sigur úr býtum í flokki smærri sportjeppa í IQS gæðakönnun J.D Powers. Í öðru og þriðja sæti voru Honda CR-V og Nissan Xterra.***

Hyundai Tucson sigraði í flokki smærri sportjeppa (Multi Activity Vehicles) í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Powers. Könnunin var að þessu sinni tvískipt og sneri annars vegar að framleiðslugæðum og hins vegar að hönnunargæðum. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi háttur er hafður á, en hingað til hefur IQS gæðakönnunin eingöngu tekið á því fyrrnefnda. Hún mælir því ekki aðeins áreiðanleika bíla hvað varðar bilanir og önnur tæknileg vandkvæði, heldur einnig hversu vel hönnun bíls fellur fólki í geð með hliðsjón af til dæmis þægindum og notagildi.

Í öðru og þriðja sæti í þessum flokki voru Honda CR-V og Nissan Xterra. Þá hefur vakið talsverða athygli að Hyundai var í þriðja sæti í framleiðandahluta könnunarinnar, rétt á eftir Porsche og Lexus og segir í niðurstöðum hennar að Hyundai hafi þar með sannað sig sem fremsti framleiðandinn í almennum flokki. IQS könnunin fer fram árlega á vegum alþjóðlega ráðgjafar- og markaðsrannsóknarfyrirtækisins J.D. Power og byggir á svörum rúmlega 60.000 bíleigenda 90 dögum eftir að bílakaup fóru fram.



Hyundai Tucson sigraði í flokki smærri sportjeppa í IQS gæðakönnun J.D Powers sem nýlega fór fram.


www.velaborg.is S: 414 8600

Bobcat



**Bobcat 316**
Beltavél, 820kg
Til á lager



**Bobcat 319**
Beltavél, 1400kg
Væntanlegar



**Bobcat 323**
Beltavél, 1753kg
Til á lager



**Bobcat 331**
Beltavél, 3378kg
Til á lager



**Bobcat 337**
Beltavél, 5147kg
Til á lager



**S 175 Loader**
2633kg
Til á lager



**2200 D Bíll**
Væntanlegur

Vélaborg ehf.

**Reykjavík** Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík
Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601
**Akureyri** Narðarnesi 2 • 603 Akureyri
Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601



4×4 TORLEIÐI



# Í fyrsta sinn á Ísland
# Toyota FJ Cruiser

**Vél:** 4,0L V6 24 ventla 239 hestöfl
**Sjálfskipting:** 5 þrepa með "Overdrive".
**Drifbúnaður:**
• Sjálfskiptur: Fjórhjóladrifin með háu og lágu drif.
• Beinskiptur: Sídrif með háu og lágu drifi, spólvörn og stöðugleikakerfi.
**Fáanlegir litir:** Gulur, svartur,dökkrauður,silfur og blár.
**Ábyrgð:** Tveggja ára ábyrgð.
**Lánamöguleikar:** 20% útborgun afg. til allt að 84 mán.

**Búnaður í sýningarbíl:**
ABS bremsukerfi, litað gler, líknabelgir, loftkæling, rafdrifnar rúður, vökvastýri, hliðarrör, "TRD Performance" púströr, "16 TRD álfelgur með heilsársdekkjum, hlíf undir vél, driflæsing að aftan. **"Convenience" pakki:** Rafknúnir álútispeglar, bakkskynjari, dökkt gler, lykillaust aðgengi, hraðastillir ("CruiseControl"), afturrúðuþurka, líknabelgir hjá bílstjóra og farþega - hliðarlíknabelgir í lofti fyrir 1. og 2. sætaröð.
**"Convenience" pakki (PPO):** Þakbogar, dráttarkrókur, hlíf yfir varadekk.
**"Prefered Premium Accessory" pakki:** Gólf fyrir alla veðráttu og motta í farangursrými, geymsla í afturhurð, sjúkrakassi, armpúði fyrir bílstjóra og farþega.

**Verð frá: 4.746 þús.**
**Verð á sýningarbíl: 5.584 þús.**

**Sýningarbíll á staðnum.**

**www.sparibill.is**

SPARI bíll
Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344



**Ferðalagið** þarf ekki að vera langt til þess að það sé skemmtilegt. Bíltúr rétt fyrir utan bæjarmörk með stoppi í ísbúð getur verið ansi huggulegur.



Gestir eru duglegir að nota náttúrulega heita pottinn í Heydal í Mjóafirði.

# Náttúruperlan í Heydal

***Í Mjóafirði í Djúpi er bærinn Heydalur. Ábúendur á bænum reka þar myndarlega ferðaþjónustu enda býður svæðið upp á mikla möguleika fyrir ferðamenn. Heit jarðlaug er skammt frá bænum og er hún eins og sjá má vinsæl meðal gesta.***

Stella Guðmundsdóttir og fjölskylda hennar bjóða upp á mjög gott gistirými fyrir 19 manns í tveggja manna herbergjum sem öll eru með sér baðherbergi. Gamalli hlöðu og fjósi við bæinn var breytt í nýtískulegt gistirými og segir Stella að nóg sé í boði fyrir ferðamenn á svæðinu. „Við erum meðal annars með veitingasal með morgunverðarhlaðborði, hestaleigu og kajakleigu,“ segir hún og bætir því jafnframt við þau skipuleggi einnig bæði hestaferðir og kajakferðir í nágrenni bæjarins. „Við bjóðum gestum upp á skipulagðar kajakferðir meðfram ströndinni í Mjóafirði og hestaferðir upp á Veiðivatn sem er hér í nokkurra kílómetra fjarlægð.“ Á svæðinu við Heydal er einnig tjaldsvæði og vinna ábúendur nú að því að bæta aðstöðuna þar, meðal annars með því að koma sturtuklefum fyrir á tjaldsvæðinu. Inni í endurnýjuðu hlöðunni er einnig góð aðstaða til þess að spila borðtennis, badminton og körfubolta ásamt stærðarinnar trampólíni sem gestir geta leikið sér á.

„Við höfum núna í sumar verið að gera tilraunir með skipulagðar gönguferðir hér inn dalinn, enda er þetta mjög fallegt svæði þar sem Heydalsáin liðast um,“ segir Stella.

Skammt frá bænum er falleg náttúruleg jarðlaug sem gestir eru duglegir að baða sig í. „Það er heit uppspretta undir pottinum og er hann mjög vinsæll hjá gestum. Hitinn í pottinum er um það bil 39-40 gráður,“ segir Stella. Ferðamannatímabilið er komið vel af stað að mati Stellu og segir hún að nóg sé að gera í ferðaþjónustunni í Heydal. „Við fáum fleiri Íslendinga heldur en útlendinga enda skipuleggja Íslendingar sín ferðalög frekar eftir veðri og elta blíðuna.“

valgeir@frettabladid.is

## flugstöð }



## Farþegum fjölgaði um Leifsstöð

TALSVERT FLEIRI FÓRU UM FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR Í MAÍ Í ÁR EN SAMA MÁNUÐ Í FYRRA.

Farþegum sem fara um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp 15 prósent í maí miðað við sama tíma í fyrra. Tæplega 165 þúsund manns fóru þar um í maí í ár en í fyrra voru þeir rúmlega 143 þúsund. Fjölgunin er öll bundin farþegum til og frá Íslandi því þeim sem millilenda hér á leið sinni yfir Norður-Atlantshafið fækkaði um 7 prósent.




allt matur
Alla föstudaga

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta



Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Safnaðu Vildarpunktum

Hertz
50 50 600 • www.hertz.is



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 21. júní 2006 – 23. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa



**Hugverkasjóður Íslands**
Höfundarrétturinn fyrirfram

8

**HM í fótbolta**
Barist utan vallar sem innan

10-11

**Ráðgjöf greiningardeilda**
Er eitthvað að marka hana?

18


# Hlutabréf Baugs rýrna um milljarða

## Tíu milljarða króna lækkun á skráðum bréfum í júní. Framkvæmdastjóri hefur ekki áhyggjur af sveiflum.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Sigið hefur á ógæfuhliðina hjá Baugi Group í júní eftir að hlutabréfamarkaðir tóku að falla hratt um gervallan heim af ótta fjárfesta við áframhaldandi vaxtahækkanir.

Baugur er umsvifamikill fjárfestir á Íslandi, í Danmörku og Bretlandi en stærstu fjárfestingar félagsins, sem eru hlutabréf í Dagsbrún (36,3%), FL Group (18,3%), Keops (30,0%) og Mosaic Fashions (36,8%), eru næmar fyrir breytingum á mörkuðum og sveiflast jafnan meira en önnur hlutabréf.

„Það er ljóst að ef reiknaðar eru lækkanir á gengi hlutabréfa okkar þá eru það umtalsverðar fjárhæðir. En það er nú bara þannig að við erum heldur ekki mjög uppteknir af því þegar bréfin hækka skarpt. Þetta er bara hluti af því að eiga viðskipti með skráð hlutabréf,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri norrænna fjárfestinga Baugs. Hann segist ekki hafa tölur á reiðum höndum er gefi til kynna gengistap Baugs á síðustu dögum og vikum, en samkvæmt heimildum blaðsins nemur gengistap félagsins af hlutabréfum tæpum tíu milljörðum króna það sem af er júní.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins nam óinnleystur gengishagnaður Baugs af skráðum hlutabréfum 1,4 milljörðum króna, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, og munaði þar mestu um hagnað af dönsku fasteignafélögunum Keops, Nordicom og innleystan hagnað, meðal annars af sölu á fimm prósenta hlut í FL Group til Landsbankans. Frá áramótum nemur því heildartap Baugs af skráðum hlutabréfum sínum 8,5 milljörðum króna.

Frá byrjun árs er tæplega 8,5 milljarða tap af innlendum hlutabréfum, þar af fjögurra milljarða gengistap af eign í Mosaic Fashions og um 2,3 milljarða tap af FL Group. Virði hlutar Baugs í Keops hefur rýrnað um 2,4 milljarða króna á árinu. Verðmæti eignarhlutar Baugs í Dagsbrún hefur lækkað um einn milljarð og um 700 milljónir króna í French Connection og Glitni.

**HLUTABRÉF BAUGS***

| | |
|---|---|
| Ísland | -8.500 |
| Danmörk | -1.100 |
| Bretland | -800 |
| Innleystur hagnaður | +2.000 |
| Samtals | -8.400 |

** Breytingar á markaðsverðmæti hlutabréfa frá áramótum í milljörðum króna.*

Sá eignarhlutur sem hefur hækkað mest á árinu er hlutur í danska fasteignafélaginu Nordicom sem hefur hækkað yfir 1,2 milljarða króna.

Skarphéðinn bendir á að þrátt fyrir að fjárfestingasafn Baugs hafi lækkað mikið megi ekki gleyma því Baugur fór inn í flest þessara félaga á mun lægra gengi en um þessar mundir. Baugur keypti til dæmis í Keops á genginu tólf en það stendur nú í 21. „Við erum á því að þetta séu góð félög og lítum á þau sem langtímafjárfestingu.“

# Dagsbrún skipt upp

Stjórn Dagsbrúnar hefur boðað til hluthafafundar á föstudag þar sem tillaga stjórnar um skiptingu Dagsbrúnar og samruna við Og fjarskipti verður tekin fyrir. Breytingin er til komin vegna skilyrða Samkeppnisráðs fyrir samþykki á kaupum Dagsbrúnar á 365 ljósvakamiðlum ehf.



**ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Stjórnarformaður Dagsbrúnar

Með skiptingunni verður fjarskiptarekstur og ljósvakamiðlar fjárhagslega aðskildir. Hluti eigna og skulda Dagsbrúnar mun renna inn í Og fjarskipti og skuld Og fjarskipta við Dagsbrún mynduð.

Hluthafar í Dagsbrún munu fá hlutafé í Og fjarskiptum á skiptihlutfallinu 1. Greiningardeild Glitnis segir að einungis sé um lagformlega breytingu á rekstrarformi að ræða sem ekki hafi áhrif á verðmæti eignarhluta hluthafa. **- hhs**

# Fiskimjölsverð hækkar

Verð á fiskimjöli náði nýjum hæðum í síðustu viku þegar 1.450 dalir fengust fyrir tonnið, eða rúmlega 108.000 krónur.

Ástæða hækkunarinnar er í frétt El Diario Financiero í Chile sögð vera sú að uppsjávarafli hafi dregist saman um meira en 20 prósent á síðustu tólf mánuðum og að rekstrarkostnaður útgerðarfélaga hafi á sama tíma hækkað verulega. Fiskifréttir greindu frá.

Mikil eftirspurn er sögð eftir mjöli til fóðurframleiðslu, en í Noregi jókst sala á fiskafóðri um rúmlega 12 prósent í fyrra, fór úr 807.000 tonnum í 906.000 tonn. Það séu þó smámunir miðað við ört vaxandi fóðurþörf í löndum á borð við Kína og fleiri lönd í Asíu og Suður-Ameríku. **- hhs**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Snúa aftur** | Eftir nokkurt hlé var tilkynnt um útgáfu krónubréfa þegar þýski þróunarbankinn KfW jók útgáfu sína um fimm milljarða króna og er þá kominn í 59 milljarða króna.

**Á markað** | Aðild Føroya Banka að Kauphöll Íslands varð virk í vikunni og er þess væntst að viðskipti með færeysk bréf aukist í kjölfarið.

**Nýtt fyrirtæki** | Fjarskiptafyrirtæki í eigu Novator hefur fengið tilraunaleyfi til reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfis og hyggst hefja alhliða fjarskiptaþjónustu hér á landi.

**Lítil verðbólga** | Verðbólgan á evrusvæðinu mældist 2,5 prósent í maí, sem er 0,1 prósenti meira en í apríl, samkvæmt útreikningum Evrópusambandsins.

**Íslensk útrás** | Pizza Hut á Íslandi hefur gengið frá samningi um kaup á Pizza Hut-vörumerkinu í Finnlandi af fjölmiðlafyrirtækinu Rautakirja.



**Bæta við** | Straumur-Burðarás er kominn með tíu prósent hlutafjár í olíu- og gasframleiðandanum Tanganyika og er hlutur Straums metinn á tæpa fjóra milljarða króna.

**Íbúðaverð lækkar** | Íbúðaverð lækkaði um 0,2 prósent á höfuðborgarsvæðinu í maí frá fyrra mánuði. Fjölbýli lækkaði um 0,2 prósent en sérbýli um 0,1 prósent.

**Selja skuldabréf** | Fjárfestar skráðu sig fyrir öllu sem í boði var í skuldabréfaútboði sem Finnair stóð fyrir. Alls voru skuldabréf seld fyrir sem nemur 9,5 milljörðum króna.

# Spænski boltinn á lausu

Þriggja ára samningur Sýnar um útsendingarrétt frá spænsku fyrstu deildinni í knattspyrnu er útrunninn. Viðræður hefjast í sumar um endurnýjun samningsins. Búist er við auknum áhuga á spænsku knattspyrnunni hér á landi í kjölfar kaupa Spánarmeistara Barcelona á íslenska landsliðsfyrirliðanum Eiði Smára Guðjohnsen.



**EIÐUR SMÁRI Í BÚNINGI** Búist má við auknum áhuga á spænsku knattspyrnunni.

Íslenska sjónvarpsfélagið fer með útsendingarétt á Ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, þar sem Eiður Smári lék áður fyrir Englandsmeistara Chelsea. Jón Haukur Jónsson, framleiðslustjóri enska boltans, hefur ekki áhyggjur af því að áhugi á enska boltanum dvíni í kjölfar brotthvarfs íslenska landsliðsfyrirliðans. „Eiður Smári hafði vissulega aðdráttarafl en menn hafa ekki áhuga á ensku knattspyrnunni eingöngu vegna hans. Síðan bætast náttúrulega tveir Íslendingar við næsta vetur; Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson hjá nýliðum Reading.“

Sigurður G. Guðjónsson, þáverandi formaður Norðurljósa, sagði á sínum tíma að Skjár einn hefði greitt 210 milljónir króna fyrir þriggja ára samning um útsendingar frá ensku úrvalsdeildinni. Ætla má að talsvert lægri verðmiði sé á spænska boltanum. **- jsk**


Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans EUR, USD og GBP eru þrír nýir sjóðir sem henta fjárfestum sem vilja fjárfesta til lengri eða skemmri tíma í viðkomandi mynt. Lágmarksfjárfestingartími er einn dagur og lágmarkskaup eru € 1.000, $ 1.000 og £ 1.000. Markmið sjóðanna er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður eða gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

£ ISK $ €

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GOTT FÓLK McCANN

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -3% | 26% |
| Alfesca | -9% | -15% |
| Atorka Group | -2% | -10% |
| Bakkavör | -7% | -13% |
| Dagsbrún | -5% | -7% |
| FL Group | -7% | -9% |
| Flaga | -3% | -17% |
| Glitnir | -4% | -1% |
| KB banki | -4% | -3% |
| Landsbankinn | -6% | -21% |
| Marel | -1% | 6% |
| Mosaic Fashions | -2% | -20% |
| Straumur | -3% | 8% |
| Össur | -7% | -9% |

**Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Íslendingar á leiðtogaþingi

Kári Stefánsson, stjórnarformaður og forstjóri deCode Genetics, og frumkvöðullinn og fjárfestirinn Björgólfur Thor Björgólfsson, voru meðal leiðtoga fyrirtækja, hátt settra opinberra starfsmanna og fræðimanna sem héldu erindi á leiðtogaþingi Forbes sem fram fór í Kaupmannahöfn 19. til 20. júní.

Á þinginu var leitast við að skyggnast inn í framtíð Evrópu sem stendur frammi fyrir ýmiss konar ógnum eins og ört vaxandi samkeppni úr austri. Evrópubúar virðast klofnir í afstöðu sinni til ýmissa mála og var á ráðstefnunni meðal annars leitað svara við því hvernig Evrópa getur fundið rétt jafnvægi reglugerða án þess að hefta sköpunargleðina sem er nauðsynleg til að vinnuaflið fái blómstrað. Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að nútímavæða evrópsk hagkerfi en menn greinir á um hvaða leiðir á að fara til þess.


KÁRI STEFÁNSSON

Kári tók þátt í „tæknitali“ þar sem því var meðal annars velt upp hvar framtíðarmöguleikarnir liggja fyrir evrópska tækni og hvernig tækninýjungar munu koma til með að breyta evrópsku viðskiptaumhverfinu. Björgólfur Thor var meðal þeirra sem ræddu umhverfið sem evrópskir frumkvöðlar búa við í Evrópu. Var því meðal annars velt upp hvort metnaðurinn í ríkjum Evrópu fari dvínandi og hvort velferðarskipulagið í Evrópu séu ef til vill ekki til þess að efla frumkvöðlaandann. - hhs

# Woolworths lækkað

Credit Suisse hefur lækkað verðmat sitt á bresku verslanakeðjunni Woolworths úr 35 pensum á hlut í 25. Ein meginástæða fyrir þessari lækkun er sögð vera sú að sölusamdráttur á fyrstu nítján vikum ársins var meiri en Credit Suisse hafði reiknað með.

Fyrirtækið lækkar spá sína um hagnað Woolworths fyrir skatta á þessu ári um 28 prósent og býst við að hann verði 37 milljónir punda, eða 4,4 milljarðar króna.

Baugur á yfir fimm prósenta hlut í Woolworths, sem stóð í 30,5 pensum á hlut í gær. - eþa



# Smærri hluthafar í EJS keyptir út

## Markaðsverðmæti EJS 2,1 milljarður króna.

Dagsbrún hefur keypt 21,45 prósent hlutafjár í EJS af 343 hluthöfum. Viðskiptin fara fram á genginu 5,23 og nemur heildarvirði þeirra 450 milljónum króna. Seljendur fá bréf í Dagsbrún í staðinn á genginu 6,18.

Með hliðsjón af þessum viðskiptum fæst út að markaðsverðmæti EJS er um það bil 2,1 milljarður króna.

Skýrr, dótturfélag Kögunar, sem er í eigu Dagsbrúnar, eignaðist rúman meirihluta í EJS í febrúar. Kaupverð var trúnaðarmál. Samanlagt eiga Dagsbrún og Kögun því um 96,5 prósent í EJS og ætla að leggja til við stjórn EJS að aðrir hluthafar sæti innlausn á hlutum sínum.

Hlutabréf í EJS fóru vel yfir gengið 20 á hlut á velmektarárum gráa markaðarins um síðustu aldamót en flestir seljendur, sem margir eru fyrrverandi og núverandi starfsmenn fyrirtækisins, keyptu bréfin á mun hærra gengi en þeir selja. Vitað er um dæmi af fyrrverandi starfsmanni sem keypti bréf í EJS fyrir eina milljón króna árið 1999 en fær nú um 200 þúsund krónur í hlutabréfum í Dagsbrún, eða fimmtung af upprunalegu kaupverði. - eþa

# Óskhyggja í spá ráðuneytis

## Fjármálaráðuneytið spáir 7,8 prósenta verðbólgu í ár og tæplega eins prósents hagvexti á næsta ári.

**Jón Skaftason**
skrifar

„Þetta virðist vera ósk fjármálaráðuneytisins um ofurmjúka lendingu,“ segir Lúðvík Elíasson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, um endurskoðaða þjóðhagsspá ráðuneytisins og segir jaðra við óskhyggju. „Þeir virðast ekki gera ráð fyrir að einkaneyslan fylgi hagsveiflum eins og hún hefur hingað til gert, auk þess sem mér þykir það fullmikil bjartsýni að ætla að halda samneyslunni í skefjum nú í aðdraganda kosninga.“

Tæplega eins prósents hagvöxtur verður á Íslandi árið 2007 samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Fram kemur að umtalsverður samdráttur í fjárfestingu verði það ár vegna loka yfirstandandi stóriðjuframkvæmda en bati í utanríkisviðskiptum nái að viðhalda hagvexti. Áætlað er að 4,7 prósenta hagvöxtur verði í ár og 2,3 prósent árið 2008.

Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir helstu tíðindin þau að gert sé ráð fyrir minni hagvexti en áður. „Við höfum endurmetið eldri spá okkar, einkum vegna þess að við búumst við enn frekari stýrivaxtahækkunum, og að gengi krónunnar verði lægra að meðaltali í ár en við gerðum ráð fyrir í fyrri spá. Þá verður verðbólga sömuleiðis meiri.“ Í apríl spáði fjármálaráðuneytið 1,8 prósenta hagvexti árið 2007.

Fram kemur í spánni að viðskiptahalli, sem náði



hámarki í fyrra þegar hann var 16,5 prósent landsframleiðslu, fari minnkandi og verði 15,9 prósent í ár. Hann minnki síðan hratt næstu ár í kjölfar vaxandi útflutnings á áli; verði 7,8 prósent árið 2007 og 3,7 prósent árið 2008.

Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir 7,8 prósenta verðbólgu í ár en að hún verði komin niður í 2,6 prósent árið 2008. Í skýrslunni segir að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni aukast um 3,5 prósent í ár, að því gefnu að aðilar vinnumarkaðarins nái samkomulagi sín á milli. Að öðrum kosti verði lítilsháttar samdráttur á kaupmætti.

Þorsteinn Þorgeirsson telur ekki hættu á harðri lendingu í efnahagslífinu. „Við spáum ekki harðri lendingu. Það er skilgreint sem óstöðugleiki í fjármálakerfinu. Við teljum að þrátt fyrir samdrátt í þjóðarútgjöldum muni vanskil í bankakerfinu ekki aukast það mikið að þau verði bönkunum vandamál.“

# Ísland dýrast

Ísland er dýrasta land í Evrópu og það fimmta ríkasta miðað við landsframleiðslu á mann samkvæmt nýrri könnun norsku Hagstofunnar.

Liechtenstein er ríkasta land í Evrópu, Noregur er í öðru sæti, Írland í þriðja og Sviss í því fjórða. Frændur okkar Danir verma sjötta sætið. Ríkidæmi Lúxemborgara er sagt skýrast af straumi farandverkamanna til landsins sem valdi því að landsframleiðslan verður hlutfallslega mun hærri en íbúatalan.

Lars Svennebye, sérfræðingur norsku Hagstofunnar, segir að til sé að verða klíka stöndugra smáríkja í Evrópu „Svo virðist sem Noregur, Lúxemborg og gömlu EFTA-löndin séu að stinga önnur af í ríkidæmi.“ - jsk

# SVN fær leyfi á Hjaltlandseyjum

Síldarvinnslan í Neskaupsstað (SVN) hefur fengið öll leyfi yfirvalda á Hjaltlandseyjum til að byggja þar fiskimjölsverksmiðju. Síðustu leyfin fengust á föstudag í síðustu viku en önnur framkvæmdaleyfi lágu fyrir í lok síðasta mánaðar. Ekki er víst hvort af framkvæmdum verður.

Aðalsteinn Helgason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segir málið komið á nýtt stig. Ekki hafi verið öruggt hvort Síldarvinnslan muni reisa verksmiðju á eyjunum, sem muni kosta tæpa 1,4 milljarða króna, heldur hafi einungis verið að kanna grundvöll þess. Nú þegar leyfin liggi fyrir hafi Síldarvinnslan ákveðið að fara aftur ofan í málið og kanna stöðuna. „Það er komið að því núna. En við erum ekki að fara að byggja í bráð,“ segir Aðalsteinn.

Evrópusambandið er með til skoðunar hvort opinberir styrkir frá yfirvöldum á Hjaltlandseyjum til framkvæmdanna stangist á við reglur sambandsins. Aðalsteinn segir ákvörðun Síldarvinnslunnar ekki byggja á niðurstöðunni heldur á þeim aflaheimildum sem verði úthlutað í kolmunna á næstu árum. - jab




Pace
Á ÍSLANDI

**Endurnýjunar- og viðhaldskerfi fyrir þök**



# Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



**Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði.** Hin teygjanlega, samskeytalausa gúmmíhúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.





**Fáðu þakið metið strax í dag þér að kostnaðalausu**

**517 9177**

pace@coat.is

**Pace umboðið:** Síðumúla 31 · 108 Reykjavík · Sími: 517 9177 · Fax: 517 9277 · pace@coat.is

# Lítil áhrif samruna


FRÁ KYNNINGU NOKIA

Sá hluti fyrirtækjanna Nokia og Siemens sem snýr að farsímanetum rennur saman í eitt samkvæmt samkomulagi sem fyrirtækin kynntu í byrjun vikunnar.

Með því verður fjarskiptahluti fyrirtækjanna sem nefnist Nokia Siemens Networks næststærstur í heiminum á eftir netkerfishluta Ericsson. Hér á landi fara tvö fyrirtæki með umboð fyrir Nokia og Siemens, Hátækni og Smith og Norland.

Þar á bæ telja menn fullsnemmt að spá fyrir um hvort einhver skörun verði í verkefnum, en telja ólíklegt að svo verði. Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hátækni á að yfirleitt kaupi fjarskiptafyrirtækin kerfin sem um ræðir beint af móðurfyrirtækjunum.

Nokia og Siemens horfa til þess að mikil hagræðing náist með samrunanum og meta hana á 1,5 milljarða evra á ári hverju þegar fram líða stundir. - óká

# Láta sér hvergi bregða

Bræðurnir í Bakkavör, Ágúst og Lýður Guðmundssynir, láta sér hvergi bregða þrátt fyrir erfitt efnahagsástand á Íslandi samkvæmt umfjöllun breska blaðsins The Daily Telegraph.

Blaðið segir að fyrirhuguð skráning Exista, eignarhaldsfélags þeirra bræðra, í Kauphöll Íslands muni færa þeim um 345 milljarða íslenskra króna og gera þá að „pappírsmilljarðamæringum“.

The Daily Telegraph telur að bræðurnir muni nú leggja Bakkavör til hliðar í bili og einbeita sér að Exista, sem fari nú þegar með eignir metnar á 333 milljarða króna auk þess að vera stærsti einstaki eigandi KB banka.

Exista verði næststærsta skráða félag á Íslandi, á eftir KB banka. „Við höfum fjárfest fyrir einn milljarð punda í Bretlandi undanfarin ár, en enginn virðist hafa tekið eftir því,“ er haft eftir Lýði.

Exista flutti nýlega höfuðstöðvar sínar í Bretlandi til Paddington í Vestur-Lundúnum. Blaðamaður Telegraph segir bræðurna jarðbundna með eindæmum, aðeins kælir fullur af Bollinger-kampavíni í fundarherbergi nýju höfuðstöðvanna beri vott um glamúr og ríkidæmi. „Við ólumst upp á verksmiðjugólfinu og fórum aldrei í MBA-nám,“ sagði Lýður Guðmundsson. - jsk


LÝÐUR OG ÁGÚST GUÐMUNDSSYNIR

# Hefja olíuvinnslu á næsta ári

## Forstjóri Atlantic Petroleum vonast til að safna allt að 2,5 milljörðum króna í hlutafjárútboði.

“Við vonumst til þess að geta hafið olíuvinnslu úr Norðursjó strax á næsta ári og um leið aukið fjármagnsstreymi fyrirtækisins svo um nemur”, segir Wilhelm Petersen forstjóri Atlantic Petroleum, færeyska olíufyrirtækisins sem skráð er í Kauphöll Íslands.

Wilhelm segist jafnframt binda miklar vonir við að góðar fregnir berist frá Færeyjum nú síðsumars, þar sem Atlantic Petroleum hefur unnið mikla rannsóknarvinnu á olíulindum ásamt norska ríkisrisanum Statoil.

Hlutafjárútboð í Atlantic Petroleum hófst þann fimmtánda júní og lýkur tuttugasta og níunda júní. Wilhelm segir að stefnt sé að því að safna sem nemur 1,9 til 2,5 milljörðum íslenskra króna í útboðinu. Ætlunin er að nota féð til að fjármagna þróunarverkefni Atlantic Petroleum, einkum við olíuvinnslu í þess hluta Norðursjávar er heyrir undir Bretland. Útboðið fer fram á Íslandi, Danmörku og Færeyjum.


FORSTJÓRI ATLANTIC PETROLEUM Petersen er ánægður með skráningu Atlantic Petroleum í Kauphöll Íslands, enda hafa gengi bréfa í félaginu meira en tvöfaldast.

Wilhelm segir Atlantic Petroleum hafa komið sér upp góðu safni fjárfestinga og að framtíð fyrirtækisins sé björt. Hann er einkar ánægður með skráningu félagsins í Kauphöll Íslands “Ég held að hluthafar í Atlantic Petroleum geti verið ánægðir með árangur okkar. Við skráðum okkur í Kauphöllina á genginu 265 krónur á hlut, en stöndum nú í tæpum sex hundruð” - jsk

# Eyrir græddi fjóra milljarða í fyrra

## Seld voru skuldabréf fyrir 2,6 milljarða króna. Félagið eykur hlut sinn í Landsbanka Íslands og á nú um 1,5 prósent.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Eyrir Invest hefur selt skuldabréf að nafnverði 2,6 milljarðar króna til að styðja við fjárfestingastefnu félagsins og viðhalda sterkum efnahag en það er MP Fjárfestingabanki sem heldur utan um sölu og skráningu bréfanna.

„Tilgangur útboðsins er að styðja við vöxt Eyris og þeirra félaga sem við eigum umtalsverða eignarhluti í. Það er samkvæmt stefnu okkar að fjármagna allar langtímafjárfestingar með eigin fé og langtímafjármögnun,“ segir Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyris. Bréfin bera 5,5 prósenta raunvexti og kemur höfuðstóll til greiðslu árið 2012.

Samhliða útgáfunni hefur Eyrir gefið út skráningarlýsingu þar sem koma fram ýmsar upplýsingar um verkefni félagsins og efnahag þess. Hagnaður Eyris nam 4,1 milljarði króna í fyrra sem var nærri tvöföldun frá árinu áður, þar af var hagnaður af hlutabréfum og afleiðusamningum 5,6 milljarðar króna. Eignir félagsins stóðu í 17,6 milljörðum í árslok og eigið fé var 9,6 milljarðar og óx um 250 prósent, að hluta til vegna nýs hlutafjár.

Markmið Eyris er að skila um 20 prósenta arðsemi eigin fjár árlega en á síðasta ári skilaði félagið hvorki meira né minna en 125 prósenta arðsemi.

Um síðustu áramót samanstóðu eignir Eyris einkum af innlendum og norrænum hlutabréfum en stefnan er að eiga í fáum, vel stæðum félögum til lengri tíma. Stærstu eignirnir voru bréf í Össuri og Marel en Eyrir er kjölfestufjárfestir í báðum fyrirtækjunum. Össurarhluturinn var metinn á 6,4 milljarða króna í árslok. Einnig átti félagið hlutabréf í norrænu fjármálafyrirtækjunum Föreningssparbanken og Sampo fyrir rúman einn milljarð króna og þriggja prósenta hlut í Opera Software.


FEÐGARNIR ÞÓRÐUR OG ÁRNI ODDUR Hagnaður Eyris nam yfir fjórum milljörðum króna í fyrra og var arðsemi eigin fjár 125 prósent.

Að undanförnu hefur Eyrir aukið hlut sinn í Landsbankanum og á nú orðið um 1,5 prósent hlutafjár í bankanum.

Eyrir, sem varð til árið 2000, er í eigu þeirra feðga Þórðar Magnússonar, sem á tæp fjórutíu prósent, og Árna Odds, sem á 28 prósent. Aðrir eigendur eru Sigurjón Jónsson, stjórnarformaður félagsins, Straumborg, félag Jóns Helga Guðmundssonar í BYKO og fjölskyldu, og Arkur sem er í eigu Steinunnar Jónsdóttur.

### EYRIR Í SAMANBURÐI VIÐ ÖNNUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI Í ÁRSLOK 2005

| | Eigið fé | Hagnaður 2005 |
|---|---|---|
| SPRON | 13.016 | 4.092 |
| Atorka Group | 9.744 | 1.491 |
| Eyrir Invest | 9.617 | 4.107 |
| SPV | 6.088 | 1.124 |

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

12,1%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 28/2/06-31/05/06

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

# Dýrara að byggja

Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júlí mælist 335,8 stig og hækkar um 0,3 prósent milli mánaða samkvæmt Hagstofu Íslands. Árshækkun vísitölunnar mælist nú 7,1 prósent.

Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað mun hraðar það sem af er ári heldur en í fyrra þegar 3,9 prósenta hækkun varð á vísitölunni.



Opinber gjöld hækkuðu einna mest allra undirliða vísitölunnar, um 1,4 prósent. Kostnaður vegna vinnuafls stóð í stað en aðrir undirliðir hækkuðu. - jsk


FYRIRTÆKIÐ VAKTAÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Firmavörn er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112, þar sem starfsfólk okkar er ávallt í viðbragðsstöðu. Lykilbúnaður Firmavarnar miðast við mismunandi þarfir hvers fyrirtækis og er settur saman svo vörn fyrirtækisins gegn reyk-, vatns-, eða innbrotstjóni verði sem öflugust.
Securitas býður einnig uppá margvíslegar öryggisvarnir
Innbrotakerfi, aðgangsstýrikerfi, öryggismyndavélar, mönnuð gæsla, öryggishnappur, vöruverndarhlið, slökkvitæki, brunaviðvörunarkerfi, sjálfvirk slökkvikerfi, verðmætaflutningar, farandgæsla, hússtjórnarkerfi, rýrnunareftirlit ofl.
Öryggisráðgjafar Securitas í síma 580 7000 benda þér á þær lausnir sem best henta þínu fyrirtæki.
SECURITAS
FIRMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN

# Rússar í WTO

Vladimir Pútín Rússlandsforseti er bjartsýnn á að viðræður um inngöngu Rússlands í Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) beri árangur í næsta mánuði. Segir hann líkur á að Rússland skrifi undir samning þess efnis fyrir fund átta iðnvæddustu þjóða heims sem haldinn verður í Pétursborg í júlí.

Rússland hefur beðið í áratug eftir inngöngu í Alþjóðaviðskiptastofnunina. Inngangan hefur stöðugt frestast, meðal annars vegna afstöðu Bandaríkjanna sem eru eini meðlimur stofnunarinnar sem hefur ekki samþykkt inngöngu Rússa í sambandið. Staða mannréttinda í landinu, stjórnun þess á náttúruauðlindum sínum, hvernig reglum um hugverkaréttindi er framfylgt og hömlum á viðskiptum erlendra aðila í landinu eru meðal þess sem Bandaríkin hafa sett spurningamerki við. „Afstaða bandarískra samningamanna breytist ótt og títt og þeir koma sífellt aftur að spurningum sem við teljum okkur löngu hafa gert grein fyrir,“ hefur fréttastofa AP eftir Vladimir Pútín.



# Farsímafyrirtækin gegn reglum ESB

Farsímafyrirtæki í Evrópu eru mótfallin nýjum reglum sem Evrópusambandið hefur boðað og skikkar fyrirtækin til að lækka verð á reikisímtölum sem farsímanotendur greiða þegar þeir hringja á milli landa.

Reglurnar kveða á um hámarksgjald fyrir reikisímtöl. Farsímafyrirtækin segja slíkt skekkja samkeppnisaðstöðu þeirra og verði þau af aukasporslum sem geri þeim erfiðara um vik að innleiða nýja tækni.

Upphaflega boðaði ESB reglur þess efnis að farsímanotendur sem ferðast til annarra landa greiddu jafn mikið fyrir farsímanotkun sína í öðru landi og í heimalandinu. Frá því var fallið en ákveðið að setja þak á reikisímtöl farsímafyrirtækja með það fyrir augum að samræma farsímagjöld innan ESB með einhverjum hætti.

Þótt reglugerðin hafi enn ekki tekið gildi og farsímafyrirtæki hafi þrýst á framkvæmdastjórn ESB að falla frá hugmyndinni hafa fyrirtækin farið eftir ákvörðun ESB og tilkynnt um umtalsverða lækkun á reikisímtölum. **- jab**



**HRINGT ÚR FARSÍMA** Farsímafyrirtæki í Evrópu gagnrýna reglur ESB um lækkun reikisímtala. mynd/Hilmar

# Beðið eftir Airbus

Evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus tilkynnti í síðustu viku að framleiðsla á Airbus A380 risaþotum fyrirtækisins hefði tafist og ekki muni verða hægt að afhenda viðskiptavinum fyrirtækisins flugvélar af þessari gerð fyrr en eftir hálft ár. Þetta er í annað sinn sem fyrirtækið greinir frá töfum á framleiðslu flugvélanna.

Nokkrir væntanlegir viðskiptavinir Airbus munu vera orðnir langþreyttir á biðinni en flugfélagið Singapore Airlines, sem hafði lagt inn pöntun fyrir tíu Airbus A380 vélum, sagði skömmu eftir að Airbus lýsti yfir töfum á framleiðslu þotanna, að félagið hefði keypt tuttugu Boeing 787-9 farþegaflugvélar og tryggt sér kauprétt á tuttugu til viðbótar. Vélarnar verða afhentar snemma á árunum 2011 og um mitt ár 2013.



**AIRBUS A380** Margir væntanlegir viðskiptavinir Airbus eru orðnir langþreyttir á biðinni eftir risaþotunni og hafa nokkrir snúið sér annað. MYND/AP

Ákvörðun Singapore Airlines er áfall fyrir European Aeronautic Defense & Space Co., móðurfélag Airbus, enda hafði fyrirtækið sett allt sitt á viðskipti við Singapore Airlines.

Gengi hlutabréfa í móðurfélagi Airbus féll um tæp 27 prósent á mörkuðum um miðja síðustu viku í kjölfar frekari tafa. Gengi bréfa í flugvélaframleiðandanum Boeing hækkaði hins vegar um 2,6 prósent á sama tíma. **- jab**

# Auka umsvifin í heimahögunum

## Norski olíuframleiðandinn Statoil, sem er að stærstum hluta í eigu norska ríkisins, hyggst auka olíuframleiðsluna.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Stærsti olíuframleiðandi Noregs, Statoil, sem er að 71 prósents hluta í eigu norsku ríkisstjórnarinnar, hyggst leggja aukna áherslu á framleiðslu heima fyrir samhliða því að efla alþjóðlega starfsemi sína. Telja stjórnendur fyrirtækisins jafnmikilvægt að viðhalda framleiðslu úr norska landgrunninum og að þróa ný alþjóðleg kjarnasvæði til þess að viðhalda vexti til langs tíma.

Fyrirtækið ætlar að viðhalda framleiðslu á einni milljón tunna á dag við Noregsstrendur til ársins 2015 með hjálp nýrrar tækni og uppgötvana. Meðal annars verður leitað eftir nýjum olíulindum nærri núverandi borpöllum og rannsóknar- og þróunarkostnaður þannig takmarkaður með því að samnýta aðstöðu. Hins vegar verða rannsóknir á svæðum í Barentshafi og Noregshafi efldar, þar sem enn má vænta þess að finna nýjar lindir.

Noregur er þriðji stærsti olíuútflytjandi heims á eftir Sádí-Arabíu og Rússlandi og framleiðir daglega 2,4 milljónir tunna af olíu. Það af koma 1,4 milljónir tunna frá Statoil. Starfsemi fyrirtækisins á erlendri grundu er öflug og hefur framleiðslan aukist árlega um 40 prósent. Hjá fyrirtækinu starfa 26 þúsund manns í 33 löndum. Fyrirtækið er meðal annars með stór verkefni í Venesúela sem það hyggst ekki hverfa frá, þrátt fyrir að þarlend stjórnvöld hafi gefið út að þau hyggist þjóðnýta olíulindir og hækka skatta.




**STATOIL MEÐ STARFSEMI Í 33 LÖNDUM** Stjórnendur norska olíufyrirtækisins Statoil telja mikilvægt að halda áfram rannsóknum á heimaslóðum þrátt fyrir að alþjóðleg starfsemi sé fyrirtækinu sífellt mikilvægari.

# Biðst afsökunar

Bankastjóri Seðlabanka Japans, Toshihiko Fukui, hefur beðist afsökunar á tengslum sínum við sjóðsstjórann Yoshiaki Murakami sem sakaður er um að hafa átt í innherjaviðskiptum í nafni sjóðsins árið 2005. Fukui hafði fjárfest í sjóði Murakami fyrir 87 þúsund dollara árið 1999, áður en hann varð seðlabankastjóri, en haldið fjárfestingunni eftir að hann tók við embætti. Ýmsir hafa hvatt seðlabankastjórann til að segja af sér en forsætisráðherra landsins, Junichiro Koizumi, hefur staðið þétt að baki hans. Á fundi með stjórn seðlabankans baðst hann innilega afsökunar á því að hafa valdið uppnámi. Hyggst hann losa sig við þann gróða sem hann hlaut af viðskiptum í sjóðnum.



**TOSHIHIKO FUKUI**

Málið kemur á slæmum tíma fyrir Seðlabanka Japans sem er nú á mörkum þess að hækka stýrivexti sem hafa staðið í núll prósentum undanfarin fimm ár. Stjórnvöld í landinu beita bankann þrýstingi um að bíða með hækkunina enn um sinn af ótta við að hækkun stýrivaxta muni hamla bata efnahagslífsins sem hefur verið stöðugur að undanförnu. Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi 2006 var 3,1 prósent og eykst þar með fimmta ársfjórðunginn í röð. **- hhs**

# Fjórði geimferðalangurinn

Japanski kaupsýslumaðurinn Daisuke Enomoto, hefur keypt sér miða með rússneska geimfarinu Soyuz og verður hann fjórði einstaklingurinn sem gerir slíkt einvörðungu til að dvelja í tíu daga í alþjóðlegu geimstöðinni.

Áætlað er að ferðin hefjist í september næstkomandi en með í för verða tveir geimfarar, annar frá Bandaríkjunum en hinn frá Rússlandi. Tilgangur fararinnar eru að skipta um áhöfn geimstöðvarinnar og snýr Enomoto til baka með geimförunum sem nú dvelja í geimstöðinni.

Ferð til stöðvarinnar kostar sitt en bandaríski vísindamaðurinn Greg Olsen, sem var þriðji geimferðalangurinn, greiddi rúmlega 1,4 milljarða íslenskra króna þegar hann fór til geimstöðvarinnar í október á síðasta ári. Ekki liggur fyrir hvort breyting hafi orðið á verði farmiðans.

Daisuke Enomoto er 34 ára og fyrrverandi stjórnarmaður í japanska netfyrirtækinu Livedoor. Fyrirtækið komst í fréttirnar vegna misferlis og bókhaldssvika og varð meðal annars að loka fyrir viðskipti í kauphöllinni í Tókýó í Japan um miðjan janúar síðastliðinn þegar fjöldi fjárfesta reyndi að selja bréf sín í fyrirtækinu. Í kjölfarið var forstjóri fyrirtækisins handtekinn ásamt fjórum öðrum yfirmönnum Livedoor. Þeir hafa nú allir verið látnir lausir gegn tryggingu. **- jab**




**DAISUKE ENOMOTO** Japanski kaupsýslumaðurinn brosir í kampinn íklæddur geimbúningi. MYND/AFP

12,0%
Nafnávöxtun í apríl 2006: 12% á ársgrundvelli.*
SJÓÐUR 9 – FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN
**Hentar sérlega vel fyrir skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu.**
Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.
Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.
*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð
GLITNIR

# Boltinn bjargar borgaranum

Sala bandaríska hamborgararisans McDonalds jókst um tæp fimm prósent í aðdraganda Heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu. Þakka forsvarsmenn McDonalds knattspyrnuástríðu Evrópubúa árangurinn. Spenningurinn sé oft á tíðum slíkur að hentugra sé að grípa með sér borgara en að elda heima fyrir.

Þá hefur mikil sala verið á nýrri afurð fyrirtækisins, asísku kjúklingasalati. Aðaláherslan MacDonalds er þó á heimsmeistarakeppnina og stefnir í mikla sölu meðan á keppninni stendur. Forsvarsmenn fyrirtækisins gefa nú smækkaða útgáfu af treyju enska landsliðsfyrirliðans David Beckham með hverri seldri barnaöskju. Þá hefur verið tilkynnt um nýjan hamborgara sem seldur verður meðan á HM stendur. Er sá sagður fjörutíu prósentum stærri en hinn margrómaði BigMac.



„Árangurinn í Evrópu er framar björtustu vonum. McDonalds hefur átt erfitt uppdráttar í álfunni en nú virðist hafa orðið breyting á,“ sagði Peter Jankovskis sérfræðingur Bloomberg sjónvarpsstöðvarinnar. **- jsk**

XEROX BUSINESS PARTNER

Fiton/SÍA



# Svarthvítt er svo 2005!



EJS er XEROX Business Partner, umboðs- og þjónustuaðili fyrir XEROX prentlausnir. Við eigum framúrskarandi heildarlausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og förum létt með að samþætta tölvubúnað, netlausnir, prentara og ljósritunarvélar frá fremstu framleiðendum heims.

**Ekki sætta þig við litlausa tilveru. Komdu til okkar á Grensásveg 10 og sjáðu svart á hvítu nákvæmlega af hverju XEROX hentar þér.**

Frekari upplýsingar um XEROX prentlausnir færðu á www.ejs.is eða í síma 563 3000

XEROX

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS




**ÞORGILS ÓTTAR MATHIESEN, BUBBI MORTHENS OG BJARNI ÁRMANNSSON** Samningurinn um Hugverkasjóð Bubba Morthens sem Bubbi gerði við Sjóvá í byrjun síðasta árs varð til þess að Jakob Frímann Magnússon fór að þreifa fyrir sér um hvort formið gæti ekki hentað fleiri tónlistarmönnum. Núna er Bubbasjóðurinn við það að verða hluti af Hugverkasjóði Íslands. MARKAÐURINN/PJETUR

# Ellefu tónlistarmenn fá höfundarréttinn fyrirfram

## Á næstu dögum verður skrifað undir samning Baugs Group við ellefu íslenska tónlistarmenn og stofnaður Hugverkasjóður Íslands. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér tilurð sjóðsins og umfang, en hann er á annað hundrað milljóna að stærð.

Gengið hefur verið frá samningi við hóp íslenskra tónlistarmanna sem felur í sér fjárfestingu Baugs Group í höfundaverkum þeirra. Sjóðurinn er að erlendri fyrirmynd og allir endar hnýttir utan að negla niður dag til undirritunar. Fjárfesting Baugs Group nemur um 160 milljónum króna og fær sjóðurinn nafnið Hugverkasjóður Íslands. Líkja má samningnum við tónlistarfólkið við fyrirframgreiðslu gegn því að sjóðurinn fái allar tekjur hugverkum fólksins þar til tekjur af þeim hafa náð upphæð fyrirframgreiðslunnar. Þá færast yfirráðin aftur yfir til listafólksins. Tónlistarmaðurinn David Bowie fór þessa leið fyrstur tónlistarmanna í heiminum árið 1997.

Auk framlags Baugs Group renna leigutekjur af höfundarrétti höfundanna sem um ræðir tímabundið í sjóðinn, en markmið hans er sagt vera að efla íslenska tónlist og tónlistarmenn auk þess að veita þeim aukið svigrúm til að skapa ný verk. Er þetta í fyrsta sinn sem hópi íslenskra lagahöfunda veitist slíkt tækifæri svo vitað sé.

Jakob Frímann Magnússon, tónlistarmaður og athafnaskáld, á hugmyndina að stofnun sjóðsins í þessari mynd. „Módelið er byggt á samningum sem ég smíðaði með dyggu atfylgi KPMG, Glitnis og Sjóvár Almennra fyrir Bubba Morthens í fyrra,“ segir hann, en í kjölfarið tók hann að kynna hugmynd sína fyrir fólki í heimi fjármála og viðskipta. „Allir sýndu þessu áhuga en Bjarni Ármannsson forstjóri Glitnis tók af skarið með að ganga frá fyrsta hugverkasjóðssamningnum við Bubba Morthens. Svo voru næstu skref tekin með aðkomu Baugs, sem vildi útfæra hugmyndina til að efla og örva fleiri tónlistarmenn og höfunda til dáða, í fyrstu þá sem ræktað hafa hugverkasöfn sín með markvissu og reglubundnu tónleikahaldi. Segja má að sjóðurinn tengist fjárfestingum fyrirtækisins í helsta vaxtarbroddi atvinnulífs á Vesturlöndum síðustu ár og áratugi sem er afþreying og menningartengd viðskipti. Þar mætti nefna sjónvarpsrásir, tónlistarútgáfu, símafyrirtæki og annað slíkt þannig að fjárfesting í sjóðnum tengist annarri starfsemi sem fjárfest hefur verið í. Tónlist og kvikmyndir eru enda kannski áþreifanlegasta dæmið um það þegar viðskipti og menning fara vel saman.“



VALGEIR GUÐJÓNSSON

Meðal höfunda sem eiga hlutdeild í Hugverkasjóði Íslands er Bubbi Morthens, því sjóðurinn kaupir Hugverkasjóð Bubba Morthens af tryggingarfélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum. Sjóvá fjárfesti í verkum Bubba fyrir hálfu öðru ári síðan. Þá bætist við listafólkið Gunnar Þórðarson, Stefán Hilmarsson, Guðmundur Jónsson, Valgeir Guðjónsson, Ragnhildur Gísladóttir, Egill Ólafsson, Eyþór Gunnarsson, Jakob F. Magnússon, Jón Ólafsson og Helgi Björnsson. Alls ellefu manns og ekki loku fyrir það skotið að fleiri kunni að bætast við.

„Þetta eru nýmæli á Íslandi, en útgefendur tónlistar hafa sinnt þessu í nágrannalöndunum. Almennt þýðir það að höfundum er veitt fjárhagslegt svigrúm með fyrirframgreiðslum á höfundarrétti á hagstæðum kjörum sem miðast að því að efla þá að allri dáð og gera þeim kleift að semja fleiri og betri lög,“ segir Jakob Frímann og áréttar að Hugverkasjóður Íslands sé í þágu aukinnar verðmætasköpunar á þessu viðurkennda og útbreidda sviði vitundariðnaðarins. „Samningurinn örvar höfundana til dáða og gefur þeim svigrúm til að einbeita sér að vinnu sinni og virkar um leið örvandi því þarna er veð í hugverkum þeirra sem tryggir að þeir nái að skila þessu til baka. Þannig er þetta líka vísbending um að höfundarrétturinn er eignarréttur og hugverk af þeim sökum veðhæf eign. Þannig má líkja hugverkasafni eins höfundar við hótel með mörgum mismunandi herbergjum sem skila eiganda sínum mismiklum tekjum eftir því hvaða tegund af herbergi er vinsælust til útleigu hverju sinni.“

Jakob Frímann segir fyrirmyndina að sjóðnum sótta til Wall Street í Bandaríkjunum. „Frumkvöðull í þessum málum er David nokkur Pullman, þekktur lögfræðingur á sviði höfundarréttar og afþreyingarsviðs. Hann þróaði þetta í samvinnu við fjármálafyrirtæki og færði svo yfir í hugverkasjóðsmódelið eins og frægt varð með listamönnum á borð við David Bowie, Mick Jagger, James Brown og fjöldann allan af starfandi listamönnum og eins dánarbú manna á borð við Marvin Gaye.“



**MICK JAGGER TEKUR LAGIÐ** Mick Jagger er einn fjölmargra listamanna sem sagður er hafa gert ámóta samning og nú er í burðarliðnum hjá hópi íslenskra tónlistarmanna. Í baksýn má greina félaga Jaggers úr Rolling Stones, gítarleikarana Ron Wood og Keith Richards, en myndin er tekin á tónleikum í Melbourne í Ástralíu fyrr á þessu ári. Engum sögum fer af þeirra samningum. NORDICPHOTOS/AFP

Veð sjóðsins nær eingöngu til hugverka listamannanna og þurfa þeir því ekki að óttast að þurfa að endurgreiða sjóðnum fari svo illa að þeir falli í ónáð hjá almenningi eftir að samningurinn hefur verið gerður. „En fyrst um sinn eru þessir listamenn sem í þetta veljast allt listamenn sem búnir eru að festa sig í sessi með verkum sínum. Afnotagjöldin af þeim höfundarrétti eru því nokkuð trygg og stöðug,“ segir Jakob, en ákveðnar reglur gilda svo um með hvaða hætti sjóðurinn má ráðstafa hugverkunum sem hann hefur fjárfest í. Til dæmis gæti sjóðurinn samið um notkun lags í auglýsingum. „En meðal markmiða sjóðsins er náttúrulega að hámarka tekjurnar af þessu með ýmsum hætti. Eitt lag getur ef vel tekst til dugað höfundi sínum til ævilangrar afkomu og um það þekkjum við dæmi frá stóru löndunum.“



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

Misjafnt er eftir tónlistarmönnum hversu háa eingreiðslu þeir fá en til að reikna það út var samkvæmt heimildum Markaðarins beitt reiknireglu þar sem teknar voru saman höfundarréttargreiðslur til þeirra síðustu fimm árin. Þannig njóta þeir þess sem duglegasti hafa verið í útgáfunni og fá mesta spilun. Af þeim sem ef til vill eru ekki með mesta spilun er að heyra að upphæðirnar sem um ræðir séu ekki af þeirri stærðargráðu að umturni lífi fólks. Þarna sé um að ræða nokkurs konar fyrirframgreiðslu á höfundarlaunum, í heldur stærri slumpi en tíðkast hefur hingað til. Síðan verða viðkomandi að herða sig í útgáfunni vilji þeir vinna til baka höfundarrétt sinn, en það finnst þeim væntanlega öllum eftirsóknarvert.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

# Sumir draumar eiga að rætast



Yamaha býður upp á eitt mesta úrval landsins þegar kemur að mótorsporti á landi eða vatni.
Komdu á Nýbýlaveg 2 í Kópavogi eða farðu inn á yamaha.is og skoðaðu úrvalið.



**HIPPAR**

Það eru fá mótorhjól sem vekja meiri athygli.



**GÖTUHJÓL**

Yamaha býður upp á annan tug götuhjóla við allra hæfi.



**TORFÆRUHJÓL**

Mikið úrval torfæruhjóla fyrir fullorðna og börn.



**VESPUR**

Vespur og skellinöðrur í úrvali. Hagkvæmur valkostur.



**HLÍFÐAR BÚNAÐUR**

Mikið úrval frá IXS, Rukka, Frank Thomas, Nazran, Arashi, Nolan, Motrax og Yamaha.



**FJÓRHJÓL**

Fjórhjól til leiks eða starfa, fyrir alla aldurshópa.



**RHINO**

Rhino er alhliða vinnutæki sem kemst hvert sem þig langar að fara.



**GOLFBÍLAR**

Bensín golfbílar sem fara 18 holurnar hratt og örugglega.



**UTANBORÐS MÓTORAR**

Eitt mesta úrval landsins af utanborðsmótorum, tví- eða fjórgengis í öllum stærðum.



**GÚMMÍ BÁTAR**

Bjóðum örugga og vandaða gúmmíbáta. Frá tveggja til níu manna.

100% VISA lán möguleg.

Nýbýlavegur 2 · 200 Kópavogur · Ísland · Sími: 570 5340
Fax: 570 5341 · yamaha@yamaha.is · www.yamaha.is

YAMAHA
-láttu það eftir þér

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**BARÁTTA MARKAÐSAFLANNA** Stórfyrirtæki auglýsa gríðarlega meðan á HM stendur. Hér má sjá þýska skrifstofublók ganga fram hjá risastórum myndum af Adidas-stjörnunum Zidane, Messi og Beckham í miðborg Berlínar.




**„Búist er við einni og hálfri milljón ferðamanna til Þýskalands næsta mánuðinn og áætlað að hver um sig eyði að meðaltali sem nemur 29 þúsund íslenskum krónum á dag. Sérfræðingar spá tveggja prósenta hagvexti í Þýskalandi á árinu.“**

# Barist utan vallar sem in

Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu snýst um fleira en leikinn sjálfan. Stórfyrirtæki
þau hnýta hvert í annað. Íþróttaframleiðendur ota stórstjörnum sínum að sviðsljósin
keppninni nema hundruðum milljarða króna. Jón Skaftason og Eggert Þór Að




Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu er stærsti íþróttaviðburður veraldar. Áhugi á keppninni er gríðarlegur. Áætlað er að alls muni rúmlega milljarður manna horfa á úrslitaleikinn, sem fram fer þann níunda júlí í Berlín, og um fjörutíu milljarðar á alla leikina samanlagt. Allir vilja sneið af kökunni; auglýsendur bítast um styrktarsamninga og íþróttavöruframleiðendur um bestu leikmennina. Talið er að íþróttavörurisarnir Adidas og Nike muni einir og sér eyða um tuttugu og tveimur milljörðum króna meðan á keppninni stendur. Það er einnig ljóst að ekki einungis leikmenn og þjálfarar þeirra þrjátíu og tveggja landa sem taka þátt í mótinu standa og falla með gengi liðanna. Tölur sýna að árangur þeirra hefur mun víðtækari áhrif; hlutabréf falla þegar stórþjóðirnar tapa og bjartsýni neytenda flöktir í takt við sigra og töp.

**PENISILLÍN „VEIKA MANNSINS“**

Áhrifa heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu verður augljóslega mest vart í Þýskalandi. Þýska hagkerfið hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár og landið verið uppnefnt „hinn veiki maður Evrópu“. Gríðarlegt atvinnuleysi er í landinu, rétt tæplega ellefu prósent, og hagvöxtur hefur verið nánast enginn undanfarin ár.

Þetta kann að breytast. Búist er við einni og hálfri milljón ferðamanna til Þýskalands næsta mánuðinn og áætlað að hver um sig eyði að meðaltali sem nemur 29 þúsund íslenskum krónum á dag. Sérfræðingar spá tveggja prósenta hagvexti í Þýskalandi á árinu sem yrði mesti vöxtur í sex ár. Talið er að rúman fjórðung þessa vaxtar megi rekja beint til heimsmeistarakeppninnar. Samtök smásölukaupmanna í Þýskalandi vænta tæplega 190 milljarða króna tekjuaukningu meðan á HM stendur. Hóteleigendur mega búast við rúmlega sextíu milljörðum króna aukalega í kassann.

Heimsmeistarakeppnin virðist líka hafa haft mikil áhrif á bjartsýni og væntingar landsmanna. Í könnun sem gerð var á dögunum kom í ljós að forsvarsmenn þýskra fyrirtækja líta mun bjartari augum til framtíðar en áður. Þjóðverjar eru einmitt þekktir fyrir neikvæðni í könnunum sem þessum en í þetta skiptið var annað uppi á teningnum. Þrjátíu og fimm prósent aðspurðra væntu mikillar velgengni næsta árið og aðrir voru hóflega bjartsýnir. Aðeins lítill hluti bjóst við samdrætti.

Þá eru ótaldar þær framkvæmdir sem ráðist var í fyrir keppnina. Þýsk yfirvöld, í samstarfi við Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA), eyddu gríðarlegum fjárhæðum í að bæta samgöngur og leikvelli fyrir keppnina. Við það urðu til gríðarmörg störf í landinu og peningar dældust út í hagkerfið.

Þýska ríkisstjórnin hefur gefið það út að búist sé við tæplega 300 milljarða króna beinni innspýtingu í hagkerfið vegna heimsmeistarakeppninnar. Mörgum þykir þetta full mikil hófsemi hjá Angelu Merkel kanslara og félögum, raunveruleg tala sé mun nær þúsund milljörðum króna. Samtök þýskra iðnrekenda áætla til að mynda að sex- til

## Bjórinn dýru verði keyptur

Aðdáendur enska landsliðsins í knattspyrnu eru illa að sér í viðskiptafræði samkvæmt könnun bresku gjaldeyrissölunnar Travelex.




**ÞÝSKUR HOLSTEN-BJÓR** Aðdáendur enska landsliðsins í knattspyrnu eru tilbúnir að leggja ýmislegt á sig fyrir sopa af köldum bjór.

Könnunin leiddi í ljós að þriðjungur aðdáenda enska landsliðsins taldi að 2,4 fjórar evrur fengjust fyrir hvert breskt pund. Hið rétta er að 1,4 evrur fást fyrir pundið. Einn af hverjum tíu taldi að 3,4 evrur væru í hverju pundi.

Þriðjungur aðspurðra taldi að tíu evrur væru sanngjarnt verð fyrir glas af bjór. Tíu evrur eru rúmar níu hundruð íslenskar krónur og þætti flestum Íslendingum bjórinn líklega full dýru verði keyptur þótt bragðgóður sé.



# HM 2010 mun skila metveltu

## Styrktaraðilar berjast um að komast í samstarf við FIFA fyrir næstu keppni.


EGGERT MAGNÚSSON, FORMAÐUR KSÍ

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, spáir risavaxinni aukningu í umfangi milli HM 2006 og HM 2010, sem haldin verður í Suður-Afríku. Hann trúir því að velta gæti tvöfaldast vegna nýrra sjónvarpssamninga og mikillar ásóknar stórfyrirtækja í að vera opinberir styrktaraðilar.

„Ég veit til þess að eftirspurn eftir því að verða styrktaraðili fyrir næstu keppni er slík að verð hafa margfaldast. Fyrirtæki eru tilbúin að koma með meira fjármagn inn en nokkru sinni fyrr. Maður hefði haldið að þróunin yrði öfug af því að keppnin fer fram í Afríku og kemur þetta manni svolítið á óvart.“ Sjónvarpssamningar vegna yfirstandandi keppni voru gerðir fyrir keppnina í Suður-Kóreu fyrir fjórum árum og losna nú.

Eggert blæs á fullyrðingar þeirra sem halda því fram að styrktaraðilar á stórmótum í knattspyrnu fái ekki til baka það sem þeir leggja í. „Það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því að þessi stóru fyrirtæki vilja leggja peninga í þetta. Þetta er að skila sér og rúmlega það.“

Ávinningur KSÍ af heimsmeistarakeppninni er töluverður. „HM hefur alltaf jákvæð áhrif á áhugamenn um knattspyrnu. Þetta er hápunkturinn á fjögurra ára fresti í fótboltaheiminum og það hefur sýnt sig í efstu deildum í Evrópu að áhuginn fyrir knattspyrnu er alltaf mikill í kjölfarið á HM.“ Einnig nýtur KSÍ óbeins fjárhagslegs ávinnings af HM en FIFA borgar sambandinu eina milljón dala yfir fjögurra ára tímabil. Eggert bendir líka á að margir af samstarfsaðilum FIFA starfi einnig með KSÍ.

Eggert, sem situr í stjórn UEFA, er bjartsýnn á að heimsmeistaramótið hafi sömu áhrif á úrslitakeppni Evrópumóts landsliða en næsta keppni fer fram árið 2008. „Gæðin á Evrópumótinu eru meiri þar sem leikirnir eru jafnari en á HM.“ Velta keppninnar hefur vaxið gríðarlega af sömu ástæðum og HM en sjónvarpstekjur á hvern sýndan leik í Meistaradeild evrópskra félagsliða hafa farið vaxandi eftir að leikjum í milliriðlum var fækkað.

**TEKJUHÆSTU KNATTSPYRNUMENN HEIMS**

| | tekjur* |
|---|---|
| 1. David Beckham Englandi | 2.336 |
| 2. Ronaldo Brasilíu | 1.679 |
| 3. Zinedine Zidane Frakklandi | 1.387 |
| 4. Ronaldinho Brasilíu | 1.042 |
| 5. Francesco Totti Ítalíu | 995 |
| 6. Michael Owen Englandi | 949 |
| 7. Frank Lampard Englandi | 912 |
| 8. Oliver Kahn Þýskalandi | 876 |
| 9. Raúl Spáni | 767 |
| 10. Alessandro Del Piero Ítalíu | 767 |

*Heimild: www.forbes.com*
**Tekjur á ársgrundvelli. Allar tölur í milljónum íslenskra króna.*


**BESTI KNATTSPYRNUMAÐUR HEIMS** Ronaldinho er skærasta stjarna Nike og einn tekjuhæsti knattspyrnumaður veraldar. Forsvarsmenn Nike binda vonir við að með Ronaldinho í fararbroddi nái fyrirtækið meiri markaðshlutdeild en Adidas.

# nan

**berjast um athygli fjörutíu milljarða sjónvarpsáhorfenda á milli þess sem u og reyna að koma auga á næstu kynslóð. Tekjur Þjóðverja af alsteinsson kynntu sér umstangið kringum HM í knattspyrnu.**

sjö hundruð milljarðar króna verði eftir í Þýskalandi að keppni lokinni.

Fjárhagslegra áhrifa gætir þó mun víðar en einungis í Þýskalandi. Sérfræðingar áætla að tekjur sem rekja má beint til keppninnar, svo sem af treyjusölu og tengdum varningi, nemi alls tæpum átján hundruð milljörðum íslenskra króna. Nærtækt dæmi er að finna í Englandi, þar sem sala á flatskjársjónvörpum hefur aukist um tvö hundruð prósent í aðdraganda keppninnar. Áhrifin eru þó ekki bara jákvæð; starfsmenn víða um heim keppast nú við að finna misfrumlegar afsakanir fyrir því að sitja heima yfir stórleikjum í stað þess að mæta í vinnuna. Síðan er önnur saga hversu mikil afköstin eru. Áætlað er að starfsmenn í Bretlandi kosti breska hagkerfið um tæpa 68 milljarða króna með því að horfa á fótbolta í vinnunni í stað þess að sinna starfi sínu.

**BARÁTTA STÓRFYRIRTÆKJANNA**

Heimsmeistarakeppnin er ekki bara keppni þrjátíu og tveggja bestu knattspyrnuþjóða heims. Baráttan er ekki síður hörð utan vallar; stórfyrirtæki berjast um athygli neytenda.

Skipta má auglýsendum á HM í tvo flokka; þá sem eru opinberir styrktaraðilar og þá sem eru það ekki. FIFA gerði fyrir mótið samninga við fimmtán stórfyrirtæki sem teljast opinberir styrktaraðilar og njóta ýmissa fríðinda sem slíkir. Þeirra á meðal eru íþróttaframleiðandinn Adidas, bandaríski bjórframleiðandinn Budweiser, Coca-Cola, Gillette og suður-kóreski bifreiðaframleiðandinn Hyundai. FIFA fær að meðaltali 2,6 milljarða frá hverjum styrktaraðila fyrir sig.

Adidas er stærsti einstaki styrktaraðilinn. Fyrirtækið gerði ekki alls fyrir löngu átta ára samning við FIFA, sem spannar tvær heimsmeistarakeppnir, og greiddi 25,6 milljarða íslenskra króna fyrir. Adidas er opinber íþróttavöruframleiðandi FIFA; útbýr allan fatnað á starfsmenn sambandsins auk þess að framleiða Teamgeist-knöttinn umdeilda sem leikið er með í keppninni. Samkomulag FIFA og Adidas er líklega beggja hagur því Adidas áætlar að selja um fimmtán milljónir Teamgeist-knatta fyrir um tíu þúsund krónur stykkið. Hundrað og fimmtíu milljarðar króna í kassann þar.

Það eru þó ekki einungis þessir opinberu styrktaraðilar sem græða á keppninni. Íþróttaframleiðandinn Nike, helsti keppinautur Adidas, hefur lengi verið talinn meistari svokallaðrar „blóðsugumarkaðsfræði“. Fyrirtækið auglýsir grimmt kringum keppnina og hefur lagt mesta áherslu á að gera samninga við helstu stjörnur knattspyrnunnar; meðal annarra brasilísku hetjurnar Ronaldinho, Adriano og Ronaldo auk franska galdramannsins Thierry Henry. FIFA hefur horn í síðu fyrirtækja sem beita þessari aðferð, og hefur á sínum snærum her lögfræðinga sem hóta lögsóknum í allar áttir. Neytendum virðist þó standa á sama, rannsóknir sýna að ávinningur af því að tryggja sér opinberan styrktarsamning við FIFA er í raun sáralítill.

Þessi heimsmeistarakeppni er þó talin marka þáttaskil í baráttu Nike og Adidas um hylli neytenda. Mótið er líklega svanasöngur margra helstu stjarna knattspyrnunnar; til að mynda frönsku goðsagnarinnar Zinedine Zidane og enska landsliðsfyrirliðans Davids Beckham. Beckham og Zidane hafa hingað til verið helstu stjörnur Adidas. Beckham er hæst launaði leikmaður veraldar með rúma 2,3 milljarða króna í árstekjur, að stærstum hluta vegna auglýsingasamninga. Helstu stjörnur Nike eru hins vegar öllu yngri.

Adidas hefur hingað til haft yfirhöndina gagnvart Nike þegar kemur að knattspyrnunni, en nú kann að verða breyting á takist Adidas ekki að landa samningum við stórstjörnur næstu kynslóðar. Adidas hefur því lagt allt í sölurnar fyrir keppnina í Þýskalandi og eytt tæpum fimmtán milljörðum króna í markaðssetningu, helmingi meira en keppinauturinn. Þá gerði fyrirtækið stórsamninga við tvær upprennandi stjörnur fyrir keppnina; Argentínumanninn Lionel Messi, sem stundum er nefndur hinn nýi Maradona, og Þjóðverjann Lukas Podolski. Nike náði hins vegar að tryggja sér spænska ungstirnið Cesc Fabregas.

**HM STAÐREYNDIR**

Áætlað er að einn milljarður manna muni horfa á úrslitaleikinn í sjónvarpi og fjörutíu milljarðar á alla leikina samanlagt.

FIFA seldi sjónvarpsréttinn að keppninni fyrir alls 110 milljarða íslenskra króna. Það er nýtt met en tæplega 72 milljarðar fengust fyrir réttinn í síðustu keppni. Stærstur hluti teknanna kemur frá Evrópulöndunum sem borguðu 710 milljarða króna fyrir réttinn.

Þjóðverjar búast við einni og hálfri milljón ferðamanna meðan á keppninni stendur. Hver um sig eyðir að meðaltali sem svarar 29 þúsund íslenskum krónum á dag.

Smásölukaupmenn eiga von á 190 milljarða tekjuaukningu meðan á keppninni stendur. Hóteleigendur mega búast við sextíu milljörðum til viðbótar við tekjur meðalárs.

Þýska ríkisstjórnin áætlar að þrjú hundruð milljarðar íslenskra króna verði eftir í landinu þegar keppni lýkur. Sérfræðingar telja upphæðina nær þúsund milljörðum.

Breska hagkerfið verður af 68 milljörðum króna vegna starfsmanna sem horfa á HM í vinnunni.

Opinberir styrktaraðilar HM greiða FIFA að meðaltali 2,6 milljarða króna. Átta ára samningur Adidas og FIFA er metinn á 25,6 milljarða króna.



MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Túlkun Fjármálaeftirlitsins á yfirtökureglum er skynsamleg:

# *Ekki sjálfvirka spólun til baka*

**Hafliði Helgason**

Fjármálaeftirlitið gaf út túlkun á reglum um yfirtökuskyldu þar sem ekki er fallist á þá túlkun yfirtökunefndar að hluthafar sem fara yfir mörk yfirtökuskyldu geti selt til baka hluti og losnað þar með undan henni.

Á þetta reyndi á dögunum í hluthafahópi Fl Group þar sem stærstu hluthafar seldu í framvirkum samningum hluti til að losna undan yfirtökuskyldu. Reyndar hafnaði Fjármálaeftirlitið því að yfirtökuskyldan hefði myndast í því tilviki, þannig að fjármálagjörningurinn reyndist óþarfur.

Eftir stendur að túlkun yfirtökunefndar var frjálsleg og ef slík túlkun stæðist væru lögin næsta haldlítil. Svipað því að heimild væri fyrir því að væri maður staðinn að búðarhnupli, þá nægði að skila vörunni. Svo einfalt á ekki að vera að spóla til baka.

Viðskiptalífið hefur tekið margháttuðum breytingum undanfarin misseri. Nokkrir verulega stórir fjárfestar eru á íslenska markaðnum. Til hliðar við þá er hópur mjög öflugra fjárfesta sem geta látið verulega til sín taka. Þar til hliðar eru svo lífeyrissjóðirnir sem búa yfir miklu afli til fjárfestinga. Það er því mikil einföldun að halda því fram að viðskiptalífinu sé stjórnað af þremur ofurríkum fjölskyldum. Kjölfestufjárfestar sem ekki hafa stuðning lífeyrissjóða og sterkra fjárfesta munu fljótt einangrast á markaði og lenda í ógöngum þegar á móti blæs. Það eru því hagsmunir stórra fjárfesta að halda góðu sambandi við smærri fjárfesta í hlutafélögum.

> **„Mikil einföldun er því að halda því fram að viðskiptalífinu sé stjórnað af þremur ofurríkum fjölskyldum. Kjölfestufjárfestar sem ekki hafa stuðning lífeyrissjóða og sterkra fjárfesta munu fljótt einangrast á markaði og lenda í ógöngum þegar á móti blæs.“**

Yfirleitt fara hagsmunir stórra hluthafa saman við hagsmuni hinna smærri. Markmiðið er að fjárfestingin skili góðri ávöxtun og ríkir hagsmunir kjölfestufjárfesta af góðri ávöxtun eru jafnframt trygging hagsmuna hinna smærri. Þar sem árekstrar verða þurfa línur að vera skýrar og verja rétt og stöðu minnihluta í almenningshlutafélögum.

Túlkun Fjármálaeftirlitsins er því skynsamleg. Það á að vera alvörumál að tryggja smærri hluthafa gegn yfirgangi hinna stærri. Hins vegar þarf að vera kristaltært að yfirtökuskylda hafi myndast áður en stórir hluthafar eru neyddir til að kaupa aðra út úr félögum. Það er heldur ekki skynsamlegt að beita of hörðum viðurlögum. Markmiðið er markaður sem gengur vel fyrir sig, en mælikvarði árangurs er ekki að safna brotamönnum með offorsi.

Hlutabréfamarkaður hér á landi er ekki gamall og hefur þroskast vel. Hann er hins vegar langt því frá fullkominn og öll viðleitni til að bæta úr er mikilvæg. Eitt brýnasta hagsmunamál íslenska markaðarins er að erlendir fjárfestar taki þátt í markaðnum. Slíkt gerist ekki nema að reglur, hegðun og hefðir séu sambærilegar við það sem best tíðkast á erlendum hlutabréfamörkuðum. Það traust og sá trúverðugleiki þarf einnig að ná yfir stjórn efnahags- og peningamála. Öðruvísi verða engar alvöru framfarir. Liður í slíku væri að yfirgefa þá séríslensku og heimóttarlegu hefð að Seðlabankinn sé helgur steinn stjórnmálaforingja sem kjósa að yfirgefa þann völl.

Traust og trúverðugleiki eru mikilsverð verðmæti og ber að hlúa að, ef takast á að laða að erlenda fjárfesta. Afstaða Fjármálaeftirlitsins mótast að því markmiði að efla markaðinn og koma honum til frekari þroska. Það er þarft verk.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**NÝTT** 3. vikna hraðnámskeið **4. júlí**
**NÝTT** 6. vikna hraðnámskeið **20. júlí**
**... Akureyri** 3. vikna hraðnámskeið **26. júní** **(nokkur sæti laus)**
**Skráning á sumarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Leiðir aukin starfsánægja til meiri árangurs fyrirtækja?

**ORÐ Í BELG**



**Kristján Einarsson**
Rekstrarráðgjafi hjá Intellecta ehf.

Mælingar á starfsánægju í fyrirtækjum/stofnunum hafa verið stundaðar hér á landi um árabil, en vaxandi áhugi hefur verið fyrir slíkum mælingum hin síðari ár. Tilvist slíkra mælinga byggir að miklu leyti á þeirri hugmyndafræði að hærri starfsánægja skili sér í meiri árangri í rekstri fyrirtækja. En er það satt?

Starfsánægja er skilgreind sem hversu ánægðir eða óánægðir starfsmenn eru með eigið starf. Starfsánægja mótast að mestu af þáttum sem eru á valdi stjórnenda, eins og starfinu, launum, stjórnuninni, samskiptum og aðstæðum á vinnustað. Ánægja í starfi getur haft áhrif á ánægju einstaklinga í einkalífi sínu, á sambærilegan hátt hefur einkalífið einnig áhrif á starfsánægjuna. Starfsánægja er því mjög flókið fyrirbæri.

Af greiningum Intellecta á starfsánægju (vinnustaðagreiningar) má sjá að ákveðnir hópar eru líklegri til að sýna meiri starfsánægju en aðrir, t.d. litlar starfseiningar og starfsmenn sem eru ofar í stjórnskipulaginu. Í litlum starfseiningum er meira um persónulega nálægð, vinskap milli manna og litla vinnuhópa sem gefa vinnunni gildi fyrir marga. Litlar starfseiningar ná samt ekki endilega betri rekstrarárangri en stærri einingar, sérstaklega ekki þar sem stærðarhagkvæmni er mikil. Starfsmenn sem eru ofarlega í stjórnskipulaginu eru yfirleitt á betri kjörum, hafa betri vinnuaðstæður og eru líklega að fást við verkefni þar sem hæfileikar þeirra nýtast til fullnustu. Einnig má greina að starfshópar þar sem starfsmenn hafa ekki mikið val um starfsvettvang, eru neikvæðari en aðrir. Þetta má skýra með því að þeim sem ekki líkar á vinnustaðnum, eiga erfitt með að fá sambærilegt starf við hæfi annars staðar og verða því um kyrrt, en óánægðir smita oft frá sér neikvæðum viðhorfum.

Rannsóknir hafa sýnt að neikvætt samband er bæði á milli starfsánægju og starfsmannaveltu og starfsánægju og fjarvista. Eftir því sem starfsánægjan er minni þeim mun meiri er starfsmannavelta og fjarvistir. Starfsánægja hefur ekki mikil áhrif á veikindi fólks, en miklu meiri líkur er á að óánægt starfsfólk noti minnstu átyllu til að tilkynna veikindi eða forföll. Einnig eru meiri líkur á að starfsfólk yfirgefi vinnustaði þar sem óánægja ríkir. Oftar en ekki eru það verðmætari starfsmenn sem auðvelt eiga með að fá vinnu annars staðar þar sem hæfileikar þeirra fá að njóta sín. Í fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru almennt ánægðir, ætti að vera auðveldara að halda góðum starfsmönnum og meiri líkur á að starfsmenn mæti betur til vinnu sinnar.

En þó að auðveldara sé að halda góðu fólki og það haldist betur við vinnu, hefur ekki verið sýnt fram á að aukin starfsánægja leiði til betri árangurs fyrirtækja. Yfirleitt má greina jákvæða fylgni á milli þessara þátta en hún er mjög breytileg. Þessi tengsl eru flókin og það eru margir aðrir þættir sem spila inn í. Stundum má greina aukna starfsánægju eftir að rekstrarárangur hefur batnað og sums staðar má greina bæði aukna starfsánægju og rekstrarárangur eftir að árangurstenging launa hefur verið tekin upp.

Það er því of mikil einföldun að segja að mikil starfsánægja skili sér í betri árangri fyrirtækja. Segja má að ánægja starfsmanna sé einn af aðgöngumiðunum að velgengni. Stefna fyrirtækisins, markmið, ferlar og árangurstenging launa spila þar líka stórt hlutverk, ásamt samkeppnisstöðu og öðrum aðstæðum í umhverfi fyrirtækja.

Mæling á starfsánægju (vinnustaðagreining) er samt mjög gagnleg til að fá yfirsýn yfir stöðuna á vinnustaðnum og til að skilgreina aðgerðir til umbóta. Reglulegar vinnustaðagreiningar, einu sinni á ári, eru nauðsynlegar til að fylgjast með framvindu og árangri aðgerða við að auka eða viðhalda starfsánægju starfsmanna.



**KAPPHLAUP SKRIFSTOFUBLÓKA** Framkvæmdastjórar fyrirtækja í Prag hafa þann árvissa sið að halda keppni skrifstofublókanna til að afsanna að skrifstofufólk sé upp til hópa húmorslaus möppudýr. Keppt er í fjórum greinum, möppukasti, akstri skrifstofustóls, kapphlaupi með síma í annarri hendi og möppu í hinni og svo fyrir ritara eingöngu, besta kaffiuppáhellingnum. NORDICPHOTOS/AFP

**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Engar niðurgreiðslur etanóls*

**The Wall Street Journal** | The Wall Street Journal veltir fyrir sér kostum og göllum etanóls sem framtíðareldsneytis. Í leiðara blaðsins segir að sjaldan hafi verið rætt um Brasilíu sem fyrirmyndarríki, nema þá helst þegar rætt væri um knattspyrnu eða sambadans. Brasilía sé hins vegar leiðandi þegar kemur að umhverfisvænu eldsneyti, háum fjárhæðum hafi verið eytt til orkumála í landinu og nú sé svo komið að sjötíu og fimm prósent allra nýrra bifreiða í landinu ganga fyrir etanóli. Bensínstöðvar í Brasilíu bjóði annars vegar upp á hreint etanól, og hins vegar etanól blandað í venjulegt bensín. Leiðarahöfundur Wall Street Journal virðist þó ekki sannfærður um ágæti etanóls sem framtíðareldsneytis Bandaríkjamanna. "Það á ekki að veita framleiðendum etanóls ósanngjarnt forskot. Etanól er dýrt í framleiðslu og meira magn þarf af því en bensíni. Niðurgreiðslur ríkisins ættu ekki að vera raunhæfur kostur."

## *Hagkerfi heimsins í saltan sæ*

**The Guardian** | Larry Elliott leiðarahöfundur The Guardian fjallar um vandamál sem steðja að heimshagkerfinu. Hann rifjar upp að árið 1972 hafi stórslysamyndin The Poseidon verið frumsýnd með viðhöfn, ári seinna hafi hagkerfi heimsins hrunið með braki og brestum. Í sumar standi svo einmitt til að frumsýna endurgerð myndarinnar, og á sama tíma hrikti í stoðum efnahagslífsins. Elliott bendir á að hagspekingar heimsins tali gjarnan um vandamál sem steðji að Bandaríkjunum og Kína, en gleymi Evrópu. Hann segir sérstakar blikur á lofti á Spáni; þar sé mun meiri verðbólga en gengur og gerist annars staðar í álfunni, auk þess sem viðskiptahallinn sé meiri en í Bandaríkjunum. Þetta sé sérstakt áhyggjuefni þar sem Spánn hafi dregið vagninn fyrir Evrópu undanfarin ár. Þrátt fyrir að spænska hagkerfið sé tólf prósent evrusvæðisins svokallaða, megi rekja rúmlega þrjátíu prósent heildarhagvaxtar árið 2005 beint til Spánar.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Forvarnahús og íslensk fyrirtæki

Næstkomandi föstudag opnar Sjóvá Forvarnahúsið í hluta Morgunblaðshússins í Kringlunni. Forstöðumenn hússins verða þau Einar Guðmundsson og Herdís Storgaard. Hugmyndin að baki Forvarnahúsinu er að efla forvarnastarf í landinu og gera Forvarnahúsið að einskonar miðpunkti forvarnastarfs á ýmsum sviðum, en einna helst á sviði forvarna sem tengjast fjölskyldum, umferðinni og fyrirtækjum. Sjóvá hefur verið í forystu fyrir stofnun Forvarnahússins en starfsemin á síðar að verða sjálfstæð og tengjast fjölmörgum aðilum. Fari allt að óskum mun Forvarnahúsið eignast breiðan hóp bakhjarla. Nokkur vísir er af þessu þar sem fyrirtæki á borð við Glitni, Neyðarlínuna, Bílanaust og Securitas hafa þegar ákveðið að ganga til liðs við Forvarnahúsið.

En hvernig getur Forvarnahúsið nýst fyrirtækjum? Nýverið heimsótti ég eitt besta tryggingafélag Norðurlanda en þetta tryggingafélag rekur nokkuð umsvifamikla starfsemi í tengslum við forvarnir í fyrirtækjum. Í húsnæði tryggingafélagsins var mjög góð aðstaða til að halda námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja. Þessi námskeið snerust meðal annars um margvíslegt öryggismál gagnvart starfsmönnunum sjálfum, viðskiptavinum o.fl. Í húsnæðinu var kynntur ýmis öryggisbúnaður í tengslum við brunavarnir, byggingastarfsemi og fleira.

Það eru ríkir hagsmunir fyrir bæði tryggingafélag og viðskiptavini þess að forvarnir séu teknar traustum tökum og sé ekki ávallt vikið til hliðar sökum anna eða andvaraleysis. Þetta hafa afburða tryggingafélög á Norðurlöndum áttað sig á og nú þurfum við að flytja inn þessa hugsun! Við eigum að gera forvarnir að eðlilegum hluta af starfsemi allra fyrirtækja og losa okkur við vissa helgislepju sem oft virðist umlykja forvarnaumræðuna.

Forvarnir hafa fengið nokkuð veglegri sess í samskiptum tryggingafélaga og fyrirtækja hérlendis á undanförnum árum og benda má á ávinning af sameiginlegu forvarnastarfi þessara aðila. Í því sambandi má sérstaklega geta frábærs árangurs hérlendis við að draga úr umferðartjóni í tengslum við fyrirtækjabíla. Á mörgum öðrum þáttum hefur hins vegar lítið verið tekið þótt ljóst sé að slys á starfsfólki fyrirtækja eru því miður algengari hér á nokkrum sviðum en í nágrannalöndum okkar. Hér má því gera miklu betur.

Tölur um árangur af forvörnum í fyrirtækjum, ekki síst upplýsingar um fækkun slysa á fólki með forvörnum, eru svo afgerandi að það á að vera kappsmál fyrir fyrirtæki og félag eins og Sjóvá að efla forvarnir. Forvarnahúsið getur verið milliliður milli fyrirtækjanna og tryggingafélaga og sinnt leiðbeiningum, námskeiðahaldi o.fl. í tengslum við forvarnir á vinnustöðum. Náin tengsl Forvarnahússins við tryggingafélag gera því einnig kleift að vera vel vakandi yfir orsökum og þróun tjóna í fyrirtækjum. Nútímatryggingafélög eiga síðan að hampa þeim fyrirtækjum sem sett hafa forvarnir á dagskrá og sýnt verulegan árangur með því að lækka iðgjöld á þessi fyrirtæki.

**Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár**

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

SPÁKAUPMAÐURINN

## Frænkan, botninn og Brecht

Það er ekki laust við að nettur fiðringur hafi farið um mann í síðustu viku þegar hlutabréfamarkaðir skullu niður og varð ég að hafa mig allan við að hemja mig. Var kominn á fremsta hlunn með að taka einn framvirkan samning í Mosaic eftir að gengið féll niður úr öllu valdi. En til hvers að kaupa þegar allir bíða eftir botninum? Og hvar er þessi botn á tímum hárra vaxta og lítillar stemningar? Það kunna að vera glymrandi kauptækifæri í bönkum og útrásarfyrirtækjum, en ég hef bara einfaldlega ekki viljann þessa stundina til að synda einn gegn straumnum. Ef til vill var það algerlega „safe bet“ að standa gegn straumi litlu fjárfestana þegar markaðurinn hrundi haustið 2004 en ekki nú. Þá hlógu hafrarnir að sauðunum. Að hugsa sér að það sé ekki nema hálft ár liðið síðan háöldruð föðursystir mín gaf sig á tal við mig í jólaboði og sagðist hafa keypt sér hlutabréf í fyrsta skipti. Spákaupmenn allra landa vita hvað slíkir hlutir merkja. Þannig að í stað þess að sitja yfir tölvunni og fylgjast með hlutabréfamarkaði, sem er jafn ískaldur og kælir í frystihúsi, rifja ég upp menntaskólaþýskuna, vitandi að peningarnir mínir eru bærilega geymdir á tólf prósenta vöxtum og í fasteign í Berlín. Gengur mér bara bærilega:

* Ich schicke ein Fax
* Muß ich Kommission bezahlen?

Mér er farið að líða eins og grósskapítalista í sköpunarverki Bertholds Brecht!

**Spákaupmaðurinn á horninu**





*Vantar þig eitthvað að gera á milli leikjanna á HM? Sérfræðingar Slippfélagsins fylgjast vel með því sem er að gerast í heiminum og vita hvaða litir hitta í mark. Vertu með okkur í fremstu röð.*

***Komdu og skoraðu!***

***Vitretex er endingargóð utanhúsmálning sem steinliggur**, hefur frábært alkalí-, vatns- og veðrunarþol og hentar því íslenskum aðstæðum sérlega vel. Vitretex er létt í vinnslu og þekur vel. Sveigjanleg filma minnkar líkur á sprungumyndun, málningin andar og hindrar því ekki eðlilegt rakaútstreymi, hreinsar sig sérlega vel og safnar ekki í sig óhreinindum. Hreinn draumur...*

AURASÁLIN

# Þjóðlegur ráðherra

**Álmálaráðuneytið** fékk góðan liðsstyrk í síðustu viku þegar hinn skeggjaði Jón Sigurðsson tók við lyklavöldunum. Aurasálin þekkir ekki mikið til hins nýja ráðherra en hefur skilist á fjölmiðlum að hann sé einhver áhrifamesti hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins á síðustu áratugum.

**Einhver kynni að segja** að það að vera helsti hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins sé ámóta gagnleg staða eins og að vera mesti hagyrðingur íslenska knattspyrnulandsliðsins. En fátt er fjær sanni. Hugmyndafræði hefur alltaf gegnt miklu hlutverki í Framsóknarflokknum. Hugmyndafræðin um fullnýtingu náttúruauðlinda Íslands er meginstoðin í hagvaxtarvæðingu Íslands síðustu áratugi og með mann á borð við Jón Sigurðsson í forystu hlýtur framtíðin að vera björt.

**Í gær rakst Aurasálin** á frétt þess efnis að Lúxemborg væri ríkasta land Evrópu en Ísland bara í fimmta sæti. Að mati Aurasálarinnar getur þetta varla staðist. Lúxemborg er agnarsmátt land sem hefur afar litlar náttúruauðlindir - í raun aðeins einhverjar járnnámur sem ekki eru einu sinni nýttar lengur. Hvernig þetta land fer að því að verða ríkasta land Evrópu er því algörlega óskiljanlegt. Hér er maðkur í mysunni, pottur brotinn og eitthvað gruggugt á seyði.

**Líklegasta skýringin** á auðlegð Lúxemborgar er arðrán. Þeir hafa komið sér upp stöðu til þess að ræna arðinum af náttúruauðlindum annarra þjóða. Íslendingar gætu auðvitað reynt að herma eftir því og komið upp „alþjóðlegri fjármálamiðstöð“ þar sem fyrirtæki myndu reisa sér höfuðstöðvar og skrá bókhald sitt í íslenskum krónum. En með mann sem er bæði þjóðlegur í fasi og hugsun í forystu iðnaðar- og viðskiptamála er engin hætta á að vikið verði frá þeirri stefnu íslenskra stjórnvalda að þjóðin efnist á heiðarlegan hátt með vinnslu frumafurða eins og sjávarfangs og áls.

**Íslendingar eru nú þegar** ríkari heldur en Danir - þeir fúlu frændur okkar. Sennilega skýrir þetta árásir Dana á íslenska álhagkerfið á síðustu misserum. Þeir sjá ofsjónum yfir þeim náttúruauðlindum sem Íslendingar búa að og sjá það í hendi sér að hið meinta hugvit dönsku þjóðarinnar má sín lítils gegn orkufrekum stóriðnaði á Íslandi. Í keppni milli stórvirkra vinnuvéla og fatahönnunar þarf ekki að spyrja að leikslokum.



**ÓSKAR ALFREÐSSON OG RÖGNVALDUR HREIÐARSSON, EIGENDUR HÁRGREIÐSLUSTOFUNNAR DÚETTS** Rögnvaldur segir mikla samkeppni í hárgreiðslu í Reykjavík. Hér séu um tvö hundruð hárgreiðslustofur auk þess sem boðið sé upp á klippingar í heimahúsum víða um bæ.

# Flestir eru fastakúnnar

Rögnvaldur Hreiðarsson og Óskar Alfreðsson reka hárgreiðslustofuna Dúett í Skipholtinu. Stofan hefur nú verið starfrækt í tíu ár og var því fagnað með pompi og pragt á dögunum. *Jón Skaftason* spjallaði við Rögnvald á þessum tímamótum og komst að því að menn skerða síður hár sitt á krepputímum.

Rögnvaldur Hreiðarsson og Óskar Alfreðsson eru gamlir skólafélagar, útskrifuðust árið 1984 og unnu lengi saman á hárgreiðslustofu. Það var síðan árið 1996 sem þeir ákváðu að slá til og stofna eigin stofu.

Nafnið Dúett er táknrænt enda hafa þeir félagar lengst af verið tveir með stofuna, þótt tímabundið hafi verið bætt við starfsfólki. „Við ákváðum bara einn daginn að slá til og hefja sjálfstæðan rekstur. Við höfum síðan verið á sömu kennitölunni þessi tíu ár,“ segir Rögnvaldur Hreiðarsson.

Rögnvaldur segir ýmislegt hafa breyst síðan hann útskrifaðist sem hárgreiðslumaður árið 1984. Viðskiptin komi nú jafnt og þétt allt árið sem sé mikil breyting frá því sem áður var. Þá hafi mikið verið að gera á álagstímum en lítið þess á milli. „Þetta var miklu sveiflukenndari bransi. Hér áður vann maður myrkranna á milli um jólin, en gat síðan setið heima í janúar. Menn eru hættir að fara í jakkafötin og setja á sig bindi þegar þeir ætla í klippingu.“

Rögnvaldur er ekki viss um hvað veldur þessari breytingu en telur þó hugsanlegt að skemmtanagleði landans sé þar orsakavaldur „Það eru jólahlaðborð, árshátíðir, þorrablót og endalaus tækifæri til gera sér glaðan dag. Það er helst að rólegt sé á sumrin.“

**SÍÐHÆRÐIR Á KREPPUTÍMUM**

Rögnvaldur segir stærstan hluta viðskiptavina Dúetts vera fastakúnna. „Við erum búnir að vera í þessum bransa í rúm tuttugu ár og ég myndi segja að níutíu prósent allra sem hingað koma væru fastakúnnar, þótt vitaskuld sé alltaf eitthvað rúll líka. Síðan detta náttúrulega einhverjir út og aðrir koma í staðinn.“

Að sögn Rögnvalds hafa viðskiptin vaxið jafnt og þétt allt frá byrjun. Engar sprengjur hafi þó orðið, enda sé nauðsynlegt að auglýsa meira en þeir hafi gert til að svo verði.

Rögnvaldur segir þó hárgreiðslumenn ekki síður en aðra verða þess varir þegar skóinn kreppir í efnahagsmálum. „Þeim fækkar ekki kúnnunum, en þeir koma sjaldnar. Snyrtileg klipping er kannski ekki efst á forgangslistanum þegar harðnar í ári. Ef menn fresta því að fara í klippingu um hálfan mánuð, töpum við á ársgrundvelli. Ég held að þetta sé bara eins og í öðru. Menn fara oftar út að borða þegar þeir eiga pening.“

**Dúett Hárstúdíó**
Stofnað: Árið 1996
Eigendur: Óskar Alfreðsson og Rögnvaldur Hreiðarsson
Staðsetning: Skipholt 50c í Reykjavík

Ljóst er að mikil samkeppni er í hárgreiðslubransanum í Reykjavík. Rögnvaldur segist telja að minnsta kosti tvö hundruð hárgreiðslustofur í borginni, fyrir utan þá sem bjóða upp á klippingar í heimahúsum „Það er tiltölulega einfalt að opna stofu. Námið er ekki langt og ábyggilega um hundrað manns sem skrá sig til náms á hverju ári. Það dælist fólk út á markaðinn.“

Rögnvaldur telur að þótt sumir kunni að líta á hárgreiðslu sem kvennafag sýni dæmin að konur endist síður í harkinu. Þær detti fyrr út af markaðnum og skili sér síður aftur. „Þetta er svo sem ekkert vísindalegt en ég byggi þetta á langri reynslu í faginu. Hver ástæðan er veit ég ekki. Það geta verið barneignir eða eitthvað, ég er hreinlega ekki viss.“

**FLESTIR KÚNNANNA KARLMENN**

Rögnvaldur segir viðskiptavini sína á öllum aldri en þó flesta karlmenn „Viðskiptavinir okkar eru kannski níutíu prósent karlmenn. Ég á von á því að kúnnarnir eldist með manni. Það er samt náttúrulega mikilvægt að yngja upp í kúnnahópnum og það gerist smátt og smátt.“

Þótt flestir kúnnanna séu karlmenn telur Rögnvaldur að þeir félagar séu færir í flestan sjó. „Þetta er ekki fimmtán manna tískuklippingastofa eins og eru niður í bæ. En við teljum okkur þó geta gert allt það sem við erum beðnir um.“

Rögnvaldur segir stofu á borð við Dúett velta tólf til fimmtán milljónum króna á ári hverju. Hann er ófáanlegur til að gefa upp nákvæmari tölur úr rekstrinum. „Þetta er allavega ekki rekið með tapi, svo mikið get ég sagt.“

Þeir félagar, Rögnvaldur og Óskar, horfa bjartsýnir til framtíðar. Grunnurinn sé traustur og aðstæður góðar til að byggja ofan á. „Við erum brattir. Það er í deiglunni að bæta við starfsfólki og síðan er vitaskuld ætlunin að ná í fleiri kúnna“.

Hann segir þó mikilvægt að fara ekki of geyst. Ekki standi til að opna fimmtán manna tískuhárgreiðslustofu í bráð. „Ég hef unnið á svona stórri stofu og veit hvað til þarf. Stofan okkar er tiltölulega lítil eining og verður það líklega áfram.“

**„Snyrtileg klipping er kannski ekki efst á forgangslistanum þegar harðnar í ári. Ef menn fresta því að fara í klippingu um hálfan mánuð, töpum við á ársgrundvelli.“**



Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is




## Eiginleikar:

- Heitir drykkir
- 6 drykkir
- Snertihnappar
- Stafrænn skjár
- Blöndunarvirkni
- Borðmódel

## Möguleiki:

- Vatnstenging

| | |
|---|---|
| Hæð | 460 mm |
| Breidd | 315 mm |
| Dýpt | 395 mm |
| Þyngd | 9,2 kg |
| Spenna | 220 – 240V |
| Orku notkun | 1,3 kW |
| Vatnstankur | 2,3 l |

**TILBOÐ 1 "Leigðana"**

Kaffivél aðeins 99kr. á dag án vsk.

Takir þú tilboðinu færðu fyrsta mánuðinn frían.

**Hringdu núna í síma 564 1400.**

**TILBOÐ 2 "Eigðana"**

Aðeins 4990* á mánuði án vsk. í 12 mánuði vaxtalaust.

*Léttgreiðslur Visa/Euro

**Hringdu núna í síma 564 1400.**

# Komo

**Hægt að velja milli 6 drykkjar tegunda**

- *Svart kaffi á 15sek.*
- *Auðveld í notkun*
- *Lítil og auðvelt að koma fyrir í móttöku, ráðstefnu- eða fundarsölum.*
- *Snyrtileg*
- *Hægt að nota með eða án vatnstengingar.*
- *Auðvelt að hreinsa með innbyggðum hreinsibúnaði*

kerfi

**KERFI ehf** Flatahrauni 5b 220 Hafnarfjörður Sími. 564 1400 www.kerfiehf.is kerfiehf@kerfiehf.is

SVENSK KVALITET · CERTIFIERAT ISO 9001 SEMKO-DEKRA

# Tekur þú áskorun?

EXISTA

**Hefur þú áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá spennandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi?**

## Samstæðuuppgjör

**Starfssvið:**
- Gerð samstæðureikningsskila
- Uppgjör alþjóðafyrirtækis
- Greining stjórnendaupplýsinga
- Samskipti við dótturfélög

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði
- Löggilding í endurskoðun
- Reynsla af samstæðuuppgjörum
- Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Góð enskukunnátta
- Góð Excel kunnátta

## Framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta

**Starfssvið:**
- Skipulagning og yfirumsjón með kynningarstarfi Exista gagnvart markaði og hluthöfum
- Yfirumsjón með heimasíðu og gerð ársskýrslu
- Gerð kynningarefnis um verkefni sem félagið og dótturfélög þess taka sér fyrir hendur í samstarfi við stjórnendur
- Seta í framkvæmdastjórn Exista

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði, fjölmiðlafræði, almannatengslum eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð íslensku og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Exista er alhliða fjármálaþjónustufyrirtæki með viðamikinn rekstur á sviði trygginga og eignaleigu auk fjárfestingastarfsemi hérlendis og erlendis. Exista er með starfsstöðvar á Íslandi og í London og stefnir að frekari starfsemi í Evrópu. Exista er eigandi VÍS og Lýsingar auk þess að vera stærsti hluthafi Kaupþings banka með 25,6% hlut, stærsti hluthafinn í Bakkavör Group með 26,7% hlut og stærsti hluthafi Símans með 43,6% hlut, auk annarra skammtíma- og langtímafjárfestinga í dreifðu eignasafni. Stefnt er að skráningu Exista í Kauphöll Íslands í september næstkomandi.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is




**AKRAHVERFI Í GARÐABÆ** Hið nýstofnaða félag, Laugarnes ehf., hefur keypt Laugarakur ehf, dótturfyrirtæki fjárfestingarfélagsins Phoenix.

# Félag kaupir Laugarnes

Fjárfestingarfélagið Phoenix hafa selt dótturfyrirtæki sitt, Laugarakur ehf. Kaupandinn er nýstofnað félag, Laugarnes ehf., en að baki því stendur hópur fjárfesta. Kaupverðið er trúnaðarmál á milli aðila. Gengið var frá samningum um sölu fyrirtækisins í apríl en ákvæðum sölusamninga hefur nú endanlega verið fullnægt og þau staðfest. Söluferlið og kaupin á Laugarakri ehf. var unnið og fjármagnað í gegnum Glitni banka.

Með í sölu Laugarakurs ehf. fylgir öll uppbygging félaganna á 335 íbúðum og húsum í hinu nýja Akrahverfi í Garðabæ. Nær hún yfir meira en 70 prósent af öllum framkvæmdum í hverfinu. Í fréttatilkynningu kemur fram að verkefnið er eitt allra stærsta einstaka byggingarverkefni síðustu ára sem selt er í einu lagi, eða vel yfir 45.000 fermetrar af byggðu íbúðarhúsnæði. Áætlað er að núvirði framkvæmdanna sé fullbyggt yfir tólf milljörðum íslenskra króna.

Með í sölunni á Laugarakri fylgdi nafnið „Laugarnes“ ásamt öllum kynningar- og markaðsgögnum sem tengjast Akrahverfinu, en allt markaðsstarf í Akrahverfi verið unnið undir þeim merkjum. Samhliða var nafni þess fasteignafélags breytt og heitir það nú Vigur ehf. - fasteignafélag. **- hhs**

## FÓLK Á FERLI

**JÓN PÉTUR** Magnason hefur hafið störf hjá TM Software. Jón Pétur stundar nám í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur sótt fjölda námskeiða, til dæmis við Endurmenntun Háskóla Íslands. Jón Pétur hefur meðal annars unnið hjá CCP, við hugbúnaðarprófanir á EVE-Online og fleira og hjá Skyggni. Þá vann hann sjálfstætt við tölvusölu, uppsetningu þeirra og viðhald.



**JÓN ELÍAS** Þráinsson hefur hafið störf hjá TM Software. Jón Elías hefur mikla reynslu af ráðgjöf, hönnun og kerfisstjórn. Jón Elías útskrifaðist sem kerfisfræðingur frá Rafiðnaðarskólanum árið 2002. Hann hefur lokið mörgum Microsoft-prófum og verið vottaður af Microsoft frá 2001. Þá hefur Jón Elías sótt fjölda námskeiða í tengslum við fag sitt. Jón vann hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands 1998 til 2005, meðal annars sem kerfisstjóri, tæknilegur ráðgjafi og við hönnun og rekstur Microsoft-staðarnetkerfa.



**HILMAR ÞÓRARINN** Hilmarsson hefur hafið störf hjá TM Software sem kerfisfræðingur. Hilmar Þórarinn hefur víðtæka reynslu sem kerfisstjóri og ráðgjafi en hann vann áður meðal annars hjá Anza, Hringiðunni, Þrívíddarmiðlun/Rögg og KPMG. Hilmar lauk námi í kerfisfræði frá Rafiðnaðarskólanum árið 2000 og þar áður námi í gagnafræðum og rafeindavirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík.



**EINAR GUÐJÓNSSON** hefur hafið störf hjá TM Software sem kerfisfræðingur. Starfssvið Einars er rekstur tölvukerfa viðskiptavina TM Software á Akureyri. Einar lauk BscE-gráðu í upplýsingatæknifræði frá Vitus Bering CVU í Danmörku árið 2005. Einar er einnig með MCSA 2003 gráðu. Áður en Einar fór til náms í Danmörku vann hann að tölvu- og tæknimálum hjá Anza 2001 til 2002, Miðheimum 2000 til 2001 og Landssíma Íslands 1995 til 2000.



**EDWARD ÖRN** Jóhannesson hefur hafið störf hjá TM Software. Hann hefur mikla reynslu sem kerfisstjóri og tæknimaður. Edward Örn hefur sótt fjölda Microsoft-námskeiða og hlotið margs konar Microsoft-vottanir. Hann vann við netumsjón, sem tæknimaður og kerfisstjóri hjá TölvuMyndum 1997 til 2000, sem kerfisstjóri hjá Hýsingu ehf. 2000 til 2001 og sem tæknimaður hjá Opnum kerfum ehf. 2001 til 2006.



**GARÐAR HAUKSSON** hefur hafið störf hjá TM Software sem sérfræðingur á netsviði. Garðar hefur töluverða reynslu af forritun og umsjón tölvukerfa. Garðar útskrifast með B.Sc.-gráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands í júní næstkomandi. Hann vann við forritun hjá Íslenskri vefmenningu og eins hjá Hafsjó ehf. Þá hefur hann haft umsjón með tölvuveri verkfræðiskorar HÍ og kennt við sama skóla.




Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
**Mest lesna viðskiptablaðið**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



# Bókari

**Starfsfólk Fjárstoðar óskar eftir hressum og skemmtilegum bókara í hópinn.**

FJÁRSTOÐ

*Fjárstoð er stærsta fyrirtækið á íslenskum markaði sem sérhæft er í útvistun verkferla á fjármálasviði. Þjónusta fyrirtækisins felst í framkvæmd allra verkþátta sem heyra undir fjármálasvið fyrirtækja, þar á meðal bókhald, afstemmingar, launavinnslu, gerð skilagreina, bráðabirgða- og árshlutauppgjör, framsetningu lykilstærða um fjárhag o.fl. Hjá Fjárstoð starfa 27 frábærir starfsmenn sem hlakka til að fá þig í hópinn.*

www.fjarstod.is

**Starfssvið**
- Færsla bókhalds fyrir stærri viðskiptavini
- Afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Haldbær reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð tölvukunnátta og þekking á Microsoft Navision er kostur
- Nákvæm og hröð vinnubrögð
- Geta til að starfa sjálfstætt
- Jákvæðni og vilji til að taka þátt í góðu hópstarfi

**Í boði er** framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki. Byrjunartími er samkomulag.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 26. júní nk. Númer starfs er **5627**.

Upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir, netfang: gudny@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

# Fyrstir með sjálfvirkt eftirlit

Sænski fjarskiptarisinn Ericsson hyggur á innreið á Evrópumarkað með þjónustu við fjarskiptafyrirtæki sem að sögn mun hafa gefið góða raun vestanhafs, í Bandaríkjunum. Um er að ræða nokkurs konar sjálfvirkt gæðaeftirlit með fjarskiptanetum og hefur Ericsson hafið samstarf við Og Vodafone sem er fyrst fyrirtækja í Evrópu til að taka búnaðinn í notkun.

Um er að ræða þjónustu sem Ericsson nefnir *TEMS Automatic - Autonomous Network Monitoring System*. Komið er fyrir í bíl tæki sem prófar í sífellu farsímanet viðkomandi fjarskiptafyrirtækis og ber jafnvel samtímis saman við net samkeppnisaðila.

„Við höfum bara gert þetta hjá stærri fjarskiptafyrirtækjum áður, en erum að markaðssetja þessa sjálfvirku villugreiningartækni sem þjónustu sem fjarskiptafyrirtæki geta almennt nýtt sér,“ segir Julian Lowe, sölustjóri TEMS á Norðurlöndum. Hann segir að í Bandaríkjunum hafi fyrirtæki náð að stórbæta fjarskiptanet sín, en þeim megin hafsins hafi farsímanet almennt ekki verið með jafngóða dreifingu og í Evrópu. „Þar hefur verið komið fyrir svona sendum í leigubílum og almenningsfarartækjum og náðst að kortleggja vel dreifikerfi og stórbæta móttökuna. Segja má að með því að nýta TEMS taki fyrirtæki upp fyrirbyggjandi starfshætti í stað þess að bregðast bara við umkvörtunum viðskiptavina, sem jafnvel getur verið erfitt að staðreyna þegar til kemur.“ TEMS sendirinn er búinn símkorti og gerir stöðugar prófanir á farsímanetinu þar sem hann er staðsettur, á hljómgæðum, gagnaflutningshraða og fleiri atriðum. Hann hringir í ákveðið númer og tölva greinir og skráir öll samskipti. Fjarskiptafyrirtækið sem kaupir þjónustuna sækir svo upplýsingar inn á þar til gerða vefsíðu. „Þetta er liður í stefnu Ericsson að gera farsímann raunhæfan valkost við hlið fastlínusíma, en til þess þurfa gæðin alltaf að vera sambærileg.“

Sigurður Ingi Hauksson, deildarstjóri radíódeildar Og Vodafone, segir fyrst í stað einn sendi vera í notkun á stórhöfuðborgarsvæðinu í bíl fyrirtækisins sem notaður er í útkeyrslu. „Þannig náum við nokkuð góðri dekkun á svæðinu,“ segir hann og bætir við að í framhaldinu sé ætlað að kanna með sama hætti skilyrði á Akureyri. Bíllinn er útbúinn korti bæði frá Og Vodafone og frá Símanum og þannig ætlar Sigurður að fá raunsamanburð á gæðum dreifikerfanna, en að auki sendir tækið upplýsingar um GPS hnit. „Svo verður brugðist við þar sem gæðin reynast slök, en með þessum hætti vonumst við til að geta sannað yfirburði kerfis okkar, í stað staðhæfinga sem við höfum sett fram áður,“ segir hann íbygginn. Þá segir hann mikinn vinnusparnað falinn í notkun tækisins fyrir villugreiningarteymi Og Vodafone því nú geti það einbeitt sér að úrbótum og úrvinnslu gagna í stað þess að þurfa að aka um og gera mælingar líkt og áður.



**VIÐ BÍLINN MEÐ MÆLIBÚNAÐI ERICSSON** Gísli Þorsteinsson upplýsingafulltrúi og Sigurður Ingi Hauksson, deildarstjóri radíódeildar Og Vodafone, ásamt Julian Lowe, sölustjóra TEMS, og Micke Eriksson, tæknimanni frá Ericsson. **Markaðurinn/GVA**

Julian Lowe segist hafa þó nokkrar væntingar til samstarfsins og vonast til að á næstu þremur mánuðum detti inn stórir samningar við stærri fyrirtæki á farsímamarkaði í Evrópu. **- óká**



Jakki
Stærðir 48-64
5.330.-
Vesti
Stærðir M-XXL
4.600.-
Buxur
Stærðir 48-64
Frá 4.160.-
Góður vinnufélagi
ARCTIC WEAR
Sími: 534-2900
Vinnuföt - Hlífðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901
Prenttækni ehf

10,3%
Nafnávöxtun síðustu 3 ár, 10,3% á ári.*
SJÓÐUR 11 – GÓÐIR ÁVÖXTUNARMÖGULEIKAR
**Hentar þeim vel sem vilja fjárfesta eða spara til langs tíma og eiga öruggan sparnað fyrir.**
Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.
Sjóður 11 er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.
*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.
GLITNIR

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

RÉTTARRÍKI, EIGNARRÉTTUR, FRELSI.


Fróðleikur og skemmtun, í góðum hópi, í frábæru umhverfi.
Helgina 7. – 9. júlí 2006
Í Sumarháskóla RSE verða á boðstólum fróðleg erindi og örvandi umræður um grundvallaratriði réttarríkisins, mikilvægi eignarréttar og efnahagslegs frelsis.
Sumarháskólinn verður settur kl. 18:00 föstudaginn 7. júlí, en slitið kl. 14:00 sunnudaginn 9. júlí.
Boðið verður upp á gistingu og málsverði í skemmtilegu umhverfi í nágrenni Viðskiptaháskólans á Bifröst.
Enginn aðgangseyrir, en takmarkað sætaframboð.
Einstakt tækifæri fyrir ungt áhugafólk um þjóðfélagsmál til að kynnast nýju fólki og nýjum hugmyndum.
**Vilt þú taka þátt?**
Sendu umsókn á birgir@rse.is
eða hafðu samband í síma 893 6300.
Allar nánari upplýsingar á www.rse.is.
RANNSÓKNARMIÐSTÖÐ UM SAMFÉLAGS- OG EFNAHAGSMÁL

# Ráðgjöf greiningardeilda borgar sig

**Hvert er hlutverk greiningardeilda bankanna?**
Hlutverk greiningardeilda bankanna er að veita viðskiptavinum bankanna verðmæta greiningu á fjármálamarkaði og efnahagsmálum. Í þessu felst að greiningunum er ætlað að nýtast viðskiptavinum bankanna í fjárhagslegu tilliti. Það er því hlutverk deildanna að koma fram með ráðleggingar sem kúnnar bankanna eiga að geta hagnast á eða nýtt til að verja sín verðmæti.

**Hvað þýða yfirvogun og undirvogun?**
Ef greiningardeildirnar meta að fjárfestar ættu að yfirvoga tiltekið félag í eignasöfnum sínum er átt við að það félag eigi að hafa meira vægi (stærri hluta) af verðbréfasafninu en önnur félög. Vogunarráðgjöf er til skemmri tíma eða 3-6 mánaða og tengist ekki verðmatráðgjöfinni (mat á virði félagsins) heldur er tekið tillit til aðstæðna á fjármálamörkuðum hverju sinni ásamt fréttum og nýlegum uppgjörum viðkomandi fyrirtækja.

**Hvernig er mat á fyrirtækjum fundið út?**
Sjóðsstreymisaðferð reiknar út hve miklu fé fyrirtækið getur skilað eigendum sínum á hverju ári. Þá hefur verið gert ráð fyrir fjárfestingaþörf, bindingu í veltufjármunum (til dæmis birgðum), greiddum skatti og öðru því sem hefur áhrif á sjóðsstreymi félagsins. Upphæðirnar eru síðan núvirtar til dagsins í dag og samanlagt mynda þær virði félagsins. Ávöxtunarkrafan sem notuð er til að núvirða greiðslurnar er oftast reiknuð með klassísku CAPM-aðferðinni, og er betagildi atvinnugreinarinnar í heild sinni iðulega notað.

**Hvernig er best að blanda í verðbréfasafn?**
Fjárfestir sem er áhættufælinn og vill draga úr áhættu án þess að ávöxtun minnki mikið ætti að útbúa verðbréfasafn úr félögum sem eru í ólíkum iðngreinum. Þannig dregur hann út áhættu sem tengist iðngreininni ásamt fyrirtækjaáhættu án þess þó að draga mikið út væntri ávöxtun. Hann stendur þó alltaf uppi með svokallaða markaðsáhættu. Ef það er engin eða lítil fylgni á milli sveiflna í afkomu félaga í mismunandi iðngreinum mun fjárfestirinn lenda í því að þegar ein iðngreinin er að skila neikvæðri ávöxtun er alveg eins líklegt að önnur iðngrein skili jákvæðri ávöxtun.

**Hafa greiningardeildirnar aldrei rangt fyrir sér?**
Eitt er öruggt að greiningardeildirnar hafa oft rangt fyrir sér (ef svo má að orði komast). En ef þær hafa að meðaltali oftar rétt fyrir sér en rangt ætti að borga sig að fylgja ráðgjöf greiningardeildanna.

**TÖLVUPÓSTURINN**

*Til Örvars Arnarsonar*

*sérfræðings hjá fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka*











# Er eitthvað að marka ráðleggingar greiningardeilda?

**Ráðleggingar greiningardeilda viðskiptabankanna um kaup eða sölu á hlutabréfum eru nákvæmar og skila góðri ávöxtun. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* rýndi í rannsókn um ráðleggingar greiningardeildanna.**

Gengi hlutabréfa hefur sveiflast mikið það sem af er þessu ári og hafa hækkanir á árinu margar hverjar gengið til baka. Þetta hefur valdið fjárfestum miklum höfuðverk. Vegna þessa getur þeim verið ærinn vandi á höndum þegar þeir standa frammi fyrir því hvort þeir eigi að halda bréfum sínum, selja þau eða kaupa fleiri. En hvernig vita fjárfestar hvenær rétti tíminn er að höndla með hlutabréf og hvað skuli gera?

Greiningardeildir viðskiptabankanna veita opinberlega ráðgjöf um kaup og sölu hlutabréfa í fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands og birta hana meðal annars á vef sínum. Í ráðgjöfinni felst mat deildanna á því hvaða bréf sé best að kaupa hverju sinni, hvaða bréf er gott að geyma til betri tíma og hvaða bréf er best að selja.



**BREYTINGAR Á GENGI HLUTABRÉFA** Niðurstöður nýlegrar rannsóknar benda til að ráðleggingar greiningardeilda bankanna um kaup og sölu hlutabréfa eru nákvæmar og nokkuð öruggar. MYND/VALGARÐUR

## TVEIR FLOKKAR RÁÐGJAFAR

Greiningar bankanna skiptast í tvo flokka: Vogunarráðgjöf og verðmatsráðgjöf. Vogunarráðgjöf endurspeglar skoðun greiningardeildar á því hvort hlutabréfaverð muni hækka eða lækka á næstu þremur til sex mánuðum en verðmatsráðgjöfin, sem kemur nokkuð reglulega út, gildir til lengri tíma.

Kári Sigurðsson, sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík og doktorsnemi við London Business School í Bretlandi, og Örvar Guðni Arnarson, fyrrum nemandi í viðskiptafræði við HR og sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka, rannsökuðu gæði ráðgjafar viðskiptabankanna í vor. Niðurstöður þeirra benda til að þeir sem fari að ráðum greiningardeilda bankanna í kjölfar yfirvogunarráðgjafar, eða þegar mælt er með því að auka hlutdeild tiltekinna hlutabréfa í verðbréfasafni, fái að meðaltali tveggja prósenta betri ávöxtun á mánuði á verðbréfasafn sitt en ef farið er eftir svokallaðri undirvogunarráðgjöf, eða þegar mælt er með því að minnka hlutdeild tiltekinna hlutabréfa í verðbréfasafni. Árangurinn krefst þess að fjárfestar bregðist við nýrri ráðgjöf við lok útgáfudags ráðgjafarinnar því gengi hlutabréfa hækkar stuttu eftir að greiningardeildir mæla með kaupum á hlutabréfum.

## ÍSLENSK HLUTABRÉFARÁÐGJÖF

Það er fjarri því að ráðleggingar greiningardeilda íslensku viðskiptabankanna séu ólíkar ráðleggingum erlendra greiningardeilda. Í rannsókn Kára og Örvars kemur fram að hagstætt hafi verið fyrir fjárfesta að fara eftir ráðleggingum bandaríska greiningardeilda á tímabilinu allt frá 1968 til 2003.

Eitt tímabil sker sig hins vegar úr. Það eru árin 2000 til 2001 en að mati erlendra sérfræðinga sem skoðuðu mat greiningardeildanna misstu ráðleggingarnar marks á þessum árum og fjárfestar töpuðu á því að kaupa í félögum sem greiningardeildir mæltu með kaupum í. Skýringanna er helst að leita í því að tímabilið var einkennilegt, mörg fyrirtæki voru ofmetin og netbólan svokallaða sprakk með þeim eftirminnilegu afleiðingum að gengi bréfa í fyrirtækjum hríðlækkaði. Þeir Kári og Örvar segja að þrátt fyrir þetta megi vel segja að ráðleggingar greiningardeildanna hafi haft einhvers konar fjárfestingargildi.

En er meira mark takandi á einni greiningardeild fremur en annarri? Þeir Kári og Örvar segja samanburð ekki einþættan þegar fara eigi eftir því hvort um kaup- eða söluráðleggingu er að ræða. Vitna þeir til einnar rannsóknar á svipuðum nótum sem sýnir að kaupráðlegging frá greiningardeild sem birtir hlutfallslega fáar kaupráðleggingar hafi sterkara forspárgildi en sambærileg ráðlegging frá aðilum sem eru með mikið af kaupráðleggingum. Svipaða sögu er að segja um ráðleggingar greiningardeilda um sölu á hlutabréfum.

## HAGUR FJÁRFESTA AÐ FYLGJAST MEÐ

Þeir Kári og Örvar skoðuðu sérstaklega ráðleggingar frá greiningardeildum stærstu íslensku viðskiptabankanna (Glitni, KB banka og Landsbankanum) á árunum 2003 til 2005. Til að tryggja gæði greininganna á þessu þriggja ára tímabili voru þau yfirfarin af greiningardeildunum sjálfum.

Í rannsókninni kemur fram að greiningar viðskiptabankanna hafi stórbatnað frá árinu 2003. Á þeim tíma voru þau með ráðgjöf til félaga sem vógu 70 prósent að markaðsvirði allra félaga í Kauphöll Íslands og ná þær nú til nándar alls markaðsvirðis skráðra félaga. Sömuleiðis koma ráðleggingar oftar út nú en áður. Í kringum 2003 liðu að meðaltali um 80 dagar á milli útgáfudaga hjá viðskiptabönkunum en nú líða að jafnaði um 18 dagar á milli vogunarráðgjafa en 50 dagar á milli verðmatsráðgjafa.

Eins og áður sagði er niðurstaða rannsóknarinnar sú að árangurinn af því að fylgja verðmatsráðgjöf íslensku viðskiptabankanna er almennt jákvæður. Þeir sem fjárfesta í hlutabréfum ættu að fylgjast með ráðleggingum greiningardeilda viðskiptabankanna, samkvæmt þeim Kára og Örvari, því skammtímaáhrif vogunarráðgjafar bera vott um að greiningardeildum takist nokkuð vel að spá fyrir um gengi einstakra hlutabréfa yfir nokkurra daga tímabil.

Er niðurstaðan sú að árangurinn af því að fylgja vogunarráðgjöf greiningardeildanna er töluvert betri en árangurinn af verðmatsráðgjöfinni. Fjárfestir sem hefði keypt í félögum með yfirvogunarráðgjöf hefði fengið 2 prósenta hærri ávöxtun á mánuði en fjárfestir sem hefði keypt í félögum með undirvogunarráðgjöf. Mismunurinn á milli fjárfesta sem annars vegar kaupa í félögum með „kaupa“ ráðgjöf og hins vegar fjárfestis sem kaupir í félögum með „selja“ ráðgjöf er minni, eða um 1 prósent á mánuði.

**MEÐALMÁNAÐARÁVÖXTUN UMFRAM MARKAÐ EFTIR VIÐBRAGÐSFLÝTI**




1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
Kynningarverð fyrir heimilið og sveitasetrið
Nýtt kortatímabil
Vínrekki 65x35x85
Verð áður 17.800
Verð nú 14.200
Bekkur 116x46x80
Verð áður 29.800
Verð nú 23.800
Consola 120x40x80
Verð áður 28.000
Verð nú 23.000
Borð 135x90x80
Verð áður 36.000
Verð nú 28.800
Veggskápur 50x21x69
Verð áður 13.900
Verð nú 11.000
Diskarekki 62x24x76
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Hilluhengi 70x20x40
Verð áður 5.800
Verð nú 4.600
Kertastjakar frá 1000.- kr
Skápur á borð eða vegg
71x22x52
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Náttskápur 46x36x71
Verð áður 15.800
Verð nú 12.650
Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr
Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
Verð áður 68.000
Verð nú 54.500
Glerskápur 49x39x180
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000
Náttborð 41x33x64
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Hornskápur 67x40x180
Verð áður 33.800
Verð nú 27.000
Glerskápur 60x36x182
Verð áður 44.000
Verð nú 35.000
Skatthol 80x48x102
Verð áður 23.000
Verð nú 18.400
Hár skenkur 86x40x190
Verð áður 68.000
Verð nú 54.400
Skenkur 130x43x87
Verð áður 49.900
Verð nú 39.900
CD standur 26x20x107
Verð áður 13.000
Verð nú 10.400
Fæst einnig í: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, og Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**5/25** af kauphallaraðilum eru erlendir.

**44** milljörðum króna þarf að létta af hagkerfinu til að draga úr spennu og slá á verðbólgu að mati forstöðumanns Hagfræðistofnunar.

**1,3%** atvinnuleysi í síðasta mánuði og helst óbreytt frá því í apríl.

BANKAHÓLFIÐ

## Bjarni ræðir umhverfismál

Fjölmargir sérfræðingar af hinum ýmsu sviðum um heim allan, bæði hins opinbera og einkageirans, voru staddir hér á landi í upphafi mánaðarins til að taka þátt í samráðsþingi um loftslagsbreytingar. Meðal þeirra sem tóku þátt í ráðstefnunni var Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis banka. Hélt hann erindi yfir léttum hádegisverði þar sem hann sagði frá áætlunum bankans um að leggja aukna áherslu á endurnýtanlega orku sem að sögn viðstaddra vakti mikla athygli.

Þingið var haldið hér á landi fyrir tilstuðlan forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. Þótti Ísland heppilegur staður fyrir ráðstefnuna, bæði vegna þess að hér væru miklir möguleikar sem fælust í endurnýtanlegri orku og jafnframt því hér mætti sjá greinileg áhrif loftlagsbreytinga.



## Norskir elska danska

Danska viðskiptablaðið Börsen greinir frá því með stolti að Norðmenn elski Dani. Þetta lesa þeir úr tölum norsku Hagstofunnar um að fimmtán prósent allra utanferða Norðmanna séu til Danmerkur. Einnig kemur fram að rúmlega hálf milljón Norðmanna hafi flogið milli Oslóar og Kaupmannahafnar á fyrsta fjórðungi árs. Seint yrði blaðamaður Börsen sakaður um oftúlkun á þessari statistík. „Nágrannar okkar í norðri elska Carlsberg, Margréti drottningu og litlu hafmeyjuna,“ segir í inngangi greinarinnar.

## Alvarlegur vöruskortur

Búast má við því að sala landsliðsfyrirliðans Eiðs Smára Guðjohnsen frá Chelsea til Barcelona hafi áhrif víðar en á knattspyrnuvellinum. Í það minnsta er ljóst að íþróttavörukaupmenn gráta ekki vistaskiptin. Kúnnarnir eru fyrir löngu komnir með leið á svitastorknum Chelsea-treyjunum og vilja ólmir skipta þeim út fyrir „blaugrana“ Barcelona-búninga. Slík hefur eftirspurnin verið síðustu daga að Barcelona-búningar eru nú með öllu ófáanlegir í höfuðborginni. Óþolinmóðir Barcelona-aðdáendur þurfa þó engu að kvíða, því búist er við því að heill gámur í Barcelonalitunum fái tollafgreiðslu á allra næstu dögum.






## 500-999 þús.



Til sölu Husqvarna TE - 250, enduro, mjög lítið notað (ca 15 tímar), nýskráð í apríl. Verð 620 þ. Einnig fæst með hjólinu allur fatnaður og öryggisbúnaður ásamt tösku á 30 þ. (jafn lítið notaður og hjólið). Hagstæður pakki fyrir þá sem eru að byrja í sportinu. 856 6803.



Til sölu Honda CRV '99, skoðaður '07, verð 950 þús., lán getur fylgt 550 þús., 15 á mán. S. 899 3007.



Til sölu gott eintak af Passat 1600 árg. 2000. Ekinn 81 þús. 17"álfelgur. Aukafelgur.Verð 87000. Bein sala. Sími 865 3967 & 862 0413.



VW Golf Highline 1600 árg. '02, tilboð 950 þús. Uppl. í s. 898 6075.



Skoda Fabia nýskr. 05/2003, ek. 54 þús. Listaverð 820 þús. Verð 750 þús. Gott eintak. Uppl. í s. 698 2495.

VW Passat 1.6, 98, ssk., ek. 117 þ., silfurgrár, stgr. 590 þ. eða yfirt. á láni, afb. 28 þ. Uppl. í s. 867 3522 e. kl. 16.

Subaru Lecacy SW '97 ek. 74 þ. km til sölu. Ný nagla- og heilsársdekk , 1 eig. Kr. 690.000. S. 891 8665.

## 2 milljónir +



Lancer Evolution 8 árg. '03 ekin 19 þ. m. mikið breyttur, verð 3.890 uppl. s. 867 3163.



**Gullmolinn til sölu**
Til sölu Landcruiser árg. 2000 38", ek. 140 þ. Mjög vel með f. Uppl. í s. 694 1500.

## Bílar óskast

Óska eftir Daihatsu Sirion '98 model fyrir vararhluti. S. 895 5099.

## Jeppar



Vel útbúinn Nissan Patrol '01, 44" til sölu. Ásett verð 3,7mill. 2 mill. áhvílandi. Skipti mög. á ódýr. Guðjón S. 660 4115.



**Þú mátt eig'ann!**
BMW X5 3.0, árg. 2004. Ek. 50.000. Leður, topplúga, sjálfskiptur, 20" felgur, sumar- og vetrardekk, útvarp m/CD. Gefðu mér 300.000 kall + 60 þús á mán, þá skal ég gefa þér bílinn. Bara í dag. S. 861 3100.



**VW Touareg V8 2005**
Ek. 30 þús. km. Eins og nýr, hlaðinn aukabúnaði. Skipti á ódýrari. Verð 5,8 m. Sími 899 7071.

Mjög vel með farinn Galloper árg. '98, ek. 178 þús., sjálfsk., á 31" dekkjum. Verð 580 þús. Uppl. í s. 565 2236 e. kl. 17.

## Fornbílar



Cadillac el dorado árg. 1973 Glæsikerra til sölu ásett verð 850.000, í góðu ástandi upplýsingar veitir Baldvin í síma 898 1177.

## Pallbílar



Dodge Ram 1500 árg. '96, ek. 149 þús. með bilaða vél. Verð 300 þús. Uppl. í s. 892 7262.



Til sölu Chevrolet Silverado 1500 5,3 bensín árg. '02 ekinn 97 þús. km. S. 866 5753.

## Sendibílar



VW Transporter árg. 2000. sk. '07, ekinn 96 þús. Verð 850 þús. stgr. Uppl. í síma 664 8072.

**M. Bens 309 '87**
5 cyl diesel, ssk., klæddur að innan. Gott húsbílaefni. S. 863 8837.

## Húsbílar



Til sölu Nissan King Cab, í toppstandi, með hinu eftirsótta Shadow-Cruiser-Skylight ferðahýsi. Verð 1200 þúsund. Uppl. í s. 472 1199.



Sharky L37 árg. 2006 Glæsilegur húsbíll einn með öllu. Hlaðinn aukabúnaði, tilbúinn beint í ferðalagið. Selst vegna breyttra aðstæðna, uppl. síma 863 4746.

Fiat Ducado '04 með Eura Mobil húsi, lágbekja. Toppbíll með öllum þægindum. Ekinn aðeins 20 þús. S. 899 1175, allar nánari uppl. má finna á www.husbilar.is

Ford Econoline club wagon árg. '86, sk. '07 húsbíll, eldavél, vaskur, wc, kæliskápur, geislaspilari. V. 350 þús. s. 699 2707.

## Mótorhjól



Kawasaki Vulcan 750 árg. '92. Ekið 11 þús. m. Fallegt hjól í topp lagi. Verð 450 þús. Uppl. 896 3812.

Yamaha WR450 árg. 2004. Enduro/Krossari. Gott hjól á rauðum nr. s. 696 5645. Tilboð óskast.

## Hjólhýsi




**Hjólhýsi til sölu!**
Hefurðu séð ódýru og glæsilegu Delta Euroliner og Summerliner kojuhúsin hjá okkur? Svefnpláss fyrir 6. Verð frá 1.721. þ. Allt að 100% lán Fortjald á hálfvirði s. 587 2200, 898 4500 www.vagnasmidjan.is

Til sölu mjög vel með farið Hobby Landhaus hjólhýsi árg. '97, glænýtt fortjald fylgir, húsið er staðsett á leigulóð á Laugavatni, vatn og rafmagn á staðnum. Verð 2.290 millj. Uppl. í s. 426 9500 & 897 6302.

Gamalt vel með farið Knaus hjólhýsi til sölu. Ísskápur, eldavél, WC og fortjald. Tilboð. S. 695 4377 & 566 7743.

## Fellihýsi

**Fellihýsi til leigu**
Splunkuný 9 feta fellihýsi Palomino Colt með fortjaldi. Til leigu. Vikuleiga. Uppl. í s. 660 7577 eða 820 1920 og á opet@opet.is

Coleman Sea Pine árg. '97 Til sölu vel með farið fellihýsi verð. 650 þ. uppl. í síma 821 9229.

Til sölu fellihýsi Coleman Taos '97. Upphækkað með fortjaldi, sólarsellu og 220 W. Verð 490 þús. Uppl. í s. 863 9777.

Coleman Taos árg. '99. 2 gask. sólarsella, eggjadýnur. Verð 470 þús. sími 699 5119.

Til sölu Palomino Colt árg. 2002. Mjög vel með farið. Með öllu. Uppl. í s. 894 3315.

Lækkað verð !!! Ónotað Coleman Santa Fe / Colonial 10 fet 2005. Verð aðeins 1.090 stgr. 695 9131.

Eitt með öllu! Starcraft 2406 12 feta hús árg. 2004 til sölu. Uppsett á Litlu Bilasölunni. kr. 1.090 strg. S. 695 9131.

## Tjaldvagnar







Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

Camplet tjaldvagn til sölu. Árg. '95 Verð 250 þús. Get tekið mjög ódýran bíl upp í. Uppl. í s. 893 2284.

Comby Camp tjaldvagn árg. '00. Fortjald o.fl. staðsettur á Ak. verð 450 þús. S. 861 6601.

## Vinnuvélar






Erum með til leigu Beltahjólbörur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikkanlegum beltagangi upp í 105 cm.Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444






Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573




## Varahlutir




Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

## VESPUR TIL SÖLU

Vorum að fá nýjustu gerðina af 50 cc vespum. Með fjarstarti og þjófavörn. Hjálmur fylgir. 3 litir. Verð aðeins 198.000.- þús.

Sparið bensín!!!!



VÉLASPORT
Þjónusta og viðgerðir
Tangarhöfða 3
Símar 578 2233
822 9944
845 5999

ÍSHLUTIR

## Nýjar vélar



**Iveco Trakker 310**



**Hitachi ZX35U**



**Hitachi ZX30U**



**Hitachi ZX18. 5Neuson 1001 4x4**



**Neuson 1001 4x4.**

## Notuð tæki



**Volvo FH16 520 6x4 árg 1998 ekinn 890þkm 80þkm á vél gírkassa og drifum.**



**Man 26.463 6x4 árg 97 ekinn 590.000 300þkm á vél.**



**Tremo 501TDI fjölnotabíll (sláttuvél) árg 2002, 600 vst**

**Hafið samband við sölumenn í síma**
**5752400**
**6943800**
**6943900**
**ÍSHLUTIR ehf**
**www.ishlutir.com**

## Verkstjóri óskast

Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði óskar eftir verkstjóra sem talar ensku, gott væri ef viðkomandi talaði einnig pólsku eða rússnesku. Hvetjum erlenda einstaklinga um að sækja um.

**Áhugasömum er bent á að hafa samband við Karl í síma 861 0401 / Inga í síma 820 1514.**

## Skemmtileg og lærdómsrík störf!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

## Bráðvantar Starfsmann

Trésmið eða laghentur maður vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

## Ræstingar

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða strax í föst ræstingastörf, afleysingar og sumarafleysingar. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 587 3111.

Óska eftir starfskrafti á videó leigu og söluturn. Uppl í s. 899 4461.

Vantar starfsfólk í ræstingar, á kvöldin og um helgar, sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 899 6016.

## Hrói Höttur

Óskum eftir að ráða bílstjóra á eigin bíl, einnig á okkar bíla, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 695 3744 Eggert.

H.H. Veitingar óska eftir matreiðslumönnum í mötuneyti, tollstjóra og stjórnarráð. Góður vinnutími og góð laun í boði. Vinsamegast hafið samb. í s. 891 9072 & 421 7220 eða hhveitingar@simnet.is

## Hársnyrtistofan Carter

Starfsfólk óskast. Uppl. í s. 565 5530.

## Do sprzatania.

W Piekarni (Garðabæ) Przyjme od zaraz. Informacje: Þóra telefone 565 8070 lub gsm 891 8258.

Fólk óskast til starfa í skólamötuneyti í byrjun ágúst til afgreiðslustarfa o.fl. Upplýsingar í síma 691 5976.

## Starfsfólk óskast

Starfsfólk óskast í söluturn/grill í Hafnarfirði. Fullt starf/hlutastarf. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 896 4040.

Vegna aukinna verkefna á höfuðborgarsvæðinu óskar Blikkverk sf.eftir iðnaðarmönnum og byggingaverkamönnum til starfa sem fyrst. Uppl. gefur Sigurður í s. 896 1075.

## Viðskiptatækifæri

Fallegt vipskiptatækifæri! Plús alvörukennsla. www.voxtur.com

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Jónsmessu Kvartmílukeppni í kvöld 21 júní. Keppni hefst kl 20.00. Skráning í síma 555 3150 eða með email: icesaab@simnet.is. Mæting keppenda fyrir kl 19.00.

Rúm fæst gefins 140X200 úr palsander, undir og yfirbeddi. Uppl. í s. 699 8206.

Spennandi, Hafsúlan hvalaskoðun.

Hljómsveitin Brimkló leikur eftir langt hlé á Akureyri. Brimkló í Vélsmiðjunni föstudags og laugardagskvöld. Tryggið ykkur miða í tíma. Brimkló í Vélsmiðjunni alla helgina. Vélsmiðjan.

## Ýmislegt

Endurvinnslan er opin alla virka daga frá 10 til 18. Endurvinnslan Knarrarvogi.

## Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Endurvinnslan er opin alla virka daga frá 10 til 18. Endurvinnslan Knarrarvogi.

## Einkamál













Símaspjall 908 6666. Ég heiti Rakel og vil vera vinkona þín og langar í gott símasímaspjall við Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall 908 2222. Halló yndislegastur ég er Sandra mig langar til að vera vinkona þín kondu í símaspjall við mig. Opið allan sólahringin, engin bið..

## Nudd

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Toyota Carina E GLI. árg. '96, ssk., 2000cc og vetrardekk. Tilboð 220 þús. Simi 616 7201.

51 árs huggulega kona, ekkja til margra ára, vill kynnast gefandi og góðum karlmanni með stefnumót í huga. Auglýsingu hennar má heyra hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín., auglýsingarnúmer 8277.).

Konur: auglýsing hjá Rauða Torginu Stefnumót skilar árangri! Leitar þú að vinskap, varanlegum kynnum, eða tilbreytingu? Legðu inn auglýsingu eða spjallaðu við karlmenn á spjallrás. Þjónustan er gjaldfrjáls, með 100% leynd, opin allan sólarhringinn. Síminn er 555 4321.

## Leikir

Bingó í kvöld. Vinabær.

Tvöfaldur fyrsti vinningur gæti orðið hálfur milljarður. Víkingalottó

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## ATVINNA

# Smiðir

## Kraftafl ehf auglýsir

**Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.**

**Upplýsingar í síma 891 8667**

## Geysir - Bistro og bar

Ég er að leita að hressu og duglegu starfsfólki til að starfa með mér á nýjum veitingastað sem opnar í júlí í Geysishúsinu Aðalstræti.
Vantar í margar stöður svo sem matreiðslumann til að sjá um eldhúsið, aðstoðarfólk í eldhús og í sal.
Ef þú hefur áhuga á því að starfa á nýjum og skemmtilegum stað hafðu þá endilega samband við mig í síma 661 8759.
Helga Bjarna

## FLÝGUR FISKISAGA....

Tíu fiskbúðir víða á höfuðborgarsvæðinu hefja á næstunni sameiginlegan rekstur undir yfirskriftinni FISKISAGA. Í glæsilegum verslunum verður boðið upp á ferskan fisk og tilheyrandi meðlæti ásamt úrvali af girnilegum tilbúnum fiskréttum.

Verslanir FISKISÖGU óska eftir að ráða verslunarstjóra og áhugasamt afgreiðslufólk í heilsdags- og hlutastörf. Góð laun í boði fyrir gott fólk.

Nánari upplýsingar um störfin gefur Óskar Garðarsson í síma 863 8610.

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

ÁLFTANESSKÓLI

Óskum að ráða:
- Grunnskólakennara í dönsku í 7.-10. bekk, 60% starf
- Skólaliða í 60-100% störf (vinnutími frá 8:00 - 16:00)

Upplýsingar um störfin gefa
Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri,
í símum 5404700 og 8215007, netfang:
sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og
Erna Ingibjörg Pálsdóttir aðstoðarskólastjóri
í símum 5404700 og 8215009
netfang: erna.palsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi.

Skólastjóri

## FASTEIGNIR

HÚSEIGN Fasteignamiðlun
Guðmundur St. Lögg.fast og hdl.
**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

### GRENSÁSVEGUR - RVK VERSLUNARHÚSNÆÐI



TIL SÖLU VERSLUNARHÚSNÆÐI Á GÓÐUM STAÐ Í REYKJAVÍK. Húsnæðið er 143,5 fm, mikið endurnýjað með góðum verslunargluggum. Fimm ára leigusamningur með bankatryggingu. Áhvílandi hagstætt lán að upphæð 22,5 millj. til 40 ára. Góð verslunareining með miklar leigutekjur. EIGN FYRIR FJÁRFESTA.

*Nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í 585-0100*

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

Frum

HÚSEIGN Fasteignamiðlun
Guðmundur St. Lögg.fast og hdl.
**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

### EINARSNES 60 OPIÐ HÚS Í DAG, Miðvikudag MILLI 20:00-20:30



FALLEGT EINBÝLI Á TVEIMUR HÆÐUM Á ÞESSUM VINSÆLA STAÐ. Húsið skilast tilbúið að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er húsið fokhelt án einangrunar. Á teikningum er gert ráð fyrir fjórum svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, stofum og eldhúsi. Útgengt á svalir frá efri hæð. Bílskúrsréttur. EIGN FYRIR VANDLÁTA.

*Nánari upplýsingar veitir Marel Baldvinsson í 846-8409*

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

Frum

FASTEIGNAKAUP
**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

### Þorláksgeisli 1 - 113 Reykjavík

**OPIÐ HÚS í dag milli kl: 18 - 19, íbúð 301**



Falleg 4ja herbergja íbúð í nýju fjölbýli með lyftu í Þorláksgeisla Grafarholti. Íbúðin er afhent án gólfefna er með 3 rúmgóðum svefnherbergjum auk stofu. Eldhús er með vönduðum innréttingum auk tækja frá HTH. Baðherbergi flísalagt. Tvennar svalir mikið útsýni, sérbílstæði í bílageymslu.

***Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is***

***Páll Höskuldsson Sölustjóri Fasteignakaupa tekur á móti gestum á milli 18 og 19 í dag. Bjalla 301.***

*Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali*

Frum

FASTEIGNAKAUP
**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

### Höfum kaupanda að 3 til 4ja herbergja íbúð í Fossvogi.

Til okkar hafa leitað aðilar sem eru að leita að 3ja til 4ja herbergja íbúð í Fossvogi. Um langan afhendingartíma getur verið að ræða. Traustir kaupendur.

***Nánari upplýsingar veitir sölustjóri Fasteignakaupa Páll Höskuldsson í síma 515 0500 / 864 0500.***

*Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali*

Frum

**BERTHA VON SUTTNER (1843-1914) LÉST ÞENNAN DAG.**

*Á eftir sögninni að elska er að hjálpa fallegasta sögn í heimi.*

*Austurríski rithöfundurinn og friðarsinninn Bertha von Suttner var fyrsta konan til að hljóta friðarverðlaun Nóbels.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 21. JÚNÍ 1991

# Perlan í Öskjuhlíðinni vígð



PERLAN Í ÖSKJUHLÍÐ

Á þessum degi árið 1991 var Perlan í Öskjuhlíð opnuð almenningi. Bauð Borgarstjórn Reykjavíkur til veislu um kvöldið og efndi Hitaveita Reykjavíkur svo til tveggja daga fjölskylduhátíðar. Var mikið um dýrðir í húsinu, tónlistarflutningur, götuleikhús og barnaleiktæki, svo fátt eitt sé nefnt.

Davíð Oddsson, þá borgarstjóri í Reykjavík, hafði lagt hornstein að Perlunni 11. maí 1991. Var þetta eitt af síðustu embættisverkum Davíðs sem borgarstjóri. Nokkrum dögum síðar ákvað borgarráð Reykjavíkur nafnið Perlan, en fram að þeim tíma hafði verið vísað til hússins sem útsýnishús Hitaveitu Reykjavíkur í Öskjuhlíð.

Perlan er stálgrindarhús sem situr ofan á sex hitaveitugeymum sem hver um sig rúmar fjórar milljónir lítra af heitu vatni. Á fimmtu og efstu hæðinni er veitingastaður með snúningsgólfi sem snýst hálfan hring á hverri klukkustund. Í Perlunni er einnig finna útsýnispall, þar sem hefur verið komið fyrir útsýnisskífum, verslanir og fleira.

## MERKISATBURÐIR

**1945** Bandarískt herlið nær yfirhöndinni á japönsku eyjunni Okinawa.

**1959** Sigurbjörn Einarsson, prófessor í guðfræði, er vígður biskup yfir Íslandi. Hann gegnir embættinu til 1981.

**1973** Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Öxarfirði er stofnaður.

**1982** John Hinckley yngri var dæmdur saklaus vegna geðveiki eftir að hafa skotið Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna.

**1999** Keizo Obuchi, forsætisráðherra Japans, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.

**2000** Síðari Suðurlandsskjálftinn ríður yfir. Hann mælist 6,6 á Richter og á upptök við Hestfjall í Árnessýslu.

## AFMÆLI



**Edda Jóhannsdóttir** blaðamaður er fimmtug.



**Ásgeir Jónsson** hagfræðingur er 36 ára.

## ÚTFARIR

13.00 **Guðlaugur Davíð Sölvason** verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.00 **Sigríður Lárusdóttir,** hattagerðar- og kaupkona, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

14.00 **Sveinbjörg Jóhannesdóttir,** Melabraut 9, Blönduósi, verður jarðsungin frá Blönduóskirkju.



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Aðalsteinn Jósepsson**
Sóltúni 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogsdal laugardaginn 10. júní. Útför fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 23. júní klukkan 15.00. Blóm vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Sigríður Þorbergsdóttir**
**Þórir Aðalsteinsson**
**Þorbergur Aðalsteinsson**
**Hilmar Már Aðalsteinsson** **Sigrún Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,*

**Baldur Þorsteinsson**
Víðivöllum 20 Akureyri,

lést 16 júní.

**Sigrún Hauksdóttir**
**Hulda Jóhanna Baldursdóttir** **Eiríkur Örn Kristjánsson**
**Stefán Þór Baldursson** **Ragnheiður Njálsdóttir**
**Bryndís Baldursdóttir** **Baldur Þorsteinsson**
**afa og langafabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Jónasdóttir**
*frá Borg í Reykhólasveit, Dalbraut 20, Reykjavík,*

sem lést laugardaginn 10. júní, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 22. júní kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar láti líknarfélög njóta þess.

| | |
|---|---|
| **Kristín Guðjónsdóttir** | **Ögmundur Guðmundsson** |
| **Jónas H. Guðjónsson** | **Ebba Unnur Jakobsdóttir** |
| **Sigurbjörg Guðjónsdóttir** | **Sveinn Árnason** |
| **Ólöf I. Guðjónsdóttir** | **Guðmundur Óskarsson** |
| **Arnar H. Guðjónsson** | **Ólafía G. Pálsdóttir** |
| **Jóhanna S. Guðjónsdóttir** | **Egill Jacobsen** |
| **Guðjón Kr. Guðjónsson** | **Guðný Edda Gísladóttir** |

**ömmubörn og langömmubörn.**



**LÁRUS H. BJARNASON REKTOR MH** Á afmælisdaginn leggur Lárus leið sína norður í heimasveitina þar sem bróðir hans býr. Honum þætti ekki verra að fá að eyða deginum í að gera eitthvert gagn á bænum, kannski reka kindur eða aka dráttarvél. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

## LÁRUS H. BJARNASON: FIMMTUGUR Í DAG

# Fær kannski að aka dráttarvél

„Stundum segist ég hafa fæðst þegar bjartast er yfir veröldinni á norðurhveli jarðar, því þetta er lengsti dagur ársins," segir Lárus H. Bjarnason, rektor MH. Hann fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag og ætlar ekki að bjóða til veislu frekar en venjulega.

„Ég ætla bara að fara norður í heimasveitina mína og vita hvort ég þekki ekki einhverjar gamlar þúfur," segir hann aðspurður hvernig hann ætli sér að verja afmælisdeginum. Lárus segist annars ekki vera vanur miklu tilstandi á afmælisdögum nema hvað kona hans hafi náttúrlega oft dekrað við hann og boðið honum fínt út að borða. „Ég hef aldrei gert neitt úr afmælunum mínum og ólst eiginlega upp við það.

Mamma bakaði köku fyrir mig en það voru aldrei haldin boð í tilefni afmælisins enda var þetta iðulega annatími í búskapnum."

Þegar Lárus er inntur eftir eftirminnilegum afmælisdegi nefnir hann einn sem var svolítið sérstakur. „Þá var ég ellefu ára, frekar bráðþroska og sterkur og farinn að geta stjórnað dráttarvélum, sem voru nú minni í þá daga. Þennan dag tókst mér ég í fyrsta skipti hjálparlaust að koma fimmtíu kílóa áburðarpokum í skúffu á dráttarvélinni til að fá að aka henni niður á tún til bróður míns sem var að bera á. Ég man þetta vel því mér var svo mikils virði að ráða við pokana til fá þessa umbun að aka dráttarvélinni. Ég var í þessu púli allan ellefu ára afmælisdaginn minn og man ekkert eftir kökunni eða hvort það var afmælisgjöf." Lárus segist örugglega leggja leið sína um túnspildurnar þar sem hann eyddi ellefu ára afmælisdeginum sínum í dag. „Bróðir minn býr á bænum þar sem ég ólst upp og mér þætti auðvitað ekki verra að geta gert eitthvert gagn. Kannski maður fái að reka kindur eða aka dráttarvél."

Lárus segist ekki kippa sér svo mikið upp við fimmtugsafmælið þótt það fái hann vissulega til að velta vöngum. „Maður áttar sig á því að seinni helmingurinn er að minnsta kosti byrjaður. Svo er maður minntur heldur óþyrmilega á að maður er ekki rúmlega tvítugur lengur þótt maður hugsi sig alltaf frekar ungan." Lárus á sér þó áhugamál sem rúmlega tvítugt fólk stundar kannski frekar en fimmtugir menn, því samhliða rektorsstarfinu nemur hann lögfræði við Háskóla Íslands. „Þetta er kannski dálítið óvenjulegt en kemur í staðinn fyrir golfið og laxveiðina hjá sumum jafnöldrum mínum."





LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1905 Jean-Paul Sartre,** franskur heimspekingur og rithöfundur.



**1921 Judy Holliday,** bandarísk leikkona.



**1912 Mary McCarthy,** bandarískur rithöfundur.



**DANSAÐ UNDIR GOSBRUNNINUM** Hin unga Brintey Larimore dansar hér undir gosbrunninum í Indianapolis í von um að geta kælt sig niður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




• Kirsuberjatómatar eru smávaxnir og sérlega bragðgóðir. Bragðið er sætt og afgerandi. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt eða sem „grænmetisbitinn“ í nestisboxið.

• Þessir hefðbundnu sem allir þekkja – alltaf jafngóðir, hvort heldur sem er ofan á brauð eða til matargerðar, sjálfsagður hluti af heimilishaldinu.







• Plómutómatar einkennast af góðu, kröftugu bragði, þeir eru kjötmiklir og henta því vel sem álegg og í hverskonar matreiðslu, tómatsósur og pottrétti.

• Konfekttómatar eru mildir og sætir á bragðið,minni en hefðbundnir tómatar, en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar.

Fiton / SÍA FI017316

# Íslenskir tómatar

Tómatar eru hollir og ljúffengir, litfagrir og ómissandi á matborðið. Íslenskir grænmetisbændur bjóða neytendum upp á margar tegundir sem auka fjölbreytnina og möguleikana. Nú er rétti tíminn til að prófa þær allar.

www.islenskt.is ljúffengar uppskriftir og fróðleikur




## STUÐ MILLI STRÍÐA Glatað egó

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR RIFJAR UPP SETNINGARFRÆÐINA



Prent- og vefmiðlar landsins eru morandi í því sem ég kalla „glatað egó“ þessa dagana. Þetta egó hefur nú ekkert að gera með sálgreiningu og freudísk fræði (né sjálfsmyndarkreppu fjölmiðlanna), heldur er þetta dularfullt fyrirbæri í setningargerð sem er að breiða úr sér. Fyrstu persónu fornafnið „ég“ (ego á latínu) á það nefnilega til að stinga af og skilja vesalings sögnina eina eftir fremst í setningunni. Ellý Ármannsdóttur skrifar til dæmis í leiðara hins „nýja og ferskara“ Hér og nú: „Þótti notalegt að heyra ... Ræddi einnig við .... Hef ávallt borið mikla virðingu....“ Í gamla daga hefði maður jú skrifað „mér þótti, ég ræddi, ég hef“. Glataða egóið kemur sem sagt fyrir þrisvar sinnum í stuttum leiðaranum, og þó hefði maður haldið að leiðaraskrif einkenndust af hefðbundnu málfari.

Annars hef ég ekkert á móti þessu, enda gef ég meira fyrir málfræði sem lýsir málinu frekar en að setja því skorður með boðum og bönnum. Glataða egóið er svolítið spes því það kemur bara fyrir í skrifuðu máli þrátt fyrir að vera í talmálsstíl, enda mikið notað í bloggi. Setningarnar verða nefnilega svo knappar og kúl þegar frumlagið er klippt burt. Kannski er glataða egóið einhvers konar flýtileið að því að segja: „ég er svo kúl að ég hef ekki tíma fyrir svona óþarfa drasl eins og frumlagið.“ Ég sé til dæmis alveg fyrir mér að Egill Gilzenegger hugsi þetta þegar hann notar glataða egóið, já eða Eiríkur Jónsson.

Rómverjar til forna slepptu oftast nær fornafninu með sögnum (samanber veni, vidi, vici – ekkert ego þar). Hins vegar var sá háttur hafður á með allar persónur, ekki bara í fyrstu persónu eins og í íslensku. Hins vegar grunar mig að glataða egóið eigi ættir sínar að rekja til ensku. Þessi setningagerð er vel þekkt í skrifaðri ensku en þó aðallega í MSN, SMS, í tölvupósti og í óformlegu bloggi. Sem sagt: ef formið á að vera stutt og laggott fær fornafnið að hypja sig. Það sem er dularfullt við málið er að í íslensku hefur glataða egóið fengið stöðuhækkun og er nú notað óspart í formlegum miðlum. ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



2 Tvöfaldur pottur

# 500 MILLJÓNIR

120+380

1. vinningur

Bónus-vinningur 4 milljónir

ENNEMM / SIA / NM22347

## MILLJÓNIR Á LAUSU!

Potturinn stefnir í 120 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 380 milljónir og Bónusvinningurinn í 4 milljónir.

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 á miðvikudaginn eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

**Kl. 22.00**

*Tónleikum Fabúlu á Rósenberg í kvöld. Margrét Kristín Sigurðardóttir leikur lög af væntanlegri plötu ásamt Birki Rafni Gíslasyni, Jökli Jörgensen og Björgvini Ploder.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Merki til minningar

Þeir sem búa við sjávarsíðuna vita að sjórinn gefur bæði og tekur og í Þorlákshöfn var nýlega afhjúpaður minnisvarði um þá sem hafa drukknað og horfið á hafi. Barbara Guðnadóttir, menningarfulltrúi Ölfuss, segir að þar sé margra að minnast og í sögu bæjarins sé getið um hátt í tvö hundruð manns sem farist hafa á þessum slóðum.

Hvatamenn að verkefninu eru heimafólk úr héraðinu en þau Kristófer Bjarnason, Eyrún Þorláksdóttir, Ásberg Lárentsínusson og Sigurður Helgason stóðu fyrir söfnun fyrir merkið og fengu listamanninn Bjarna Jónsson til þess að hanna það. „Bjarni þekkir vel til sögu sjávarhátta og sögu Þorlákshafnar að einhverju leyti,“ útskýrir Barbara.



**VÍGSLA MINNISVARÐA Í ÞORLÁKSHÖFN** Séra Baldur Kristjánsson blessaði minnismerki eftir myndlistarmanninn Bjarna Jónsson.

Verkið lýsir bátsstefni sem siglir fullum seglum. „Á seglinu er kross sem minnir á að enginn mátti fara til sjós hér áður fyrr nema kunna að minnsta kosti Faðir vorið og eina til tvær sjóferðabænir.“ Listaverkið var smíðað í vélsmiðjunni Orra Í Mosfellsbæ.

Seglið á minnismerkinu bærist í suðvestanvindinum sem er ríkjandi átt í Þorlákshöfn og stefnir fyrir steininn Lat sem fluttur hefur verið á hverfisverndarsvæði í nágrenni minnisvarðans þar sem einnig má finna tóftir garða og sjóbúða frá fornri tíð. Sjómenn notuðu stein þennan fyrir mið en nú hefur honum verið bjargað frá því að hverfa í sjóinn og fengið nýtt hlutverk uppi á landi þar sem hann minnir gesti og gangandi á merka sögu staðarins.

## > Ekki missa af...

sólstöðutónleikum **Moniku og Páls Óskars** á Café Flóru í **Grasagarðinum** í kvöld kl. tíu. Ógleymanlegar stundir í óvenjulegu umhverfi.

tónlistarhátíðinni **Við Djúpið á Ísafirði**. Flístríóið leikur í Tjöruhúsinu í kvöld og annað kvöld leikur **Tinna Þorsteinsdóttir** píanóleikari í Hömrum.

yfirlits- og verðlaunasýningu **Carnegie Art Awards** í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Fyrirtaks þverskurður af norrænni samtímalist.

# En er Ísland eftirlæti yðar?

**Leikritið „How do you like Iceland?“ fer aftur á fjalirnar í Iðnó en þar geta áhugasamir leikhúsunnendur kynnst Ingólfi Arnarsyni, John Travolta og Björk. Verkið var frumsýnt í fyrra og hlaut frábærar undirtektir.**



**LEIKENDURNIR KOLBRÚN ANNA BJÖRNSDÓTTIR OG DARREN FOREMAN** Í sveiflu á æfingu fyrir óborganlegu leiksýninguna How do you like Iceland?

„Þetta leikverk er skrifað á ensku og ætlað sem ferðasýning. Það er skrifað fyrir ferðamenn, þó ég sé þess fullviss að Íslendingar hafi ekki síður gaman af því enda er þetta grallaralegt verk þar sem gert er lauflétt grín að okkur sjálfum,“ segir Benóný Ægisson leikskáld. „Kveikjan að verkinu er gamlar ferðabækur um Ísland en það var mikil tíska hér í eina tíð, áður en almenningur fór að ferðast jafn mikið og nú, að skrifa bækur um skrítin lönd sem fólk hafði stígið fæti á. Um Ísland voru nokkrar slíkar bækur skrifaðar og menn mynduðust við að skálda upp sögur um land og þjóð.“

Benóný segist taka fyrir þetta ýkjusjónarhorn ferðabókanna í leikverkinu en einnig hvernig við komum útlendingum fyrir sjónir og hvernig við viljum sjá okkur í augum útlendinga. „Frægur er til dæmis ferðabókahöfundurinn Dithmari lygapyttur Blefken sem Halldór Laxness vitnaði til í Íslandsklukkunni en kauði laug því um landann að Alþingi hefði samið lög sem veitti stúlkum leyfi til að vera hreinar meyjar þar til þær hefðu átt sjöunda barnið í lausaleik. Dithmari er sennilega fjandmaður Íslendinga númer eitt sem Íslendingar hættu aldrei að bölva. Lærðir menn hér á landi skrifuðu hvern doðrantinn á fætur öðrum til að svara fyrir lygar hans. Eftir hans daga hefur heldur betur bæst í hóp fjandmanna Íslands en við höfum aldrei getað setið undir því, að okkur sé annaðhvort hallmælt eða bullað sé um okkur í útlandinu,“ segir Benóný hlæjandi. „Hinir sem stíga fæti á land hérlendis eru orðnir Íslandsvinir um leið, svo framarlega sem þeir láta engin slæm orð falla um land og þjóð.“

Fjölmargar persónur, sem komið hafa við sögu allt frá landnámi til vorra daga og endurspegla flest það sem gerir þjóðina sérstaka, eru teknar fyrir í leikritinu en leikararnir tveir, Kolbrún Anna Björnsdóttir og Darren Foreman, bregða sér í alls kyns hlutverk og túlka til dæmis áðurnefndan ferðabókarhöfund og fjandvini Íslands, en einnig núlifandi fólk og ýmsa Íslandsvini.

Reglulegar sýningar verða í Iðnó öll miðvikudagskvöld í sumar.

- brb


LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK!
„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

Footloose
29. júní Frumsýning – Uppselt
30. júní – Örfá sæti laus
1. júlí – Uppselt
6. júlí – laus sæti
7. júlí – laus sæti
8. júlí – laus sæti
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose
Á ÞAKINU
3 SAGAS entertainment

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
UNDIR SJÖSTJÖRNU
Sun. 25/6 örfá sæti laus. Japönsk gestasýning.
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 uppselt, lau. 24/6 uppselt, sun. 25/6 uppselt. Sérstakar aukasýningar í tilefni 12 tilnefninga til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna.
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 TIL KL. 18:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Lokað í dag
útsalan hefst á morgun klukkan 11.00
Verið hjartanlega velkominn!
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500 • www.tvolif.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Alveg brilljant skilnaður
Einleikur
Eddu Björgvinsdóttur
um allt land
Sjallinn Akureyri
22. og 23. júní.
Miðasala: Penninn Glerártorgi
Sími: 461 5070
Sýningin hefst kl. 20.00
Húsið opnar kl.19.00
www.sjallinn.is
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði.






**HLJÓMSVEIT EYJÓLFS ÞORLEIFSSONAR** Í góðum félagsskap fyrir austan.

# Djassað á Egilsstöðum

Fyrstu Djasshátíð Egilsstaða á Austurlandi var hleypt af stokkunum á Jónsmessu árið 1988 fyrir tilstuðlan Steina Steingrímssonar píanista úr KK sextett og Árna Ísleifssonar. „Þeir félagarnir voru einfaldlega á rölti á Egilsstöðum árinu áður, en þá kom Steina það til hugar að hér ætti að halda djasshátíð sökum þess hve fallegt er um að litast. Árni tók hann á orðinu og síðan hefur verið blásið til leiks að fullum krafti á hverju ári,“ segir Jón Hilmar Kárason, framkvæmdastjóri djasshátíðarinnar.

„Hátíðin verður með nokkuð breyttu sniði í ár en tónleikarnir verða haldnir á þremur stöðum á Austurlandi. Í dag verður dagskráin kynnt og heiðursgestur hátíðarinnar sem að sjálfsögðu er Árni Ísleifs, mun formlega setja hana. Svo verður haldið til Seyðisfjarðar á fimmtudag en þar munu stórhljómsveitirnar Jasskvartett Andrésar og Hljómsveit Eyjólfs Þorleifssonar, sjá um fjörið.“

Norsk hljómsveit frá Bodö kemur til landsins og leikur fyrir gesti og Björn Thoroddsen mun einnig koma fram en með honum spilar Jón Hilmar sem er gítarleikari frá Neskaupstað. „Það munu fleiri Austfirðingar taka þátt í hátíðinni því tvær ungar og efnilegar, já bara dúndur góðar söngkonur munu spreyta sig með hljómsveit og verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni,“ heldur Jón áfram.

Aðalnúmer hátíðarinnar í ár eru að sögn Jóns félagarnir í Mezzoforte en þeir eru nýkomnir frá Ungverjalandi þar sem þeir kynntu nýja hljómplötu sem heitir Forward Motion. „Þeir hafa verið að spila heilmikið síðustu mánuði um allan heim og eru í feikna formi,“ segir Jón.

Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt og reikna má með að flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Hún stendur frá 21. júní til 24. júní en allar nánari upplýsingar um hana er að finna á www.jea.is.




**ÍSLENSKI HESTURINN** Þarfasti þjónninn við leik og störf í nýrri bók með ljósmyndum Önnu Fjólu Gísladóttur.

# Náttúran og dulúðin

Bókaútgáfan Skrudda gefur út tvær veglegar ljósmyndabækur í sumar. Önnur ber heitið Hestur guðanna og inniheldur ljósmyndir Önnu Fjólu Gísladóttur af íslenska hestinum þar sem þessum fyrrum þarfasta þjóni Íslendinga er fylgt um landið. Fjallað er um samskipti hests og manns, farið með fjallmönnum á afrétt og þeim fylgt eftir við fjárrekstur auk þess sem hestaferðum eru gerð skil.

Höfundur bókarinnar hefur allt frá barnsæsku notið samveru með hestum og er þekkt fyrir hestaljósmyndir sínar. Texti bókarinnar er eftir Hjalta Jón Sveinsson en bókin kemur út á íslensku, ensku og þýsku.

Höfundurinn Gísli Sigurðsson skipuleggur dulúðugt ferðalag fyrir lesendur bókarinnar Iceland – Magic and Mystery en myndir Gísla sýna eftirminnilega staði og landshluta þar sem lesendur grípa niður á Snæfellsnesi, Reykjanesskaga, Þingvöllum og enda austur í Lóni. Gísli hefur um árabil starfað sem blaðamaður, ritstjóri, ljósmyndari og myndlistarmaður.

Bókin kemur út á ensku.

**- khh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚNÍ**

18 19 20 **21** 22 23 24

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 16.00 Sænski karlakórinn **Växsjö Manskör** heldur tónleika í **Norræna húsinu**. Á efnisskrá tónleikanna eru létt blanda af veraldlegum söngvum, kirkjulegri tónlist og sálmasöng við klassískar vísur og sumarlög.
- 22.00 Tónlistarkonan **Margrét Kristín Sigurðardóttir**, Fabúla, heldur sumarsólstöðutónleika á **Rósenberg**. Með henni leika **Birkir Rafn Gíslason, Jökull Jörgenssen** og **Björgvin Ploder.**

### SÝNINGAR

- 15.00 Myndlistarkonan **Sossa** sýnir í **Kirkjuhvoli** á **Akranesi**. Sýningin mun standa til 2. júlí og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 15.00-18.00.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

**Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á árinu 2006**

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins nr. 9321 er markmið hans “að styrkja og hvetja unga og efnilega myndlistarmenn til náms” en stofnfé sjóðsins er arfur samkvæmt erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur listmálara sem lést árið 2001. Ráðstöfunarfé sjóðsins eru raunvextir af höfuðstól og verður í ár ráðstafað í styrki kr.3.0 m.

Sjóðurinn styrkir myndlistarmenn til framhaldsmenntunar og æskilegt er að umsækjendur hafi lokið BA prófi í myndlist eða sambærilegu námi. Hægt er að að sækja um styrk til lengri eða skemmri námsdvalar erlendis, þó aldrei skemur en til sex mánaða. Umsókn skal fylgja ítarleg greinargerð um fyrirhugað nám ásamt meðmælabréfi og upplýsingum um fyrra nám og starfsferil.

Stefnt er að úthlutun eigi síðar en 1. september næstkomandi. **Umsóknarfrestur er til og með 1. ágúst 2006.** Umsóknir merktar styrktarsjóðnum skulu sendast Listasafni Íslands, Pósthólf 668, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar veittar í síma Listasafnsins 515 9600.

**Stjórn Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur**












# Kærastarnir styðja við bakið á Nylon

Tveggja opnu viðtal við hljómsveitina Nylon birtist í breska tímaritintu OK! í gær. Þar er víða komið við og stúlkurnar í Nylon meðal annars sagðar hafa komið átta lögum inn á topp tíu listann á Íslandi og slegið sjálfum Robbie Williams við í tvígang. Í viðtalinu eru þær meðal annars spurðar hvernig tónleikaferðalagið með Westlife og Girls Aloud hafi gengið. Þá eru þær spurðar hvort einhverjir sérstakir strákar séu í lífi þeirra sem þær svara flestar á opinskáan hátt. Steinunn Camilla er þó sú eina sem svarar ekki spurningunni en hún segist vilja halda kærasta sínum frá sviðsljósinu. Spurðar hvort ekki sé erfitt að vera í burtu frá kærustunum svarar Alma: „Jú, en þeir eru skilningsríkir og styðja við bakið á okkur og vita hversu mikilvæg hljómsveitin er okkur."

Stúlkurnar eru einnig spurðar út í matarvenjur Íslendinga og þær minnast að sjálfsögðu á hrútspunga, sviðakjamma og harðfisk. Stúlkurnar lofa einnig skemmtanalíf Íslendinga en segjast ekki fara mikið út á lífið. Þess í stað kjósi þær frekar að fara í góðra vina hópi á veitingastaði og borða góðan mat.

Greinarhöfundur OK! segir að nú muni þær Klara, Alma, Emilía og Camilla storma inn á breska vinsældalistann með smellinum Losing a Friend, sem kemur út þann 10. júlí í Bretlandi en þá fá Bretar smjörþefinn af komandi breiðskífu.



**NYLON** Viðtalið í OK! var tekið á veitingastaðnum L-Restaurant þar sem Oskar Reborant er yfirmatreiðslumeistari.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kate Moss var með áform um að skrifa ævisögu sína og átti fíkniefnaneysla og samband hennar við Pete Doherty að leika stórt hlutverk í bókinni. Nú hefur fyrirsætan hins vegar hætt við, enda var fallið frá kæru gegn henni vegna mynda í bresku blaði þar sem Moss sást neyta kókaíns. Sérfræðingar í almannatengslum segja að Moss hafi ætlað að bjarga orðsporinu og ferlinum með bókinni en nú þegar þess er ekki lengur þörf og allt fallið í ljúfa löð er skynsamlegra að rifja ekki upp fortíðina með ævisögu. „Fólk álítur nú að hún hafi gert hreint fyrir sínum dyrum," sagði einn sérfræðingur og var ánægður með þennan leik Kate Moss.



Nicole Kidman hefur slegið fyrrum eiginmanni sínum Tom Cruise við því hún og kærasti hennar ætla að gifta sig um næstu helgi. Nú er einungis um mánuður síðan parið lýsti því yfir opinberlega að þau væru trúlofuð og kemur dagsetning giftingarinnar því töluvert á óvart. „Við erum mjög ánægð með að vera komin aftur til Ástralíu," sagði í yfirlýsingu frá hjónaleysunum. „Við erum komin til að halda upp á brúðkaup okkar með ættingjum og vinum." Brúðkaupið fer fram í kaþólskri kirkju í úthverfi Sydney.




# Nýr sandur á ströndinni í Nauthólsvík

Nýr sandur hefur verið settur á ylströndina í Nauthólsvík og vinnur starfsfólk strandarinnar nú af kappi við að hreinsa hann. Starfsfólkið notast við þar til gert sigti til að ná úr steinum, skeljum og öðrum hörðum hlutum sem meitt gætu berar tásur og iljar en sigtið er dregið áfram af lítilli dráttarvél.

Það hefur annars verið heldur fámennt á ylströndinni síðustu daga enda veðrið ekki það besta til að baða sig í sólinni eða synda í sjónum. Starfsmenn ylstrandarinnar láta það þó ekki á sig fá og á milli þess sem þau hreinsa sandinn fylgjast þau vökulum augum með börnum á leikjanámskeiðum og ferðamönnum sem eiga það til að skjóta upp kollinum á ströndinni.

Þess verður þó varla langt að bíða þar til sólin fer að láta sjá sig og þá má búast við að þúsundir manna komi saman á ströndinni og leiki sér í nýjum skeljalausum sandi.




**FÁMENNT** Það er heldur fámennt á ylströndinni þessa daga svo starfsmennirnir geta gefið sér tíma til að horfa á hafið og slaka á í sundi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SLÁTTUR** Starfsmenn Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur slá grasið og undirbúa sólardagana í Nauthólsvík þegar þúsundir manna koma þar saman.



**Á SIGLINGANÁMSKEIÐI** Krökkunum á siglinganámskeiðinu leiðist ekki.



**DRÁTTARVÉLIN GÓÐA** Þessi dráttarvél er notuð til að sigta út steina og skeljar úr sandinum.




# Tvennir tónleikar í Danmörku

Reggísveitin Hjálmar heldur tónleika á staðnum Loppen í Kristjaníu í Danmörku þann 5. júlí næstkomandi. Til að hita upp fyrir tónleikana mun sveitin troða upp órafmagnað í verslun 12 Tóna í Kaupmannahöfn sama dag. Þeir sem fara á Hróarskelduhátíðina gætu því nýtt tækifærið og séð Hjálma áður en þeir halda heim á leið.

„Við höfum aldrei spilað í Danmörku áður þannig að þetta verður örugglega mjög gaman," segir Kiddi, gítarleikari í Hjálmum. Eftir Danmerkurreisuna heldur hljómsveitin til Tallin í Eistlandi þar sem hún munu spila á tónlistarhátíðinni Öllesummer 2006. Verður þetta jafnframt í fyrsta sinn sem Hjálmar spilar í Danmörku en sveitin hefur áður spilað í Pétursborg í Rússlandi við góðar undirtektir.

Á tónleikunum mun Hjálmar spila eitthvað af nýjum lögum auk laganna af fyrstu tveimur plötum sveitarinnar. Að sögn Kidda Kveður nokkuð við nýjan tón í lögunum enda hafi vinnuaðferðir hjá þeim breyst. Hann segir þó að gerð nýrrar plötu sé ekki á prjónunum alveg strax.



**HJÁLMAR** Hljómsveitin Hjálmar heldur sína fyrstu tónleika í Danmörku í byrjun júlí.

# Fabúla spilar ný lög í kvöld

Tónlistarkonan Margrét Kristín Sigurðardóttir, betur þekkt sem Fabúla, heldur í kvöld sumarsólstöðutónleika á Rósenberg.

Þar mun hún ásamt hljómsveit leika lög af væntanlegri plötu sem hún er að vinna að ásamt Birki Rafni Gíslasyni og Jökli Jörgensen.

„Við erum orðin óþreyjufull að fara að spila lögin," segir Margrét Kristín um tónleikana í kvöld. Bætir hún því við að platan sé væntanleg í ágúst. Lagið Pink Sky er þegar farið að heyrast í útvarpi.

Fimm ár eru liðin síðan síðasta plata hennar „Kossafar á ilinni" kom út, en hún var þá tilnefnd sem plata ársins.

Birkir Rafn Gíslason, Jökull Jörgensen og Björgvin Ploder munu spila með Margréti í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22.00. ■



**FABÚLA** Margrét Kristín Sigurðardóttir heldur sumarsólstöðutónleika í kvöld.





# *Ert þú að flytja inn frá Bandaríkjunum?*

*Vegna aukinnar flutningsgetu getum við boðið enn betri og fljótari þjónustu frá Bandaríkjunum.*

*Kynntu þér málið hjá söludeild okkar í síma 591 3000 eða á import@atlantsskip.is*

***Heimurinn er okkar***

pipar / SÍA

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

**Sími: 591 3000 / www.atlantsskip.is**







## FRÉTTIR AF FÓLKI



Taylor Hicks, Sigurvegari Idol-stjörnuleitarinnar bandarísku, er flottasti piparsveinninn þar vestra að mati tímaritsins People. Hicks, sem er 29 ára gamall, vakti athygli bandarísku þjóðarinnar í Idol-keppninni fyrir þrumuraust sína en ekki síður fyrir grásprengt hár. Sjálfur segist hann tilbúinn að kveðja piparsveinalífið ef hann hittir þá réttu. „Ég hefði ekkert á móti því að verja lífinu með þeirri einu sönnu," sagði hann í samtali við People. Meðal annarra piparsveina sem þykja líka flottir eru Matthew McConaughey, Nick Lachey og Jake Gyllenhaal.



**Sharon Vaughn**, móðir Hollywood-leikarans **Vince Vaugn** tapaði 1,8 milljörðum króna á dögunum í svikamyllu. Sharon hefur lengi þótt ein hæfasta fjársýslukona Bandaríkjanna en hugsanlega verður breyting þar á eftir að hún setti stórfé í gervifyrirtæki, sem lofaði henni 10 prósenta vöxtum. Málið hefur vakið undrun í bandarísku fjármálalífi og margir kollegar Vaughn hafa lýst yfir undrun sinni á grandaleysi hennar. Samkvæmt óstaðfestum fréttum hefur Sharon Vaughn verið að aðstoða lögregluna við að koma upp um svikahrappana og hefur lögreglunni tekist að endurheimta tæplega 1,6 milljarða króna og skilað þeim til hluthafa. Sharon Vaughn hefur hins vegar verið svipt verðbréfamiðlaraskírteini sínu.



**BRUCE WILLIS** Leikarinn Bruce Willis hefur höfðað mál gegn ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kærir ljósmyndara

Leikarinn Bruce Willis hefur höfðað mál gegn paparazzi-ljósmyndara sem sakaði hann um að hafa ráðist á sig fyrir utan veitingastað í Los Angeles. Að sögn ljósmyndarans ýtti Willis myndavélinni í andlit hans er hann var á leið inn á veitingastaðinn Koi í síðustu viku.

Lögfræðingur Willis segir stjörnuna eingöngu hafa sett höndina á sér upp til að vernda augu sín fyrir flössum myndavélarinnar. Snertingin við ljósmyndarann hafi verið nánast engin.

Willis, sem um þessar mundir er að kynna nýjustu mynd sína Over the Hedge, segir að ljósmyndarinn hafi skaðað mannorð sitt og krefst að minnsta kosti 75 milljóna króna í skaðabætur.






**GHOSTIGITAL** Hljómsveitin Ghostigital spilar í Hyde Park um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Spila í Hyde Park

Hljómsveitin Ghostigital spilar á Wireless-hátíðinni í Hyde Park næstkomandi sunnudag.

Wireless Festival er fimm daga tónlistarhátíð sem haldin er í Hyde Park í London dagana 21.-25. júní og einnig í Leeds 24.-25. júní.

Stærstu nöfnin sem koma fram á hátíðinni í ár eru Depeche Mode, The Strokes, Massive Attack og James Blunt.

Ghostigital spilar á svokölluðu XFM-sviði sem er næststærst af fimm sviðum hátíðarinnar og spila því m.a. á sama sviði og Gang of Four, DJ Shadow, John Cale og Super Furry Animals.

Plata Ghostigital, In Cod We Trust, var gefin út með allan heim í mars síðastliðnum en Honest Jons Records, útgáfufyrirtæki Damons Albarn, gefur hana út í Bretlandi.




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:30-3-5:30-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| CARS enskt tal VIP | KL. 4:15-8-10:30 | |
| SLITHER | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| KEEPING MUM | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| SHE´S THE MAN | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| POSEIDON | KL. 5:30-10:30 | B.I. 14 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 1:30 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4-6:30 | |
| *CARS enskt tal | KL. 4-5:30-8-9-10:30-11:15 | |
| SLITHER | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| *POSEIDON | KL. 6:10 | B.I. 14 |
| *MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8 | B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 8 | |
| KEEPING MUM | KL. 10:10 | B.I. 12 |
| SHE´S THE MAN | KL. 8 | |
| 16 BLOCKS | KL. 10:15 | B.I. 14 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 6-8-10 | |
| SLITHER | KL. 10 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-11 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8:30 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 6:10-8:20-10:30 | B.I. 14 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 6-9 | B.I. 14 |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 11 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Jennifer Aniston segist ennþá elska Brad Pitt, fyrrverandi eiginmann sinn. Samband þeirra stóð í sjö ár og segir hún í samtali við News of the World að það hafi verið góður tími í lífi hennar sem hún sjái ekki eftir. Aniston vonar að þau geti haldið áfram að vera vinir. Eins og kunnugt er fór Pitt frá Aniston fyrir þokkadísina Angelinu Jolie og eignuðust þau sitt fyrsta barn á dögunum. Jennifer er í tygjum við leikarann Vince Vaughn.



Bandaríkjamenn eru komnir með leið á popprinsessunni Britney Spears. Hún hefur verið mikið í fjölmiðlum undarfarið vegna vandræða í hjónabandi sínu og annarrar óléttu á stuttum tíma. Viðtal við hana í bandarísku sjónvarpi fékk minna áhorf en endursýning á spennuþáttaröðinni CSI og munaði tveimur milljónum manna á áhorfinu. Ekki er á það bætandi fyrir Britney sem hefur ekki átt sjö dagana sæla og mun hafa ætlað að vinna bug á öllum kjaftasögunum með þessu tiltekna viðtali.



Söngvarinn vinsæli Robbie Williams hefur neitað að koma fram á tónleikum og gefur þær ástæður að hann verði að horfa á fótbolta. Hjartaknúsarinn var beðinn að syngja á hátíð í Svíþjóð 4. júlí en hann spilar 1.-2. júlí í Gautaborg. Hann mun hafa sagt sama og þegið vegna þess að undanúrslitaleikurinn í HM í fótbolta væri þennan tiltekna dag og vill Williams ekki missa af honum. Robbie er þekktur fótboltaáhugamaður og telur sig einnig vera liðtækan á því sviði.





Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér sniðuga lausn.

**Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga**

LÝSING



## Áttunda umferð hefst

Í kvöld hefst áttunda umferð Landsbankadeildar karla með leik Vals og Keflavíkur klukkan 19.15 á Laugardalsvellinum. Markalaust varð þegar þessi lið mættust á Valsvellinum í fyrra. Hinir fjórir leikir umferðarinnar fara fram á morgun.

**sport**

sport@frettabladid.is

KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON: LENTI Í SLAGSMÁLUM Á FYRSTU ÆFINGU BRANN EFTIR SUMARFRÍ

# *Fjölmiðlar búnir að blása málið upp*



Íslenski landsliðsmaðurinn Kristján Örn Sigurðsson lenti í lítilvægum slagsmálum á fyrstu æfingu eftir sumarfrí hjá norska liðinu Brann í Björgvin. Hann tæklaði skoska sóknarmanninn Robbie Winters sem var allt annað en sáttur við tilburði Kristjáns og eftir snörp orðaskipti lenti þeim saman. Málið hefur farið eins og eldur um sinu í norskum fjölmiðlum en liðsfélagar þeirra voru fljótir að skilja þá að.

„Fjölmiðlarnir hérna úti eru búnir að blása þetta upp og gera mikið úr þessu. Það er í öllum blöðum að við höfum verið að slást sem er bjánalegt því þetta var ekkert mikið, þetta gerðist bara í hita leiksins. Ég tæklaði hann og hann er náttúrulega breskur og stutt í pirringinn. Það urðu einhverjar smá stympingar en ekkert alvarlegt,“ sagði Kristján sem hló bara að því hvað búið væri að blása þetta upp.

„Þetta eru hlutir sem maður hefur séð margoft á fótboltaæfingum gegnum tíðina. En þetta er búið að fréttast út um allt og búið að gera fullmikið úr þessu,“ sagði Kristján en fjölmiðlar í Noregi eru duglegir að fylgjast með æfingum norsku úrvalsdeildarliðanna. Kristján hefur átt frábært tímabil með Brann það sem af er en hann hefur leikið í miðri vörninni ásamt Ólafi Erni Bjarnasyni og hlotið mikið lof fyrir. Síðasta tímabil lék hann í bakverðinum en segist finna sig betur í miðverðinum. „Menn eru í góðu formi hérna og í undirbúninginn fyrir fyrsta leik eftir frí. Við erum efstir núna en mótið er ekki einu sinni hálfnað þannig að við megum ekki byrja að fagna strax,“ sagði Kristján en íslenska miðvarðaparið hefur vakið mikla athygli fyrir samvinnu sína það sem af er tímabili. Brann hefur fjögurra stiga forystu á Lilleström í norsku deildinni þegar ellefu umferðum af 26 er lokið.

## > Helgi til Boncourt

Helgi Már Magnússon hefur samið til eins árs við liðið Boncourt í Sviss. Helgi er uppalinn hjá KR og hefur leikið fjölmarga landsleiki fyrir yngri landsliðin en hann er nú 24 ára og er í A-landsliðinu. Hann kemur til Sviss frá Catawba-háskólanum í Bandaríkjunum en Boncourt er eitt af stóru liðunum í Sviss og voru þeir síðast meistarar í landinu 2005.

„Stefnan er að komast lengra en þetta, þó svo að þetta sé fínn staður til að byrja á. Þetta lið er líka í Evrópukeppninni svo mér líst vel á þetta,“ sagði Helgi á heimasíðu KR en hann ráðfærði sig við Keith Vassell, fyrrum KR-ing, áður en ákvörðun var tekin. Vassell hefur leikið í svissnesku deildinni síðustu tvö ár.

Íslandshjólreiðarnar:

## Hefjast með látum í dag

**HJÓLREIÐAR** Hinar árlegu Íslandshjólreiðar hefjast í dag en keppnin er fyrirmynd stærstu hjólreiðakeppni heims, Frakklandshjólreiðanna sem almennt er talin erfiðasta keppni sinnar tegundar. Íslandshjólreiðarnar eru stærsti viðburður í götuhjólreiðum á Íslandi ár hvert og ein af fáum keppnum sem teygja sig yfir nokkra daga.

Keppnin hefst í dag með sprettkeppni sem er tæplega eins og hálfs kílómetra keppni þar sem hjólað er frá Nauthólsvík og endað við Perluna. Á fimmtudag er keppt við Þingvallavatn, 82 kílómetra langa leið, og á föstudaginn er keppt við Nesjavelli þar sem hjólaðir verða 53 kílómetrar, þar á meðal hin alræmda Nesjavallarbrekku.

Á laugardag verður lengsta dagleið Íslandshjólreiðanna, en þá verða hjólaðir 102 kílómetrar í kringum Búrfellsvirkjun. Á sunnudaginn lýkur svo keppninni með 18 kílómetra langri tímakeppni en alls leggja keppendur 256 kílómetra að baki. - hþh











# Þróttur borgar Grindavík fimm milljónir fyrir Kekic

**Sinisa Valdimar Kekic skrifaði í gær undir tveggja ára samning við 1. deildarlið Þróttar. Grindvíkingar fengu uppsett verð fyrir Kekic, fimm milljónir króna, en leikmaðurinn ákvað að yfirgefa félagið eftir ósætti við Sigurð Jónsson.**

**FÓTBOLTI** „Ég er mjög ánægður með að þetta hafi klárast svona snögglega. Þróttarar komu heim til mín til að tala við mig í gærkvöldi [á mánudagskvöldið] og við héldum svo áfram morguninn eftir. Þetta tók mjög fljótt af og ég skrifaði undir samninginn seinnipartinn. Þróttur og Grindavík voru svo ekki lengi að komast að samkomulagi,“ sagði Kekic við Fréttablaðið í gær en hann mun væntanlega spila sinn fyrsta leik fyrir sitt nýja félag í grannaslag gegn Fram á föstudaginn. Kekic mun einnig þjálfa hjá Þrótti en hann hefur einnig ákveðið að flytja í bæinn frá Grindavík.

Kekic kom til Íslands árið 1996 og hefur alla tíð leikið með Grindvíkingum. Kekic, sem fékk íslenskan ríkisborgararétt árið 2004, lék 158 leiki með Grindavík og skoraði fjórtán mörk en hann hefur ekki spilað með liðinu síðan 5. júní. Ástæða brotthvarfs Kekic frá Grindavík er ósætti við Sigurð Jónsson þjálfara en þeir gátu ekki starfað saman.

Grindavík setti fimm milljóna króna verðmiða á Kekic en nokkur lið settu sig strax í samband við forráðamenn Grindavíkur. FH og KR voru meðal þeirra liða en hvorugt liðið var tilbúið til að borga uppsett verð. Þróttur kom fljótlega til sögunnar og bauð fyrst um sinn þrjár milljónir króna í Kekic. Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, staðfesti við Fréttablaðið í gær að félagið hefði ekki vikið frá kröfum sínum um upphaflegt kaupverð og að þeir hefðu fengið fimm milljónir fyrir Kekic.

„Ég fer mjög stoltur frá Grindavík. Ég held að ég hafi staðið mig mjög vel á þessum tíu árum, ég gaf Grindavík mjög mikið og þeir gáfu mér líka mikið til baka. Svo kom upp þetta vandamál og ég vildi strax fara. Við reyndum að laga vandamálið en það tókst ekki og því er þetta niðurstaðan. Ég mun aldrei gleyma því hversu frábær tími minn í Grindavík var,“ sagði Kekic.



**Á LEIÐ Í LAUGARDALINN** Sinisa Valdimar Kekic hefur lokið keppni í Grindavík og er genginn í raðir 1. deildarliðs Þróttar. Hann fær víst ekki að leika með liðinu gegn Grindavík í bikarkeppninni. SAMSETT MYND/OLGA

„Núna loka ég á þessar deilur og við leggjum þær að baki. Aðeins ég, nokkrir leikmenn og forráðamenn Grindavíkur, vitum um hvað vandamálið snýst en nú er málinu lokið. Ég vil koma á framfæri þökkum til allra í Grindavík og óska þeim alls hins besta í sumar,“ sagði Kekic sem líst mjög vel á sitt nýja félag.

„Atli Eðvaldsson er góður þjálfari og Þróttur er með marga góða leikmenn. Vonandi næ ég að hjálpa liðinu að komast upp um deild,“ sagði Sinisa Valdimar Kekic.

hjalti@frettabladid.is

Arnar Grétarsson er á leið heim og ætlar að öllum líkindum í Breiðablik:

# Með Blikum á lokasprettinum

**FÓTBOLTI** „Við fjölskyldan erum bara að ganga frá öllu, erum að pakka niður og á leiðinni heim,“ sagði Arnar Grétarsson en hann er farinn að undirbúa sig undir að leika með Breiðablik á lokasprettinum í Landsbankadeildarinnar. „Ég kem heim heim á sunnudaginn og mun skömmu eftir það hafa samband við Breiðablik og við munum setjast niður og ræða málin. Það þarf eitthvað stórt að gerast ef ég á ekki að spila með liðinu út tímabilið.“

Samningur Arnars við belgíska félagið Lokeren rennur út þann 1. júlí en hann getur þó ekki fengið leikheimild með Blikum fyrr en þann fimmtánda þar sem ekki er opnað fyrir félagaskipti milli landa fyrr en þá. Það bendir því allt til þess að fyrsti leikur hans fyrir félagið verði gegn ÍBV í Vestmannaeyjum þann 18. júlí. Hann er 34 ára og hefur síðustu fimm ár verið í herbúðum Lokeren. Hann er uppalinn hjá Breiðablik og á 71 A-landsleik að baki.



**Á HEIMLEIÐ** Arnar Grétarsson er hér í leik með Lokeren í Evrópukeppninni í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

„Ég talaði við umboðsmann minn í sambandi við þau lið sem sýndu einhvern áhuga á mér. Málin eru eiginlega öll í biðstöðu hjá þeim fram yfir HM. Þau eru með marga leikmenn í sigtinu og það er ljóst að það þarf eitthvað virkilega spennandi að koma upp ef ég á að fara aftur út. Öll fjölskyldan er að flytja heim og við gerum fastlega ráð fyrir að vera þar,“ sagði Arnar.

Hann leikur sem miðjumaður og ætti að geta leikið með Breiðabliki í sjö síðustu umferðum Íslandsmótsins. Ekki veitir liðinu af liðsstyrk en það er í áttunda sæti deildarinnar. Það hefur verið að spila ágætlega það sem af er mótinu en tapað niður góðri stöðu í leikjum sínum fyrir klaufaskap. - egm



**RISSER** Er hér í baráttunni í leik gegn Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hræringar í Landsbankadeild:

## Risser hættur hjá Breiðablik

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Oliver Risser er hættur að leika með liði Breiðabliks í Landsbankadeildinni en hann náði samkomulagi við stjórn knattspyrnudeildar félagsins að samningi sínum yrði rift. Risser er 25 ára namibískur landsliðsmaður og spilaði hann sex af sjö leikjum Blikaliðsins í Landsbankadeildinni til þessa. Hann kom til Breiðabliks frá varaliði Borussia Dortmund fyrir tímabilið.

Risser er annar erlendi leikmaðurinn sem yfirgefur lið í Landsbankadeildinni á skömmum tíma en um helgina var tilkynnt að Buddy Farah væri hættur að leika með Keflavík. Farah er frá Ástralíu en með ríkisfang í Líbanon og átti ekki fast sæti í liði Keflavíkur. Þá er Issa Abdulkadir einnig á förum frá Keflavík að öllum líkindum. - egm



**ÍRIS BJÖRK** Getur ekki beðið eftir því að fara til Silkeborg. FRÉTTABLAÐIÐ

Íris Ásta Pétursdóttir:

## Skrifar undir hjá Silkeborg

**HANDBOLTI** Handknattleikskonan Íris Ásta Pétursdóttir hefur skrifað undir eins árs samning við danska félagið Silkeborg. Íris stundar nám í Árósum í Danmörku og æfði meðal annars með liðinu þar en þjálfari FC Århus mælti með Írisi við Silkeborg.

„Ég er mjög ánægð með þetta. Það er mikill metnaður í liðinu og það var nálægt því að komast upp í efstu deild í ár en rétt missti af sætinu. Liðið ætlar sér rakleiðis upp,“ sagði Íris við Fréttablaðið í gær en hún mun keyra á milli Árósa og Silkeborgar til æfinga.

„Þetta er mjög mikil áskorun fyrir mig en ég hlakka mikið til að byrja að spila með liðinu,“ bætti Íris við. - hþh

# sóltilboð

**Frábær sumarauki**
**Verðmæti 265.000 kr.**
**-þér að kostnaðarlausu**

Aðeins **31** sportjeppar eru til á þessu sérstaka sóltilboði

Sóltilboð með aukahluta-pakka 2.990.000 kr.*

Nýtt tákn um gæði



Ford Escape 4x4 GPS Active
2,3i, 5 dyra, sjálfskiptur, 153 hestöfl.

# Rataðu á Escape
## og þú nýtur þess að vera til



## Ford Escape 4x4 GPSActive

Sóltilboð með aukahlutapakka*

**2.990.000 kr.**

Rekstrarleiga 54.169 kr. Bílasamningur 36.768 kr.

## Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.

**Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:**

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

*Og sportjeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

## Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kauptu Ford Escape GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Islantilla golfvellinum á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensínstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?




**Engin bið**
Ford Escape GPS Active er til afhendingar strax
**Tilboðið gildir til 30. júní**

**Aukalega 265 þús. - þér að kostnaðarlausu.**
**Komdu í dag. Vertu á Ford Escape 4x4 GPS Active.**

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 30. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**



## *Í bíltúr í Ford GT?*

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

*Komdu og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.*

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er söllúga.



**SIGUR PARAGVÆ** Leikmenn Trínidad og Tóbagó fóru heim með skottið á milli lappanna, líkt og Paragvæ, eftir leik þeirra á HM í gær. Fyrsta mark leiksins skoraði varnarmaðurinn Brent Sancho í sitt eigið net en markið var einkar klaufalegt. Leikurinn var ekki ýkja mikið fyrir augað en það var Nelson Cuevas sem skoraði annað mark Paragvæ í 2-0 sigri. NORDICPHOTOS/AFP

Íslandsmeistarar Fram:

## Fá bosníska skyttu

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Fram mæta gríðarsterkir til leiks á næstu leiktíð og ljóst að þar á bæ sætta menn sig ekki við neitt annað en titilinn aftur á næsta ári. Í gær tilkynnti félagið að það hefði samið til tveggja ára við 28 ára gamla bosníska skyttu.

Sá heitir Samir Avdibegovic en hann lék á síðustu leiktíð með ROC handball í frönsku 2. deildinni. Samier er 189 sentimetrar á hæð og 88 kg. Hann ku vera mjög skotfastur. Í fréttatilkynningu kemur frá félaginu kemur fram að Avdibegovic hafi mætt á æfingu hjá félaginu í mars og lýst yfir áhuga á að ganga í raðir Íslandsmeistaranna. Leikmaðurinn stóð sig það vel að honum var í kjölfarið boðinn samningur sem hann hefur nú skrifað undir. - hbg

# Englendingar sleppa við Þjóðverja

**England mætir Ekvador í sextán liða úrslitum HM en Svíþjóð þarf að mæta Þjóðverjum í München. Það varð ljóst þegar England og Svíþjóð skildu jöfn í Köln, 2-2, í bráðskemmtilegum leik.**

**FÓTBOLTI** Englendingar voru slegnir út af laginu strax í byrjun við að missa Michael Owen af velli á 3. mínútu og það tók þá nokkra stund að átta sig á aðstæðum, en í stað Owens kom Peter Crouch inn á. Svíarnir voru sprækari framan af en eftir því sem líða fór á hálfleikinn náðu Englendingar undirtökunum og það var ekki síst snilli Joes Cole að þakka en hann gerði varnarmönnum Svía lífið leitt. Cole var frábær á vinstri kantinum og það var vel við hæfi að hann skyldi koma Englendingum yfir á 34. mínútu með stórkostlegu marki sem sigldi í bláhornið.

Ensku áhorfendurnir, sem voru í miklum meirihluta í stúkunni og höfðu kæft Svíana í stúkunni frá upphitun, ærðust af fögnuði. Frank Lampard var einnig ógnandi í sóknarleik enska liðsins en hann átti mörg góð skot að marki og var verulega svekktur þegar hann sá að boltinn fór ekki inn. Enn svekktari varð Lampard síðan þegar hann leit á risaskjáinn á vellinum og horfði á skot sitt í endursýningu. Hann svekkti sig sem sagt tvisvar yfir hverju skoti.

Svíarnir komu gríðarlega beittir til síðari hálfleiks og eftir aðeins fimm mínútur af hálfleiknum voru þeir búnir að jafna. Marcus Allback, fyrrum leikmaður Aston Villa, skallaði þá boltann glæsilega í fjærhornið eftir hornspyrnu. Englendingar voru heppnir að lenda ekki undir fjórum mínútum síðar er Henrik Larsson skallaði að marki. Paul Robinson gerði vel í að slá boltann í þverslána. Aðeins fjórum mínútum síðar skall aftur hurð nærri hælum að marki Englands þegar skalli Olofs Mellberg fór einnig í þverslá enska marksins.

Hornspyrnur Svía voru mjög hættulegar og varnarmenn Englendinga voru í mesta basli með föst leikatriði Svíanna og síðar björguðu Englendingar á línu eftir hornspyrnu. Eins góðir og Englendingar voru í fyrri hálfleik þá voru þeir jafn lélegir í þeim síðari.

Um miðjan hálfleikinn fór Wayne Rooney af velli og í hans stað kom Steven Gerrard. Rooney var hundfúll með að vera tekinn af velli og spurning hvort hegðun hans í kjölfarið komi honum í koll. Breskir blaðamenn voru undrandi á þessari skiptingu þar sem þarna gafst fullkomið tækifæri til að gefa hinum unga Theo Wallcott tækifæri. Fyrst hann fékk það ekki núna töldu bresku blaðamennirnir ólíklegt að hann tæki þátt á mótinu. Eriksson hreinlega virðist ekki treysta honum.

Þetta reyndist aftur á móti betra skipting því það var Gerrard sem kom Englendingum yfir á 85. mínútu með þeirra fyrsta og eina marktækifæri í síðari hálfleik og óhætt að segja að forysta Englendinga hafi verið óverðskulduð. Markið var engu að síður laglegt en Gerrard skallaði boltann í markið eftir góða sendingu frá Joe Cole.

Réttlætinu var síðan fullnægt á lokamínútu leiksins þegar Henrik Larsson kom boltanum yfir línuna eftir ótrúlegan klaufaskap í vörn Englands og þá sérstaklega hjá Sol Campbell.

Jafntefli var því niðurstaðan og það verða Englendingar sem mæta Ekvadorum í sextán liða úrslitum en Svíar fá það erfiða verkefni að mæta Þjóðverjum í München.

„Ég er mjög sáttur. Við fengum stigið og sleppum við Þjóðverja og við stefndum að því,“ sagði Svíinn Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, eftir leikinn. Hann gerði lítið úr uppákomunni með Rooney og sagðist hafa verið ánægður með hans framlag í leiknum. Það var margt annað sem hann var aftur á móti ósáttur við.

„Við erum að verjast mjög illa í föstum leikatriðum og það er eitthvað sem við verðum að laga ef við ætlum okkur langt í mótinu.“



ENGLAND - SVÍÞJÓÐ

**VIGNIR GUÐJÓNSSON**
*skrifar frá Köln.*
vignir@frettabladid.is



**STÓÐ SIG ÁGÆTLEGA** Wayne Rooney var í byrjunarliði Englands og átti ágæta spretti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**RÉTTLÆTINU FULLNÆGT** Henrik Larsson fagnaði hreint ógurlega þegar hann jafnaði leikinn á lokamínútunni. Svíar áttu skilið að minnsta kosti stigið og því var réttlætinu svo sannarlega fullnægt með þessu marki. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP





8. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KARLA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| mið. | 21. júní | kl. | 19:15 | Valur - Keflavík |
| fim. | 22. júní | kl. | 19:15 | Breiðablik - Fylkir |
| fim. | 22. júní | kl. | 19:15 | Víkingur - FH |
| fim. | 22. júní | kl. | 19:15 | Grindavík - KR |
| fim. | 22. júní | kl. | 19:15 | ÍBV - ÍA |

6. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KVENNA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| mið. | 21. júní | kl. | 19:15 | Þór/KA - KR |
| mið. | 21. júní | kl. | 19:15 | Fylkir - Breiðablik |
| mið. | 21. júní | kl. | 19:15 | Stjarnan - FH |
| fim. | 22. júní | kl. | 19:15 | Valur - Keflavík |

Tryggðu þér miða á betra verði á landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn
410 4000 | landsbanki.is




**MARKASKORARI** Miroslav Klose heldur áfram að raða inn mörkum en hér skorar hann annað af mörkum sínum gegn Ekvador í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Þýskaland vann Ekvador og endaði á toppi A-riðils:

## Þjóðverjar á toppnum

**FÓTBOLTI** Það var ljóst fyrir lokaumferð A-riðils heimsmeistarakeppninnar að Þýskaland og Ekvador voru komin í sextán liða úrslit keppninnar. Viðureign þeirra í gær var því úrslitaleikur um hvor þjóðin næði efsta sæti riðilsins. Ekvador nægði jafntefli en gestgjafarnir voru hins vegar í hörkustuði og unnu öruggan 3-0 sigur í Berlín. Miroslav Klose skoraði tvö mörk fyrir hálfleik og er orðinn markahæstur á mótinu með fjögur mörk. Lukas Podolski innsiglaði síðan sigur Þýskalands í seinni hálfleik.

„Við höfum ákveðið forskot þar sem við erum á heimavelli. Áhorfendur standa við bakið á okkur og það blæs enn meiri eldmóði í leikmenn. Leikurinn róaðist mikið eftir að við skoruðum þriðja markið og ég er ánægður með hvað við spiluðum lokakaflann af miklu öryggi, menn vildu ekki keyra sig út enda er ekki langt í næsta leik,“ sagði Jurgen Klinsmann, þjálfari Þýskalands.

Þýska liðið sýndi góð tilþrif í gær og þau átta mörk sem það skoraði í riðlakeppninni sýna að liðið getur ýmislegt meira en að verjast. Klose heldur áfram að skora á stórmótunum og þá var einnig gaman að fylgjast með fyrirliðanum Michael Ballack í gær sem átti stórgóðan leik og var valinn besti maður vallarins af FIFA.

Klose hefur alls skorað níu mörk á HM en hann skoraði fimm mörk þegar Þýskaland komst alla leið í úrslitaleikinn fyrir fjórum árum en beið þar lægri hlut fyrir Brasilíu. Vörn Ekvador hafði náð að halda hreinu í fyrstu tveimur leikjum sínum á mótinu en Klose náði að brjóta hana á bak aftur. Fyrst með marki eftir að vörninni mistókst að hreinsa boltann í burtu eftir horn og svo eftir frábæran undirbúning Ballacks. - egm



**MAÐUR LEIKSINS** Bartosz Bosacki skoraði bæði mörk Pólverja. NORDICPHOTOS/AFP

Pólland vann Kosta Ríka:

# Bosacki sá um Kosta Ríka

**FÓTBOLTI** Pólverjar náðu sér loksins í stig þegar þeir unnu Kosta Ríka 2-1 í A-riðlinum í gær. Það var þó ljóst fyrir leikinn að hvorugt liðið átti möguleika á að komast áfram í keppninni og því spilað upp á heiðurinn. Ekkert var þó gefið eftir og alls fóru tíu gul spjöld á loft. Ronald Gomez kom Kosta Ríka yfir í fyrri hálfleik en varnarmaðurinn Bartosz Bosacki skoraði tvö mörk og tryggði Póllandi sigurinn.

„Við höfum verið gagnrýndir fyrir að nýta okkur ekki föst leikatriði og við náðum að svara því í dag með því að skora bæði mörkin eftir hornspyrnur,“ sagði Pawel Janas, þjálfari Póllands, sem var ánægður með að kveðja Þýskaland með sigri. Kosta Ríka endaði hinsvegar stigalaust á botni riðilsins.

**- egm**

## HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*A-riðill:*

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND-EKVADOR | 3-0 |

1-0 Miroslav Klose (4.), 2-0 Miroslav Klose (44.), 3-0 Lukas Podolski (57.).

| | |
|---|---|
| KOSTA RÍKA-PÓLLAND | 1-2 |

1-0 Ronald Gomez (24.), 1-1 Bartosz Bosacki (33.), 1-2 Bartosz Bosacki (66.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÞÝSKALAND** | 3 | 3 | 0 | 0 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| **EKVADOR** | 3 | 2 | 0 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| **PÓLLAND** | 3 | 1 | 0 | 2 | 2 | 4 | -2 | 3 |
| **KOSTA RÍKA** | 3 | 0 | 0 | 3 | 3 | 9 | -6 | 0 |

*B-riðill:*

| | |
|---|---|
| SVÍÞJÓÐ-ENGLAND | 2-2 |

0-1 Joe Cole (34.), 1-1 Marcus Allback (51.), 1-2 Steven Gerrard (85.), 2-2 Henrik Larsson (90.).

| | |
|---|---|
| TRÍNIDAD-PARAGVÆ | 0-2 |

0-1 Brent Sancho (25.), 0-2 Nelson Cuevas (85.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ENGLAND** | 3 | 2 | 1 | 0 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| **SVÍÞJÓÐ** | 3 | 1 | 2 | 0 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| **PARAGVÆ** | 3 | 1 | 0 | 2 | 2 | 2 | 0 | 3 |
| **T & T** | 3 | 0 | 1 | 2 | 0 | 4 | -4 | 1 |

**LEIKIR MORGUNDAGSINS:**

*C-riðill:*

| | |
|---|---|
| HOLLAND-ARGENTÍNA | 19.00 |
| FÍLABEINSSTRÖNDIN-SERBÍA | 19.00 |

**STAÐAN**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ARGENTÍNA** | 2 | 2 | 0 | 0 | 8 | 1 | 7 | 6 |
| **HOLLAND** | 2 | 2 | 0 | 0 | 3 | 1 | 2 | 6 |
| **FÍLABEINSSTR.** | 2 | 0 | 0 | 2 | 2 | 4 | -2 | 0 |
| **SERBÍA** | 2 | 0 | 0 | 2 | 0 | 7 | -7 | 0 |

*D-riðill:*

| | |
|---|---|
| ÍRAN-ANGÓLA | 14.00 |
| PORTÚGAL-MEXÍKÓ | 14.00 |

**STAÐAN**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **PORTÚGAL** | 2 | 2 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 | 6 |
| **MEXIKÓ** | 2 | 1 | 1 | 0 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| **ANGÓLA** | 2 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | -1 | 1 |
| **ÍRAN** | 2 | 0 | 0 | 2 | 1 | 5 | -4 | 0 |


Mega

Garðsláttuvélar

3,5 hö - 6 hö



Verð frá 19.900,-

ÞÓR HF

REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500

Lónsbakka - sími 461-1070




VIGNIR GUÐJÓNSSON BLOGGAR FRÁ HM 2006 Í ÞÝSKALANDI

# Örvæntingafulli rafvirkinn fékk miðana sína

Þegar gengið er í gegnum mannþvöguna hér í Köln verður ekki komist hjá því að heyra óánægjuraddir með skipulag miðasölunnar á HM. Þessar raddir eiga fullan rétt á sér því miðaúthlutunin er algjört djók.

Af þeim 3,5 milljónum sæta sem í boði eru á öllum 64 leikjunum HM fara um 520 þúsund til fjölmiðla og annarra handhafa sjónvarpsréttar á keppninni. Styrktaraðilar keppninnar fá um 490 þúsund miða, þýska knattspyrnusambandið fær 276 þúsund miða og FIFA 196 þúsund.

Tæplega 350 þúsund miðar fara til flokks sem kallast „VIP-pakkar“ og tæplega 600 þúsund sæti fara til annars stofnanapakks innan FIFA-klíkunnar. Eftir standa aðeins 1,1 milljón miða fyrir sauðsvartan almúginn, minna en þriðjungur af heildarmiðaframboðinu. Semsagt, algjört djók. Þá miða var hægt að sækja um á netinu fyrir mörgum mánuðum og það gerðu tugir milljóna. Eins og gefur að skilja hreppti aðeins lítill hluti þeirra sem sóttu um miða.

Ég rakst á James Donovan, 46 ára gamlan rafvirkja frá Manchester, í mannþvögunni í miðbæ Kölnar í fyrradag. Hann var reiðubúinn að greiða 1500 evrur, rúmlega 140 þúsund íslenskra króna, fyrir tvo miða á leikinn í gær. Þegar ég spurði hann hvernig í ósköpunum hann væri til í að borga slíka upphæð fyrir tvo miða sagði hann ákveðinn á móti: „Þetta er eina leiðin!“ Í kjölfarið ákvað ég að spyrja tíu manns í enskum landsliðsbúningi í miðbænum hvort þeir ættu miða á völlinn.

Átta höfðu ekki miða og sex höfðu ekki einu sinni öruggan svefnstað í borginni. Þeir höfðu hins vegar ekkert á móti því að sofa úti á götu ef þörf krefði. Það sem skipti máli er að þeir næðu að horfa á leik Englendinga og Svía, hvort sem er á vellinum sjálfum eða í einum af þremur risaskjáum sem eru í borginni. Það er ekki annað hægt en að dást að svona hugarfari.

Um kvöldið hitti ég James síðan aftur og þá var kallinn skælbrosandi. Ég sá strax á honum að hann hafði fengið miðana. „Fyrir 1400 evrur!“ sagði hann, stoltur af því að hafa prúttað svona líka laglega. Miðana fékk hann frá Japana á miðjum aldri sem hafði verið einn af þeirri sem sóttu um á netinu. Hann var einn af þeim heppnu, fékk miðana á 100 evrur og seldi þá á 15




sinnum dýrara verði. En hei, hann gat kannski sleppt því að vinna handtak næsta mánuðinn en hann fékk ekki að upplifa frábæran HM-leik í gærkvöldi. Það fékk James hins vegar og mun hann lifa með þeirri upplifun það sem eftir er.




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„We've never lost an American in space, we're sure as hell not going to lose one on my watch! Failure is not an option.!"**

Svar: Gene Kranz úr kvikmyndinni Apollo 13 árið 1995.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HORFIR Á HM Í SPÆNSKU SJÓNVARPI

# *Að skilja og ekki skilja... fótbolta*

Lífið er fótbolti á Spáni eins og annars staðar þessa dagana. Sjálfsagt er lífið alltaf fótbolti á Spáni ef út í það er farið en nú snýst sem sagt allt um HM. Sjónvarpsstöðvarnar hér taka keppnina vitaskuld mjög hátíðlega enda eru Spánverjar þess fullvissir að þeir geti landað heimsmeistaratitlinum í ár.

Sjálfur hef ég ekki hundsvit á þessu sparki en áreitið af þessu er svo yfirþyrmandi að ég hef ekki komist hjá því að fylgjast með. Viðbúnaðurinn er eðlilega meiri hér en heima á Íslandi þar sem Íslendingar eru ljósárum frá því að vera með í keppni þar sem þeir bestu keppa við þá bestu. Samt fæ ég ekki betur séð en Sýn gefi spænsku sjónvarpi ekki mikið eftir hvað umfang og efnistök varðar. Það kemur vitaskuld ekkert á óvart enda eru Íslendingar öfgafólk þegar það kemur að tuðrusparki sem sást best á því þegar Íslenska landsliðið náði 1:1 jafntefli við grúttimbrað B-lið Frakka í Laugardalnum og það var slegið upp þjóðhátíð. Ég hélt alltaf að fótbolti snerist um að vinna en ekki halda jöfnu.



**ÁFRAM SPÁNN** Það snýst allt um HM í fótbolta á Spáni þessa dagana og Þórarinn Þórarinsson hrífst með. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

HM leikirnir snúast greinilega um það að vinna og þó ég skilji varla orð hjá óðamála íþróttafréttamönnunum á Spáni (skil þá íslensku ekkert betur ef út í það er farið) get ég hrifist með og haft ánægju af knattspyrnunni. Tungumál fótboltans er greinilega alþjóðlegt og tilfinningarnar sem blossa upp innan og utan vallar eru sammannlegar þar sem við þekkjum öll gleðina sem fylgir því að sigra, hafa betur og leggja andstæðing og enn betur þekkir maður gremjuna og vonbrigðin sem fylgja því að tapa, verða undir og detta úr leik.

Eitt er algerlega nauðsynlegt til þess að geta haft gaman af þessum ósköpum; maður þarf að halda með einhverjum og til þess að geta tekið virkan þátt í bullinu á pöbbnum mínum ætla ég að svíkja mitt engilsaxneska hjarta og halda með Spáni. Enda



▶ 20.10 *Keppni*

PROJECT RUNWAY



▶ 20.05 *Lífsstíll*

WHAT NOT TO WEAR



▶ 22.20 *Kvikmynd*

THE CLOSER YOU GET



▶ 22.30 *Drama*

THE L WORD



▶ 21.10 *Heimild*

FRONTLINE

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (54:58) **18.28** Sígildar teiknimyndir (37:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (60:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Tískuþrautir (5:11)** (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum.
**21.05 Græna álman (2:9)** (Green Wing)Bresk gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappakstursinn um helgina.
**22.45 Íþróttakvöld**

**23.00** Vesturálman (8:22) **23.45** Kóngur um stund (2:12) **0.15** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Coupling **14.25** Las Vegas **15.10** Amazing Race **16.00** Sabrina – Unglingsnornin **16.25** BeyBlade **16.50** Fífí **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
▶ **20.05 What Not To Wear (1:5)** (Druslur dressaðar upp) Trinny og Susannah eru mættar aftur og halda uppteknum hætti við að leiðbeina kynsystrum sínum í fatavali og hvernig þær eigi ALLS EKKI að vera til fara.
**20.55 Oprah (70:145)** Oprah kemst í þættinum að þeirri ótrúlegu staðreynd að í Bandaríkjunum fyrirfinnist ennþá fullt af fólki sem hafi fordóma gegn blönduðum samböndum.
**21.40 Medium (14:22)** (Miðillinn) Bönnuð börnum.
**22.25 Strong Medicine (13:22)**

**23.10** Stelpurnar **23.35** Grey's Anatomy **0.15** Cold Case (B. börnum) **1.00** Ganga stjörnurnar aftur? **1.45** Liberty Stands Still (Str. b. börnum) **3.20** Blown Away (e) (Str. b. börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.10** Byrjaðu aldrei að reykja

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sushi TV (2:10) (e)** Sushi TV er sprenghlæginlegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu.
**20.00 Friends (2:17)**
**20.30 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.00 Stacked (2:13)** (Two Faces Of Eve) Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélagana hennar í bókabúðinni.
**21.30 Clubhouse (8:11)**
▶ **22.20 The Closer You Get** Stórskemmtileg gamanmynd um nokkra félaga í írskum smábæ.

**23.50** Supernatural (19:22) (e) (Bönnuð börnum) **0.40** Jake in Progress (5:13) **1.05** Friends (2:17) (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Völli Snær (e)

**15.40** Everybody loves Raymond (e) **16.10** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills**
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Beautiful People** Lynn fær tækifæri að ferðast til Chicago til þess að hafa yfirumsjón með tískusýningu.
**21.30 America's Next Top Model V** Leitin að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli á Íslandi, og eru meðal vinsælustu raunveruleikaþátta í heiminum.
▶ **22.30 The L Word** Þessum þáttum hefur verið líkt við þætti á borð við Sex and the City og Desperate Housewives. Fylgst er með hópi lesbía í Los Angeles, ástum þeirra og sorgum, sigrum og ósigrum.

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.55** Beverly Hills (e) **1.40** Melrose Place (e) **2.25** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/ Markaðurinn / Íþróttafréttir / Veðurfréttir/ Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir / veður / kvöldfréttir

**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 Frontline 2006** (Frontline / World 501: Iraq / Brazil)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Scary Movie 3 (Bönnuð börnum) **8.00** Head of State **10.00** James Dean: Outside the Lines **12.00** Flight Of Fancy **14.00** Head of State **16.00** James Dean: Outside the Lines **18.00** Flight Of Fancy **20.00 Scary Movie 3** Óborganlega fyndin hryllingsmynd þar sem margar af vinsælustu stórmyndum síðari ára fá það óþvegið. Bönnuð börnum. ,**22.00 Matchstick Men** Þrælfyndin og dramatísk glæpagamanmynd. Roy og félagi hans eru svikahrappar af verstu gerð en allt breytist þegar unglingsdóttir hans kemur skyndilega fram á sjónarsviðið. Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Sam Rockwell, Alison Lohman. Leikstjóri: Ridley Scott. 2003. Bönnuð börnum. **0.00** Edge of Madness (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Kin (Bönnuð börnum) **4.00** Matchstick Men (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.30** E! News Special **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Uncut **14.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **15.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **16.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Colin Farrell **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Dr. 90210 **23.00** Sexiest **0.00** THS Colin Farrell **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **3.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**What not to Wear** — **Stöð 2 kl. 20.05**

### *Sérfræðingar í fatavali*

Hinar ráðagóðu Trinny og Susannah eru mættar aftur til leiks. Þær halda uppteknum hætti við að leiðbeina kynsystrum sínum í fatavali og hvernig þær eigi ALLS EKKI að vera til fara. Í þessum fyrsta þætti hjálpa Trish og Susannah tveimur nýfráskildum konum að koma sér út á „markaðinn“ á ný.



## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

### *Ólafur Kristjánsson*



**D-riðill.**
**Portúgal - Mexíkó kl. 14 1-1**
Portúgalarnir hafa byrjað vel á mótinu og ljúka riðlakeppninni með þægilegu jafntefli.

**D-riðill.**
**Íran - Angóla kl. 14 Sýn Extra 2-1**
„Lærisveinar“ Össurar Skarphéðinssonar berja í brestina eftir fyrsta leikinn gegn Mexíkó, skerpa einbeitinguna og knýja fram sigur gegn Angóla. Þó háð því að Ali Daei nái að svitna í leiknum ;-)

**C-riðill.**
**Holland - Argentína kl. 19 2-2**
Roooooshhhalegur leikur.Bæði lið byrjuðu með sigrum. Sýndu að þau ætla sér langt og hafa getuna til þess. „flottasti“ evrópuboltinn á móti „massívasta“ S-Ameríkuliðinu. Nammi namm.

**C-riðill.**
**Fílabeinsströndin - Serbía & Svartfjallaland kl. 19 Sýn Extra 2-1**
Frábært lið Fílabeinsstrandarinnar mer 2-1 sigur á Serbum. Finnst eins og Afríkumennirnir séu frískari og kraftmeiri...



**18.50**
*HM 2006*
HOLLAND – ARGENTÍNA

**SÝN**

**7.15** HM 2006 **9.00** HM 2006 **10.45** HM 2006

**12.30** 4 4 2 **13.30** HM stúdíó **13.50** HM 2006 **16.00** HM stúdíó **16.10** HM 2006 **18.00** HM stúdíó

**18.50 HM 2006** (Holland – Argentína) Bein útsending frá leik Hollands og Argentínu í C-riðli á HM 2006. Ein allra stærsti leikurinn í riðlakeppninni en báðar þjóðir ætla sér stóra hluti í keppninni. Þessar þjóðir áttust við í úrslitaleiknum á HM 1978 en þá höfðu Argentínumenn betur 2:1.

**21.00 4 4 2** (4 4 2)HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar.

**22.00 HM 2006** (Fílabeinsströndin – Serbía) Útsending frá leik Fílabeinsstrandarinnar og Serbíu í C-riðli á HM í Þýskalandi. Síðasti leikurinn í dauðariðlinum.

**23.45** HM 2006 **1.30** HM 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Skáldskapur og landafræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Ibsen á Íslandi **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.05** Mozart og fjölskylda **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*... fá strákarnir í hljómsveitinni Loftvarnir fyrir að semja bakgrunnstónlist við þekktar bækur.*

## ÞRÍR SPURÐIR JÓNSMESSAN ER Á LAUGARDAGINN

# Hefurðu velt þér upp úr dögginni á Jónsmessunótt?

**Glúmur Baldvinsson, fréttamaður hjá NFS:** „Ég hef velt mér upp úr mörgu um ævina. Stóru sem smáu. Ekki dögg þó. Velti mér upp úr henni síðar.“



**Guðrún Ásmundsdóttir leikkona:** „Það veit guð almáttugur að ég hef látið mig dreyma um það í fjölda ára en aldrei orðið úr. Oftar en einu sinni var ég langt komin með að hrinda þessu í framkvæmd, ýmist ein eða með öðrum en á síðustu stundu kom eitthvað upp á sem breytti fyrirhuguðum áformum. Hins vegar er ég staðráðin í að ýta því úr vör á næsta ári að velta mér upp úr dögginni á Jónsmessunótt.“



**Hugleikur Dagsson leikskáld:** „Nei, ég hef aldrei velt mér upp úr dögginni og hef það ekki í hyggju. Tilhugsunin ein og sér er heillandi en veruleikinn án efa allur annar.“





**LÁRÉTT**
**2** fuglsnef **6** í röð **8** skordýr **9** andi **11** samanburðartenging **12** sannfæringar **14** köfnunarefni **16** hæð **17** fæða **18** með öðrum orðum **20** tveir eins **21** sundfæri.

**LÓÐRÉTT**
**1** verst **3** ógrynni **4** einangrunarefni **5** gláp **7** verkfæri **10** þreyta **13** óhreinka **15** svall **16** tunnu **19** einnig.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** gogg, **6** íj, **8** fló, **9** sál, **11** en, **12** trúar, **14** nítur, **16** ás, **17** ala, **18** möo, **20** ll, **21** uggi. **LÓÐRÉTT:** **1** síst, **3** of, **4** glerull, **5** gón, **7** járnsög, **10** lúi, **13** ata, **15** rall, **16** ámu, **19** og.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Kvenréttindadagurinn
2 Skotlandi
3 Ron Wood






**AÐ SNÆÐINGI Í BRÖTTUHLÍÐ** Edda býður upp á íslenska kjötsúpu í torfhúsinu í Bröttuhlíð fyrir gesti og gangandi.

## EDDA LYBERTH: REKUR KAFFIHÚS Í BRÖTTUHLÍÐ Á GRÆNLANDI

# Eiríkur rauði og Leifur heppni snúa aftur

Íslendingabyggðin í Bröttuhlíð á Grænlandi vaknar til lífsins í sumar því Edda Lyberth, sem er af íslenskum ættum, hefur opnað kaffihús og stendur fyrir víkingasýningum á þessum fornfræga stað. „Rústirnar í Bröttuhlíð eru eitt það merkilegasta sem maður getur séð á Grænlandi og sagan er auðvitað mögnuð. Það sem ég er að gera er að glæða rústirnar lífi með gjörningi, við klæðumst víkingafötum og segjum sögur í torfhúsinu,“ segir Edda, en torfhúsið var byggt að fornum hætti árið 2000 í tilefni af þúsund ára byggð og kristnitöku á Grænlandi. Edda býður svo gestum sínum upp á ekta íslenskan torfbæjarkost; kjötsúpu, flatkökur og fleira, en í kaffihúsinu er á boðstólum hefðbundið sætabrauð og fiskisúpa.

Í Bröttuhlíð bjó fyrir um þúsund árum Eiríkur rauði ásamt konu sinni Þjóðhildi en þau áttu eins og frægt er orðið soninn Leif heppna. Í dag búa á staðnum um fimmtíu manns sem hafa lífsviðurværi af fjárbúskap. Á sumrin er þó líf og fjör í Bröttuhlíð því fjölmargir ferðamenn heimsækja Grænland og fara þá flestir í Bröttuhlíð. „Hingað koma átján skemmtiferðaskip og fleiri þúsund manns. Það er líka ótrúlegt útsýni hér, ísjakarnir eru tígulegir á firðinum. Svo er áhugi á sögunni að aukast,“ segir Edda.



Edda hefur verið á Grænlandi í tuttugu ár en hún giftist grænlenskum manni, á börn og buru og bjargar sér vel á grænlenskunni. „Ég fór í sumarfrí að heimsækja fjölskyldu mína sem bjó hérna fyrir tuttugu árum og ílengdist, er enn þá í sumarfríi!“ segir hún. Hún rekur einn besta veitingastað landsins í bænum Qaqortog en það tekur fjögurra tíma bátsferð að komast þaðan til Bröttuhlíðar, þar sem hún verður í sumar. „Hér eru engir vegir, maður fer allt á bátum,“ segir Edda hlæjandi að lokum og bætir við að Íslendingar séu hjartanlega velkomnir í Bröttuhlíð.

rosag@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Maður vikunnar á Íslandi í síðustu viku var Eiður Smári Guðjohnsen sem skrifaði undir samning við besta fótboltalið Evrópu, Barcelona. Eiður Smári verður gestur í sjónvarpsþættinum Strákarnir á Stöð 2 í kvöld og sýnir þar að hann lætur ekki velgengni sína á knattspyrnuvellinum stíga sér til höfuðs. Eiður leyfir Sveppa, Audda, Pétri, Atla og Gunnari stjórna sér og gerir sig að hálfgerðu fífli eins og hann hefur reyndar gert áður.



Einn Strákanna, Auðunn Blöndal, heldur áfram að gera það gott í sýningunni Typpatal. Sýningin hefur lagst vel í höfuðborgarbúa undanfarna mánuði og nú hyggst Auddi leyfa íbúum landsbyggðarinnar að njóta snilli sinnar. Typpatal verður sýnt á Bifröst annað kvöld og kvöldið eftir verður Auddi á ferð í Frumleikhúsinu í Keflavík. Aðrir staðir sem Auddi heimsækir eru Vestmannaeyjar, Seyðisfjörður, Vopnafjörður, Akureyri, Ísafjörður, Hornafjörður, Sauðárkrókur og Selfoss.



Hljómsveitin Trabant hefur sent frá sér nýtt lag í spilun hjá útvarpsstöðvum landsins. Um er að ræða lagið The One af plötunni Emotional en þessi útgáfa er endurgerð af The Filthy Dukes og verður lagið gefið út á smáskífu í byrjun ágúst í Bretlandi. Skömmu síðar verður Emotional gefin út í Bretlandi en hún fékk nýlega fína gagnrýni í Q eins og Fréttablaðið hefur sagt frá. Platan Emotional hefur verið afar vinsæl hérlendis og er þriðja upplag hennar væntanlegt í plötubúðir. - hdm





**Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur**

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Samningslausir vestanhafs

Hljómsveitin Sigur Rós stendur á nokkrum tímamótum um þessar mundir því þeir eru án plötusamnings í Bandaríkjunum. Meðlimir Sigur Rósar gerðu samning við plötufyrirtækið MCA um útgáfu á þremur breiðskífum í Bandaríkjunum þegar þeir fóru fyrst að reyna fyrir sér erlendis. Útgáfurisinn Geffen keypti svo MCA og þá fylgdi samningurinn við Sigur Rós með í kaupunum. Sigur Rós hefur gefið þrjár breiðskífur út í Bandaríkjunum og hafa þar með uppfyllt samninginn.

„Við erum eiginlega bara fegnir því að vera lausir því þetta var ekki fyrirtækið sem við gerðum samning við,“ segir Orri Páll Dýrason, trommuleikari Sigur Rósar. „Það er svo alveg óvíst hvað við gerum. Okkur liggur allavega ekkert á að gera samning við annað fyrirtæki. Kannski við gefum bara út sjálfir næst,“ segir hann. Líklegt má telja að bandarísk plötufyrirtæki eigi þó eftir að sýna Sigur Rós mikinn áhuga, enda hefur um helmingur af plötusölu sveitarinnar verið þar í landi.



**SIGUR RÓS** Hafa uppfyllt útgáfusamning sinn við Geffen í Bandaríkjunum og eru því í góðri aðstöðu til að gera nýjan samning þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Af Sigur Rós er það annars að frétta að sveitin hefur yfirreið sína um tónlistarhátíðir Evrópu nú í lok vikunnar. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leikur hljómsveitin svo á fjölda tónleika á Íslandi í júlí og ágúst. Hápunktur þeirrar yfirreiðar verða útitónleikar á Miklatúni síðustu helgina í júlí. Þeir eru opnir öllum og ókeypis verður á þá. Kvikmyndatökulið mun fylgja liðsmönnum Sigur Rósar eftir á ferð þeirra hérlendis og hyggjast þeir gefa út tónleikamynd í kjölfarið. - hdm

# Íslendingar kunna ekki að meta eftirlíkingar!




hér&nú SÉÐ OG HEYRT




VARIST EFTIR-LÍKINGAR

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup sem framkvæmd var í maí er **lestur á Séð & Heyrt helmingi meiri** en á eftirlíkingunni Hér og Nú. Íslendingar kunna nefnilega ekki að meta eftirlíkingar. Hvaða blað ert þú að lesa?

FRÓÐI
TÍMARITAÚTGÁFA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

**SÉRBLAÐ**
**TIGER ÍSLAND**
**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




BAKÞANKAR
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Áhugavert viðtal*

Ég hef undanfarið stundað námskeið í að ná sambandi við dulin öfl í kringum okkur. Ég byrjaði þjálfunina á rifsberjarunna í garðinum hjá mér. Hann hafði ekki frá mörgu að segja, heldur ekki rabbabarinn, sem reyndist þó mér til furðu hafa yndi af söng. Og söng ég fyrir hann þegar líða tók á nótt og ég var viss um að nágrannarnir væru ekkert að hnýsast í hegðun mína. En hápunktur alls var þegar ég tók mér ferð austur að Egilsstöðum til að reyna að hafa samband við Lagarfljótsorminn. Og það tókst!

**ÉG** ætlaði ekki að trúa mínum eigin skilningarvitum þegar hás rödd kom inn í vitundina og spurði: Hvað ertu að gera þarna á árbakkanum með allt þetta drasl í kringum þig? „Ég, þetta eru ilmkerti,“ stundi ég. „Er það lagarfljótsormurinn sem ég tala við?“ „Sért þú að viðra þig upp við einhvern orm, getur þú hjalað við ánamaðkana sem þú situr á,“ var svarið. „Hver ertu þá?“ hrópaði ég. „Ég er skrímsli,“ sagði röddin. „Lagarfljóts-skrímslið og hvaða erindi áttu við mig kona góð?“ „Mig langaði að spyrja þig hvað þér finnist um þær framkvæmdir hér á Austurlandi sem stefna að því að beina heilli jökulá inn í tært Lagarfljót?“ „Mér finnst það fínt,“ sagði röddin, ég hef alltaf kunnað vel við mig í drullu.“ „En hvað um ströndina við Atlavík, hún hverfur. Vatnsborðið á eftir að hækka um að minnstakosti hálfan metra, ég elska þessa strönd, hér kyssti ég minn fyrsta koss.“ „Mér leiðist þetta sleikirí á fólkinu í Atlavík strax og daginn fer að lengja, sagði skrímslið.“

**„EN** mýrlendið sem fer undir vatn!“ „No regrets, þessar hofsóleyjar og fífubreiður hafa bara verið til leiðinda. „En á hverju ætlar þú að lifa, ef þeir sprengja burtu höft við Lagarfoss til að auka streymið og fiskurinn nýtur ekki tærleika vatnsins til að rata upp árnar?“ „Ég lifi ekki á fiski, ég lifi á pöddum,“ sagði röddin „og meiri straum takk, þá færist fjör í Lagarfljót, leiðigjörn er hún þessi lognblíða sem hvetur fólk til að fletja konur hér á árbakkanum.“ „Fletja konur? – Jaaá, þú átt við fleyta kerlingar? Sambandið slitnaði, Ég lærði á þessu að maður á ekki að leiðrétta málfarsvillur hjá skrímslum.“


**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt **handklæði** í kaupbæti.

**Farðu í fríið með fjármálin á þurru:**

- **Kreditkort**
  - þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.
- **Netbankinn**
  - yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum.
- **Reglulegur sparnaður**
  - leggðu drög að næsta fríi.
- **Greiðsluþjónusta**
  - láttu okkur sjá um að borga reikningana.

**Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útibúum Glitnis, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á www.glitnir.is**




GLITNIR